



Heimilishjálpir í Óman

„Börnin mín eru lífið“

Inga Gerða Pétursdóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í hnattrænum tengslum

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Heimilishjálpir í Óman

„Börnin mín eru lífið“

Inga Gerða Pétursdóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í hnattrænum tengslum

Leiðbeinandi: Unnur Dís Skaptadóttir

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2015

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í hnattrænum tengslum og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Inga Gerða Pétursdóttir 2015

Reykjavík, Ísland 2015

Útdráttur

Þessi ritgerð greinir frá rannsókn sem snýr að innfluttu vinnuafli í Mið-Austurlöndum, nánar tiltekið konum sem starfa við heimilishjálp í Óman. Spurt er um upplifun þeirra og reynslu og þar með er leitast við að varpa ljósi á líf þeirra fjarri fjölskyldu og heimalandi. Í upphafi ritgerðar er greint frá fræðilegri umfjöllun er tengist viðfangsefninu, svo sem um hnattvæðingu, fjölmenningu, fólksflutninga og kyn. Auk þess eru teknar til umfjöllunar aðstæður í Mið-Austurlöndum í þessu tilliti út frá mannréttindasjónarmiðum.

Notast var við eigindlega rannsóknaraðferð og tekin viðtöl við ellefu konur frá þremur mismunandi löndum. Niðurstöður sýna að konur eru í raun virkur og sjálfstæður hópur gerenda í sögu fólksflutninga og hnattvæðingar. Rödd þessara kvenna er einnig mikilvægt innlegg á sviði mannréttinda og varpar ljósi á aðstæður innflutts vinnuafls í láglounastöðum í Mið-Austurlöndum. Niðurstöður sýna einnig fjölbreytta upplifun og reynslu viðmælenda sem allar áttu það sameiginlegt að sækja vinnu erlendis vegna erfiðra aðstæðna heima fyrir, einkum í kjölfar makamissis eða hjónaskilnaðar, en flestar reyndust þær vera einstæðar mæður sem leggja á sig mikla vinnu og erfiðleika til að tryggja börnum sínum lágmarkslífsgæði. Áhrif þessa ferlis eru víðtæk og þau má sjá annars vegar í upplifun kvennanna og fjölskyldunnar heima fyrir og hins vegar almennt í móttökulandinu og heimalandinu sjálfu.

Abstract

This thesis focuses on domestic migrant workers in the Sultanate of Oman. Globalization, multiculturalism, migration and gender are the focus points in the theoretical discussions and create the foundation for the actual research. Situations in the Gulf region in terms of human and workers' rights are also scrutinized to the extent that the source material, or the lack of it, allows.

The study is based on a qualitative research method where eleven women from three different countries share their experience. Findings show that women are in fact important actors in the history of globalization and migration. Their experience is also important input in the discussion of human rights and exploitation in the globalized labor market. Despite different backgrounds all the women left their families and home-countries due to financial difficulties. Most of them were mothers who make sacrifices to secure their children's basic needs and future. This has broad effects, both on all the people involved and the states as well.

Formáli

Rannsókn þessi er metin til 60 eininga af meistaraþrófi í hnattrænum tengslum við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi var Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor í mannfræði.

Fyrst og síðast fá allir viðmælendur mínir kærar þakkir fyrir að gefa sér tíma til að deila persónulegri reynslu sinni með mér. Þáttur hliðarvarðanna var ekki síður mikilvægur og sérstakar þakkir fær heimilishjálpin mín, Thushari Senavirathna, sem auk þess að vera mikilvægur hliðarvörður var mér stöðugur innblástur og gætti ungrar dóttur minnar svo að þessi vinna gæti farið fram. Þá vil ég einnig þakka leiðbeinandanum mínum, Unni Dís Skaptadóttur, fyrir samstarfið, Ástu Kristínu Benediktsdóttur fyrir prófarkalestur og eiginmanninum Jóni Ágústi Guðmundssyni fyrir stuðninginn.

Efnisyfirlit

Formáli	5
Inngangur	7
1 Fræðileg umfjöllun	9
1.1 Hnattvæðing	9
1.2 Fólksflutningar	12
1.2.1 Hvati og áhrif	14
1.2.2 Aðstæður	16
1.2.3 Hver ber ábyrgð?	18
1.3 Flutningar kvenna	20
1.3.1 Umönnunarkerðjan	24
1.4 Innflutt vinnuafli í Mið-Austurlöndum	26
1.4.1 Aðbúnaður og mannréttindi	28
2 Rannsóknaraðferðir	32
2.1 Aðferðafræði	32
2.2 Framkvæmdin	33
2.3 Hugleiðing um siðfræði	35
3. Niðurstöður	37
3.1 Hvati	37
3.1.1 Framtíðin	39
3.2 Kaup og kjör	41
3.2.1 Heilsa	44
3.3 Óöryggi	45
3.3.1 Atvinnu- og dvalarleyfi	45
3.3.2 Vinnuaðstæður	47
3.3.3 Heimalandið	51
3.3.4 Heimþrá	53
3.3.5 Stríðsátök í Kúveit	54
3.3.6 Umhverfið í Óman	55
3.4 Samskipti	56
3.4.1 Fjölskyldan heima	56
3.4.2 Innan Óman	58
3.4.3 Nánd	59
3.5 Öryggi	61
3.5.1 Umhverfi	61
3.5.2 Gleði og þakklæti	62
4 Umræður	66
4.1 Hugtök	66
4.2 Neikvæðar hliðar	70
4.3 Jákvæðar hliðar	73
5 Hugleiðing	76
Lokaorð	79
Heimildir:	81

Inngangur

Fræðasamfélagið í dag er meðvitaðra um hreyfanleika fólks en áður. Fólk hefur alltaf verið hreyfanlegt en ekki á þeim hraða sem við þekkjum nú. Fleiri ferðast nú langar vegalengdir á skömmum tíma þökk sé aukinni flutningsgetu og umfangi farþegaflutninga nútímans. Sama á við fjölmiðla og upplýsingar sem geta ferðast á ljóshraða í flest skúmaskot heimsins. Heimur nútímans er í stöðugri mótun og endurmótun vegna þeirra stöðugu samskipta sem eiga sér stað (Hannerz, 1996). Ástæður hreyfanleikans geta verið af ýmsum toga en sýnt hefur verið fram á að fólk flytur ekki eingöngu í þeim tilgangi að byrja nýtt líf annars staðar heldur er ástæðan oft löngun til að leita nýrra tækifæra sem gera fólki kleift að bæta líf sitt heima fyrir (Unnur Dís Skaptadóttir, 2004). Samþjöppun tíma og rúms í samanskroppnum heimi er eitt helsta einkenni hnattvæðingar nútímans sem hefur orðið til fyrir tilstilli tækniþróunar. Áhrif þessarar þróunar má til að mynda sjá í breyttu mynstri framboðs og eftirspurnar á alþjóðlegum vinnumarkaði. Fleiri sækja vinnu tímabundið eða til lengri tíma yfir langan veg, jafnvel í öðru landi en heimalandinu, og dæmi eru um að efnahagsuppsveiflur í einu landi nýti sér bágar aðstæður annara landa í heiminum (Inda & Rosaldo, 2008). Það er því ekki að ástæðulausu að frjáls félagasamtök hafa að undanfögnu reynt í auknum mæli að varpa ljósi á bágar aðstæður innflutts vinnuafls víða í heiminum, ekki síst í Mið-Austurlöndum.

Oft hefur verið gagnrýnt að þáttur kvenna verði gjarnan út undan og það á líka við um fræðasamfélagið sem hefur bent á að konur hafi ekki fengið réttmæta umfjöllun í fræðilegri umræðu (Pessar, 2003). Þrátt fyrir að konur hafi lengi vel verið hunsaðar í fræðunum er staðreyndin sú að þær eru og hafa verið virkt vinnuafli sem flyst jafnvel heimshorna á milli að eigin frumkvæði líkt og karlar hafa gert í gegnum tíðina (Unnur Dís Skaptadóttir & Wojtynska, 2008; Barber, 2000, 2008). Í Mið-Austurlöndum hefur lengi tíðkast að flytja inn vinnuafli, einkum konur, í þjónustustörf inni á heimilium. Gagnrýnisraddir út frá mannréttindasjónarmiðum hafa í auknum mæli beinst að þessum málaflokki vegna illrar meðferðar og þrælkunar sem hefur átt sér stað í þessu samhengi (Varia, 2011).

Tilgangur þessarar rannsóknar er að ljá þessum hópi fólks rödd, þ.e. konum sem gerendum og innfluttu vinnuafli í Mið-Austurlöndum, nánar til tekið í Óman.

Tilgangurinn er jafnframt að veita innsýn í hvernig málum farandverkafólks í þessum heimshluta er háttað. Konurnar í úrtakinu koma frá þremur mismunandi löndum og hafa því mismunandi bakgrunn en starfa allar við heimilishjálpa (e. housemaid) í höfuðborginni Múskat. Spurt er um upplifun þeirra og reynslu og þar með leitast við að varpa ljósi á hvernig líf þeirra hefur þróast fjarri heimalandinu og fjölskyldu. Hver er raunverulegi hvatinn að flutningunum og hver eru áhrifin? Hverjar eru aðstæður þeirra í heimalandinu og í Óman? Hver er þáttur heimilishjálpa í hagkerfi heimsins?

Ritgerðin er með hefðbundnu sniði þar sem á eftir inngangi verður gerð grein fyrir fræðilegum bakgrunni rannsóknarinnar. Þá er einnig fjallað um málefni farandverkafólks í heiminum sem er mikilvægt atriði í rannsókninni. Í næsta kafla er sagt frá aðferðafræði rannsóknarinnar, sem er af eigindlegum toga, framkvæmd hennar og þeim siðferðislegu hugleiðingum sem fylgdu vali á viðmælendum. Þar á eftir, í kafla þrjú, er greint frá niðurstöðum rannsóknarinnar. Uppbygging þess kafla mótast af þeim þemum sem fram komu í greiningunni. Í kafla fjögur eru niðurstöður dregnar saman út frá þeim fræðilega bakgrunni sem lagður var til grundvallar í upphafi ritgerðarinnar. Fimmti kafli hefur að geyma hugleiðingar er varða þessa rannsókn almennt og umhverfið í Óman. Kafllinn lokaorð reka svo lestina þar sem er að finna samantekt á verkefninu og niðurstöðum.

1 Fræðileg umfjöllun

Hér verður gerð grein fyrir fræðilegum bakgrunni rannsóknarinnar. Fyrst verður hugtakið *hnattvæðing* til umfjöllunar en hún hefur haft mikil áhrif á fólksflutninga heimsins sem er mikilvægt inntak í rannsókninni. Á eftir umfjöllun um hnattvæðingu er gerð grein fyrir fólksflutningum í fræðilegu samhengi. Fræðileg umfjöllun kemur líka inn á kyn þar sem meginviðfangsefni og niðurstöður rannsóknarinnar varða konur sem virka og sjálfstæða gerendur í hnattvæðingu og fólksflutningum. Rannsóknin einskorðast jafnframt við konur sem innflutt vinnuafli í Mið-Austurlöndum. Að lokum er varpað ljósi á aðstæður farandsverkafólks í þeim heimshluta.

1.1 Hnattvæðing

Hnattvæðing er hugtak sem hefur verið áberandi undanfarin ár. Bæði hefur verið deilt um skilgreiningu þess og áhrif. Mahammadbakhsh, Fathiazar, Hobbi og Ghodratpour (2012) segja að erfitt hafi verið að setja fram skilgreiningu sem allir séu sáttir við því fólk skiptist í tvær fylkingar þegar kemur að uppruna hnattvæðingar. Sumir vilja meina að hnattvæðingin sé upprunnin í nútímanum á meðan aðrir segja hana hafa hafist fyrir okkar tíma. Inda og Rosaldo (2008) skilgreina hnattvæðingu í stuttu máli sem aukin tengsl á alheimsvísu. Það á við um aukin samskipti í hagfræðilegu, pólitísku, menningarlegu og vistfræðilegu tilliti. Samkvæmt skilgreiningu Villaverde og Maza (2011) snýst hnattvæðing um aukið efnahagslegt og félagslegt umfang samskipta sem einstaklingar og stofnanir eiga við þá sem tilheyra öðrum þjóðernum en þeirra eigin. Þeir telja að fyrirbærið sé ekki nýtt af nálinni heldur eigi rætur að rekja allavega aftur til síðari hluta 19. aldar. Jafnframt er mikilvægt að benda á tveir þættir hafa ýtt undir nýjustu bylgjur hnattvæðingarinnar, þ.e. tæknibreytingar sem hafa dregið verulega úr flutningskostnaði annars vegar og pólitískar ákvarðanatökur sem leitt hafa til strangari samþættingar hins vegar

(Villaverde & Maza, 2011). Hannerz, (1996) tekur í sama streng og segir fólk alltaf hafa verið hreyfanlegt, bara ekki á þeim hraða sem við þekkjum nú. Fleiri ferðast (viðskiptaaðilar, ferðalangar, vinnuafli, námsmenn, píligrímar o.fl.) langar vegalengdir á skömmum tíma í dag en áður þökk sé aukinni flutningsgetu og umfangi farþegaflutninga. Sama á við um fjölmiðla og upplýsingar sem ferðast nú á ljóshraða í flest skúmaskot heimsins að mati Hannerz.

Á meðal helstu kenningasmiða á sviði hnattvæðingar eru David Harvey og Anthony Giddens. Harvey talar um samþjöppun tíma og rúms. Afleiðing hnattvæðingarinnar er að hans mati samanskroppinn heimur með breyttu tímaskyni, vegalengdir virðast styttri og allt tekur styttri tíma á hraða hnattvæðingarinnar. Giddens og Harvey eru á svipuðu máli en Giddens fjallar meira um útbreiðslu félagslegra samskipta í tíma og rúmi. Grunnhugmyndir Giddens snúast annars vegar um bein samskipti fólks sem raunverulega hittist dagsdaglega í sínu nærumhverfi og hins vegar samskipti sem eiga sér stað fyrir tilstuðlan tækni og tengja saman fólk sem miklar vegalengdir skilja að. Hann segir sífellt fleiri tengja staðbundið líf sitt við hnattvædd félagsleg samskipti og tengsl. Giddens skilgreinir því hnattvæðingu sem aukningu á félagslegum samskiptum á alheimsvísu sem tengir saman fjarlægga staði á þann hátt að hið staðbundna mótast af atburðum sem eiga sér stað langt í burtu og öfugt (Inda & Rosaldo, 2008).

Arjun Appadurai (2008) er annar mikilvægur kenningasmiður þegar kemur að hnattvæðingu. Grundvallarkenningar hans um samspil flæðis menningar og hnattvæðingar skilgreinir hann út frá hugmyndum um fimm mismunandi víddir sem hann kallar *tæknivídd*, *fjármálavídd*, *fjölmiðlavídd*, *hugmyndafræðilega vídd* og *loks vídd* sem snýr að *fólki*, *hreyfanleika þess og flæði*. Síðastnefnda hópnun tilheyrir flóttafólk, ferðamenn, farandverkafólk, innflytjendur og aðrir sem eru á ferð um heiminn. Mun fleira fólk stendur nú frammi fyrir því að geta eða þurfa að flytja sig um set til lengri eða skemmri tíma. Appadurai byggir þessar hugmyndir sínar á kenningum Anderson um ímynduð samfélög og segir víddirnar vera stoðir þeirra (Appadurai, 2008). Hin klassíska kenning Anderson um ímynduð samfélög sem kom fram í upphafi 8. áratugarins hefur verið mjög áhrifamikil en þar segir Anderson að hægt sé að viðhalda samfélögum fólks í gegnum sameiginlegt minni. Fólk getur þannig fundist það tilheyra sama hópi þrátt fyrir að hittast aldrei eða vita nokkur deili

á öðrum meðlimum hópsins, sama hversu smátt samfélag er um að ræða (Anderson, 1991).

Áhrif hnattvæðingar hafa verið, og eru enn, umdeild. Sumir halda því fram að hún búi til tvo hópa, þá sem verða ofan á og þá sem verða undir (e. winners/losers), ekki bara á landsvísu heldur einnig á heimsvísu. Fólk lítur á þetta á mismunandi hátt en talsmenn þessa viðhorfs segja hnattvæðingu hafa neikvæðar hliðar því hún stilli ákveðnum hópum fólks og fátækari löndum heimsins upp við vegg og dæmi þau til að tapa. Aðrir eru þeirrar skoðunar að hnattvæðingin stuðli að aukinni hagsæld og velgengni allra og dragi því úr mismunun í heiminum (Villaverde og Maza, 2011). Ponzanesi (2002) segir heiminn hafa minnkað en um leið klofnað, t.d. hafi bilið milli ríkra og fátækra aukist. Petrova (2013) er á svipuðu máli og segir hnattvæðinguna skapa tækifæri í gegnum samþættingu markaðarins og lága viðskiptaþröskulda en um leið geti hún þó hvatt til aukinnar samkeppni á heimsvísu sem getur t.d. haft neikvæð áhrif á afkomu lítilla fyrirtækja. Hnattvæðingin getur líka búið til eftirspurn fyrir nýjar og fjölbreyttari vörur vegna þvermenningarlegra áhrifa. Þessar breytingar á eftirspurn geta skapað nýja kima og ný tækifæri fyrir frumkvöðla (Petrova, 2013). Það sem einna mest hefur verið í umræðunni um „sigurvegara hnattvæðingarinnar“ er gagnrýni á meint menningarlegt forræði þar sem vestræn menning þykir hafa fengið meira vægi á kostnað annarra menningarheima. Það er auðvelt að benda á margt því til stuðnings, einkum í kjölfar sögulegra atburða á borð við nýlendustefnuna. Einhæf og yfirborðskennd menning Vesturheims þykir vera að kæfa heiminn með tónlist sinni, arkitektúr, klæðnaði, matarvenjum, tungumáli, hugmyndum og menningarlegum gildum. Myndin er þó ekki alveg svona einföld. Þegar betur er að gáð liggja straumarnir í báðar áttir og líka fyrir utan Vesturheim (Inda & Rosaldo, 2008).

Samkvæmt Villaverde og Maza (2011) hafa þessi skoðanaskipti orðið til því það vantar ákveðna sameiginlega skilgreiningu á hnattvæðingarfyribærinu auk haldbærra mælinga á því. Þeir telja auk þess að líklega hafi þessi ágreiningur orðið til vegna þess að hnattvæðingin á sér ótal margar birtingarmyndir og víddir.

Hér hefur verið fjallað um ólíkar kenningar og skilgreiningar á hnattvæðingarhugtakinu og þau ágreiningsmál sem því tengjast. Rauði þráðurinn er

aukið flæði upplýsinga og fólks í samanskroppnum heimi sem í dag er undir áhrifum nútímataækni. Hnattvæðingin nær til ótal margra þátta, hugmyndafræðilegra og veraldlegra. Áhrifin eru líka margvísleg og bent hefur verið á bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar þeirra.

1.2 Fólksflutningar

Efnislegir innviðir gegna mikilvægu hlutverki í hnattvæðingar- og fólksflutningaferlinu en kostir þeirra segja mikið til um flæðið. Á meðan góðir innviðir skapa hreyfanleika getur skortur á innviðum dregið úr ferlinu eða jafnvel stöðvað það. Fleira en efnislegir þættir hefur áhrif á tækifæri fólks til hnattvæðingar, svo sem viðhorf og fjölmennningarlegar stefnur ríkja. Dæmi um það eru mismunandi kröfur um vegabréfsáritanir sem geta verið misstrangar eftir því um hvaða þjóðríki ræðir.

Almenn skilgreining á alþjóðlegum fólksflutningum (e. international migration) er fólk sem flyst frá heimalandi sínu í eitt ár eða lengur. Hugtakið nær því ekki til fólks sem flytur sig um set í styttri tíma, t.d. námsmanna, viðskiptafólks og ferðamanna. Umfang fólksflutninga í heiminum verður sífellt meira en árið 2008 bjuggu 214 milljónir fólks utan heimalandsins sem er tvöföldun frá árinu 1980. Heimskreppan virðist aðeins hafa dregið úr þessari þróun síðustu ár en búast má við að fólksflutningar fari aftur hægt upp á við er dregur úr kreppunni. Fólksflutningar á heimsvísu tóku kipp eftir 1945 en síðan ekki aftur fyrr en 1980 og náðu þá til allra heimsálfa (Koser, 2010).

Inda og Rosaldo (2008) segja að það sem sé sérstakt í sambandi við fólksflutninga nútímans sé að fólk þurfi ekki að segja skilið við heimalandið á sama hátt og áður þótt það flytji til annars lands. Áður var algengara að fólk gerðist innflytjendur fyrir fullt og allt og þá þýddu millilandaflutningar að fólk var í litlum tengslum við heimalandið. Með aukinni samskiptatækni og farþegaflutningum nútímans getur fólk haldið áfram að vera í nánnum tengslum við heimalandið og samtvinnað það við líf sitt á nýja staðnum. Margir snúa svo að lokum til baka. Þetta eru svokallaðar tvíheima (e. diaspora) aðstæður þar sem innflytjendur spinna sinn persónulega vef menningarlegra, pólitískra og hagfræðilegra þátta þvert yfir landamæri þjóðríkja. Innflytjendum sem lifa tvíheimalífi finnst þeir tilheyra fleiri en

einum menningarheimi, tala fleiri en eitt tungumál og telja sig eiga heima á fleiri en einum stað. Þeir læra að samstillta lífið milli mismunandi menninga og geta séð lífið út frá ólíkum sjónarhólum (Inda & Rosaldo, 2008). Þetta geta verið flókin ferli og margt spilar þar inn í, jafnvel sálfræðilegir þættir sem fylgja því að lifa lífinu í gegnum tvo eða fleiri staði. Það getur haft áhrif á sjálfsmynd einstaklingsins og tilfinningu hans fyrir því að tilheyra ákveðnum stað (Unnur Dís Skaptadóttir, 2010). Þegar flutt er til annars lands tekur þar oft á móti einstaklingnum framandi landslag, nýtt tungumál og staðbundnir siðir. Þegar ólíkir menningarheimar snertast á þennan hátt geta skapast mótsagnakenndar tilfinningar, ákafi og forvitni annars vegar og ringulreið, óvissa og misskilningur hins vegar. Ef þetta er upplifun fólks á nýjum stað því það deilir ekki sömu minningum og hefðum og þeir sem þegar búa í landinu. (Wojtynska, 2011). Á hinn bóginn geta svipaðar tilfinningar líka átt við íbúa landsins sem kannski eru allt í einu komnir í snertingu við framandi menningu í eigin umhverfi sem þeir eru illa upplýstir um. Líkt og Koser (2010) bendir á eru fjölmenningarleg samfélög algengari nú en fyrr á öldum og þessu breytta umhverfi geta fylgt ný viðhorf almennings sem byggja á hugmyndum um fjölmenningu sem hugsanlega ógn við þjóðaröryggi.

Misjafnar kröfur eru gerðar til innflutts vinnuafis í hverju landi. Sums staðar getur fólk verið skattgreiðendur án þess að þurfa að vita nokkuð um staðbundna menningu eða tungumál (Unnur Dís Skaptadóttir, 2010). Hvernig innflytjendur aðlagast fer svo eftir mörgum þáttum, t.d. um hvers konar innflytjanda er að ræða, hvernig landið tekur á móti fólki og reglugerðum. Nútímasamfélög leyfa innflytjendum yfirleitt að hafa frjálsar hendur með að halda í eigin siði og trú en það er þó ekki algilt (Wojtynska, 2011). Nágrannalönd Íslands hafa gjarnan farið þá leið til aðlögunar sem nefnd hefur verið samþætting (e. integration). Þá leitast þjóðernisminnihlutar við að tileinka sér ráðandi menningu en leggja um leið áherslu á að viðhalda eigin menningu og tungu. Þessir einstaklingar þurfa því að öðlast færni tveggja eða fleiri menningarheima til að uppfylla kröfur mismunandi menningarheima á sama tíma. Menningarhóparnir halda þá sérkennum sínum um leið og þeir tileinka sér menningu meirihlutans (Hanna Ragnarsdóttir, 2002). Önnur leið aðlögunar sem nefnist samlögun (e. assimilation) leggur áherslu á að fyrri menningu skuli leggja til hliðar og að tekin sé upp menning nýja landsins. Þriðja leiðin

er leið aðskilnaðar (e. separation) þar sem innflytjendur taka lítinn þátt í nýju menningunni en viðhalda eigin menningarhefðum. Fjórða leiðin er svokölluð jaðarstaða (e. marginalization) en þá er um að ræða litla þátttöku í menningu nýja samfélagsins og upprunamenningunni er einnig hafnað (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2007). Á síðari hluta 20. aldar voru viðhorf til innflytjenda yfirleitt tvenns konar. Annars vegar var álitid að fólk sem settist að í nýju landi myndi smám saman aðlagast landinu, þrátt fyrir að það gæti tekið nokkrar kynslóðir. Þar með fengi fólk tíma til að leggja niður tungumál og aðra upprunalega menningarþætti á kostnað ríkjandi samfélags. Hins vegar var álitid að innflytjendur væru aðeins tímabundið vinnuafli sem kæmi til með að vinna sér inn peninga og myndi því halda tengslunum við heimalandið. Í þessum tilfellum var ekki talið nauðsynlegt að fólkið aðlagast og því hafði það oft og tíðum ekki sömu borgaralegu réttindi og aðrir íbúar (Unnur Dís Skaptadóttir, 2004).

1.2.1 Hvati og áhrif

Það er algengt að fólk neyðist til að fara frá heimahögunum þar sem efnahagsástandið er bággt og sækja vinnu um langan veg til að geta sent peninga heim til fjölskyldunnar og séð henni þannig farborða. Þessir flutningar geta verið innanlands eða erlendis og til lengri eða skemmri tíma. Mills (2003) bendir á að þeir sem sækja vinnu erlendis tilheyra ekki endilega fátækustu stéttunum því það eitt að ferðast getur kostað sitt og það er því ekki á allra færi. Oft um að ræða menntað fólk sem tekur niður fyrir sig í vinnu, þ.e. kennarar og hjúkrunarfólk fer kannski að vinna lágt launuð þjónustustörf einfaldlega af því að það fær hærra kaup en það fékk fyrir kennara- eða hjúkrunarstörf í heimalandinu. Parrenas (2000) varar við því að sé gengið að því vísu að fólk í þessari stöðu hafi ekki fullnægjandi bakgrunn fyrir hærri stöður á vinnumarkaðnum bara af því að það er í störfum sem ekki krefjast skólagöngu. Barber (2000) segir til dæmis að flestar þeirra filippseysku kvenna sem starfa utan Filippseyja hafi meiri menntun og reynslu en þau störf sem þær taka sér fyrir hendur í öðrum löndum bendi til.

Flestir sem sækja vinnu erlendis fara eins síns liðs. Þeir sem eftir sitja, einkum börn, verða síðan fyrir ýmsum áhrifum vegna flutninganna en þau geta verið

félagsleg, sálræn og efnahagsleg (Koser, 2010). Innkoma þeirra sem vinna erlendis getur skipt gríðarlegu máli við að framfleyta fjölskyldunni sem verður eftir heima en peningasendingarnar eru þó ekki alltaf öruggar. Samfélagið í heild nýtur líka oft góðs af þessari auknu innkomu því féð getur nýst til að byggja skóla, brunna og bænahús (Ross-Sheriff, 2011). Peningasendingar til upprunalandsins hjálpa líka viðkomandi ríki að standa skil á skuldum, borga fyrir nauðsynlegan innflutning og veita þeim aðgang að mörkuðum (Shuterland, 2013). Ríkisstjórnir landa eins og Filippseyja og Haítí hafa því markvisst reynt að höfða til þjóðerniskenndar til að virkja tengsl brottfluttra við upprunalandið (Unnur Dís Skaptadóttir, 2004). Áætlað er að átta milljónir Filippseyinga starfi erlendis á tímabundnum, langtíma- eða ólöglegum samningum. Það gerir um 10% filippseysku þjóðarinnar (Barber, 2008). Alþjóðabankinn áætlar að árið 2008 hafi innflytjendur í heiminum sent heim 328 billjónir Bandaríkjadala sem hafa farið í að framfleyta fjölskyldunni í heimalandinu og uppbyggingu þar (Koser, 2010). Árið 2012 sendi farandverkafólk í heiminum 401 billjón til þróunarlandanna sem er þrisvar sinnum hærra upphæð en sú sem kemur frá þróunarhjálp. Þessi innkoma er auk þess mun áreiðanlegri heldur en gjafafjármagn. Þegar efnahagskreppan skall á minnkaði fjármagn frá þróunarstofnunum um 89% en peningasendingar frá farandverkafólki minnkuðu einungis um 5% og vaxa nú um 9% árlega. Peningasendingar verkafólksins fara líka milliliðalaust í vasa þeirra sem þurfa á þeim að halda (Shuterland, 2013).

Fólksflutningar nútímans hafa mun meiri afleidd áhrif en áður var talið (Koser, 2010). Peningasendingarnar segja aðeins lítinn hluta sögunnar um það hvernig hreyfanleiki fólks getur haft jákvæð áhrif á heiminn. Móttökulöndin þurfa líka á þessu verkafólki að halda, því það sér um og byggir upp grunninnviði eins og vegi, hús og ummönnun ungra barna og eldra fólks. Innflytjendur borga líka skatta af launum sínum til landsins, auk þess að fjárfesta á staðnum, borga húsaleigu, kaupa mat o.s.frv. Yfirleitt eru innflytjendurnir heldur ekki að taka störf frá heimafólkinu því þeir fara í störf sem heimafólkið vill ekki vinna hvort sem er. Samkvæmt nýlegri rannsókn skapar hver innflytjendi að meðaltali eitt annað starf og eykur því almennan efnahag ríkisins enn frekar (Shuterland, 2013). Ferlið getur með öðrum orðum haft jákvæð áhrif fyrir alla aðila, bæði sendingarlöndin og þegna þess og móttökulöndin. Móttökulöndin þurfa ódýrt og sveigjanlegt vinnuafli á meðan

sendingarlöndin eru oft undirlögð af spennu vegna atvinnuleysis, misréttis og pólitísku, félagslegs og efnahagslegs óöryggis (Bloch & Chimienti, 2011).

Viðbrögð við aukinni fjölbreytni á hnattvæddum vinnumarkaði eru mismunandi. Í Mið-Austurlöndum fær erlent vinnuafl gjarnan vinnu við að sinna þeim störfum sem heimafólk vill ekki vinna. Birtingarmynd þessa ferlis í Bandaríkjunum sýnir hins vegar öfug áhrif en þar hefur heimafólk sem þarna á hagsmuna að gæta leitast við verða sér úti um þá menntun eða reynslu sem þarf til að vera samkeppnishæfur á þessum fjölpjóðlega vinnumarkaði. Bandarísku verkafólki í skólum hefur því fjölgað undanfarið. Ef um samkeppni við erlent farandverkafólk er að ræða virðist það vera heimafólki hvatning til að færa sig upp metorðastigann (Hickman & Olney, 2011).

Fólksflutningar eru ekki bara einfalt hagfræðilegt ferli framboðs og eftirspurnar. Ýmsar flóknar aðstæður geta komið upp á þessum hnattræna markaði sem erfitt er að fást við. Bloch og Chimienti (2011) segja t.d. að dæmið gæti orðið flókið þegar fólk á faraldsfæti eignast börn eða maka í nýja landinu og eins þegar hælisleitendum er hafnað eða ef fólk af einhverjum ástæðum framlengir ekki vegabréfsáritun sína (t.d. námsmenn, ferðamenn eða fólk í viðskiptaerindum). Hvað verður um þá sem koma til landsins á ólöglegan hátt? (Bloch & Chimienti, 2011). Enn fremur er flókið að glíma við þá árekstra sem geta átt sér stað þegar fólk sest að í nýju samfélagi, samanber kynþáttafordóma og menningarlega árekstra (Koser, 2010).

1.2.2 Aðstæður

Undanfarið hefur eftirspurn eftir innfluttu vinnuafli í bæði sérfræðistörf og verkamannastörf á Vesturlöndum aukist. Á sama tíma og eftirspurn eftir vinnuafli eykst þá hafa þjóðríkin þó hert reglur varðandi aðgengi innflytjenda. Það verður t.d. stöðugt erfiðara að flytjast til Evrópusambandslandanna fyrir þá sem standa fyrir utan sambandið. Þessar aðstæður leiða til aðskilnaðar milli efnahagslegra og pólitískra hagsmuna innflytjenda. Markaðurinn er opinn en pólitískt séð eru svæðin lokuð. Með hertari reglum og takmörkuðu aðgengi er það orðið aðeins á færi fárra að flytjast milli landa á löglegan hátt (Bloch & Chimienti, 2011). Kröfur um

vegabréfsáritanir eru orðnar stór þröskuldur fyrir marga víðs vegar í heiminum til að þeir geti átt heimangengt. Það eru einkum fyrstaheimslönd sem hafa tekið upp á að setja þessar hindranir gagnvart þriðjaheimslöndum og þessi þróun hefur ýtt undir aukningu ólöglegra innflytjenda (Inda & Rosaldo, 2008). Fleiri en nokkru sinni vilja flytja en færri lögleg úrræði standa þeim til boða nú til dags. Auknar kröfur um vegabréfsáritanir og aukið eftirlit á landamærum hefur enn fremur komið í kjölfar fjölgunar á smygltilraunum. Önnur neikvæð áhrif eru oft vanmetin. Fjöldi fólks lætur jafnvel lífið við það eitt að reyna að komast yfir landamæri á ólöglegan hátt (Koser, 2010). Þótt undarlegt megi virðast eru alþjóðlegir fólksflutningar orðnir hættulegri nú en áður (Shuterland, 2013).

Koser (2010) bendir á að jafnvel löglegir innflytjendur sem starfa löglega geti átt erfitt með að ná endum saman því í sumum tilfellum eiga þeir bara kost á láglaunastörfum þar sem launin duga varla til að lifa. Næstum helmingur þeirra þriggja billjóna verkamanna sem starfa í heiminum fá greitt minna en andvirði tveggja Bandaríkjadala á dag. Í þeim tilfellum þar sem opnað hefur verið fyrir innflutt vinnuafli er það oft vegna þess að heimafólk forðast láglaunastörfin því þau þykja ekki fín, launin eru lág og vinnuumhverfið óöruggt. Þar af leiðandi er innflutt vinnuafli oftast ráðið í þessar stöður. Í mörgum tilfellum er farandverkafólk óskráð og því ólöglegt og þar af leiðandi líklegri til að vilja vinna á lægri launum og lengri vinnutíma en ella (Koser, 2010). Líf ólöglegra innflytjenda einkennist oft og tíðum af erfiðum aðstæðum; þeir geta orðið auðveld fórnarlömb þrælkunar og eru berskjaldaðir og oft illa leiknir. Þeir glíma við ótal vandamál tengd atvinnu- og landvistarleyfum auk félagslegra, menningarlegra, fjárhagslegra og persónulegra vandamála og ofan á allt annað er oft engan stuðning eða hjálp að fá frá yfirvöldum (Ross-Sheriff, 2011). Oft hræðast ólöglegir innflytjendur hið opinbera og reyna því að láta sem minnst fyrir sér fara þó að í óefni sé komið. Þessu lífi fylgir stöðugur ótti og álag, t.d. við að halda sig fjarri lögreglunni (Bloch & Chimienti, 2011; Koser, 2010). Oft fer stór hluti innkomunnar í að greiða fyrir dýr flugfargjöld og pappírsvinnu (leyfi o.þ.h.). Kostnaðurinn við að dvelja leyfislaust í landi getur líka verið töluverður vegna húsnæðis, heilbrigðisþjónustu og auka útgjalda sem fylgja því að senda peninga milli landa (Ross-Sheriff, 2011). Hvort sem um ræðir löglega eða ólöglega flytjendur eru aðstæðurnar því oft ómannúðlegar en þrátt fyrir það kjósa margir að fara frá

heimalandinu þar sem ástandið er ekki gott heldur.

Tæknipróun nútímans, þar sem sífellt fleiri hafa aðgengi að alls konar miðlum og tækni, hefur hjálpað til við að opna augu farandverkafólks og það er nú upplýst um aðstæður annars staðar í heiminum en það er forsenda þess að fólkíð leiti réttar síns eða færi sig um set. Annar mikilvægur þáttur tæknibyltingarinnar varðar samgöngur því samkeppni milli flugfélaga hefur leitt til þess að ódýr flugfargjöld eru í boði. Flestir flytja þangað sem fjölskylda eða vinir eru fyrir og geta hjálpað til við ferlið. Tengslanet eru mikilvæg og tæknin auðveldar samskipti. Sumir sjá tækifæri á þessum vettvangi enda koma margir að ferlinu; umboðsaðilar sem sjá um að finna fólk í störf, sérhæfðir lögfræðingar og ferðaþjónustuaðilar. Einhvers staðar þurfa peningarnir að fara í gegn og einhvers staðar þarf fólkíð að hafa aðsetur í nýja landinu (Koser, 2010).

1.2.3 Hver ber ábyrgð?

Koser (2010) telur að það þurfi að halda betur utan um málefni fólksflutninga í heiminum og að þjóðríkin þurfi að gera það sem þarf að gera á heildrænan og stofnanavæddan hátt. Hann gagnrýnir að þessi málefni hafi orðið útundan hjá Sameinuðu þjóðunum, eða þær hafi a.m.k. ekki tekið rétt á þeim. Innan og utan Sameinuðu þjóðanna fer fram samstarf mismunandi samtaka sem tilheyra ólíkum þjóðríkjum en hafa einungis afskipti af takmörkuðum málum. Þjóðríkin halda áfram að vera helstu gerendurnir á sviði fólksflutninga í heiminum en þau fela í aðeins takmörkuðum tilfellum ábyrgðina í hendur svæðisbundinna samtaka eða alþjóðlegra stofnana. Alþjóðalög og staðlaður reglurammi er snýr að alþjóðlegum fólksflutningum er ekki til en þessi málefni heyra helst undir almenn lög um réttindi einstaklingsins, ábyrgð þjóðríkisins og milliríkjasambönd. Einungis í tilfellum flóttafólks, mansals og smygls á fólki hafa mörg ríki heimsins sameinast um reglur og staðla en jafnvel í því tilliti hefur reynst erfitt að finna góða lendingu (Koser, 2010).

Fullvalda ríki hafa vissulega fullan rétt á að ákveða hverjir mega koma inn fyrir landamæri þeirra og hverjir fá að dvelja þar. Alþjóðlegir fólksflutningar geta haft áhrif á grunnstoðir ríkisins, þar á meðal efnahagslega samkeppni, þjóðaröryggi og félagslega samheldni. Koser (2010) segir alþjóðlega fólksflutninga vera dæmi um

hnattrænt málefni sem þó er enn höndlað á ríkisgrundvelli. Staðbundnar reglur þjóðríkjanna duga ekki lengur til að halda utan um hið umfangsmikla ferli sem alþjóðlegir fólksflutningar eru orðnir. Fjöldi fólks er varnarlaust og sætir þrælkun því hvorki ríki né alþjóðlegar stofnanir taka á málunum. Til dæmis lendir árlega um ein milljón fólks, þar á meðal mikill fjöldi kvenna og barna, í alþjóðlegu mansali. Einnig þarf að taka inn í myndina áhrif loftslagsbreytinga sem geta haft aukin áhrif á fólksflutninga í heiminum í framtíðinni. Sífelld fleiri ríki hafa sýnt þessum málaflokki athygli á undanförunum árum en það þarf sameina þau og samræma aðgerðir.

Shuterland (2013) svarar þessum gagnrýnisröddum fyrir hönd Sameinuðu þjóðanna. Hann telur að það sé hægt að tryggja hagsmuni og hámarka efnahagslegan og félagslegan hagnað allra aðila í ferlinu, sendingarlandanna, verkafólksins sjálfs og móttökulandanna. Hann tekur í sama streng og Koser (2010) og segir að til þess þurfi betri samvinnu milli landa svo hægt sé að taka upplýstari pólitískar ákvarðanir. Shuterland (2013) segir alþjóðlega samvinnu á þessu sviði þó hafa tekið jákvæðum breytingum undanfarið. Fyrir einungis nokkrum árum síðan ríkti mikið óöryggi og vantraust milli hagsmunaaðila. Einnig skorti staðfestar upplýsingar og sannanir til að hægt væri að taka af skarið í þessum málum. Sutherland telur að fyrri viðhorf hafi verið upprætt, traust hafi aukist og ríki og aðrir hagsmunaaðilar sem hafa verið föst í sínum eigin ramma og aðgerðum séu nú tilbúin til að veita þessu málefni aukna athygli. Sameinuðu þjóðirnar eru meðvitaðri nú og fyrir tilstuðlan þeirra hittast nú árlega um 150 þjóðríki til að bera saman bækur sínar. Fleiri lönd taka nú þátt en áður auk þess sem raddir almennings um þessi málefni eru háværi. Í dag hafa Sameinuðu þjóðirnar hafa aðstöðu í 56 löndum þar sem þær geta markvisst hjálpað fólki að lifa tvíheimalífi. Þar er hjálpað til við aðlögunina en fólk er líka hvatt til að halda sambandi við heimalandið í gegnum fjárfestingar, flytja mannauð, starfa að mannúðarmálum og ferðaþjónustu (Shuterland, 2013).

Þróun fólksflutninga í heiminum hefur verið sveiflukennd en umfang þeirra í dag er gríðarlegt. Þeim fer fjölgandi sem lifa tvíheimalífi (e. díaspóra) og læra að samtvinna tvo eða fleiri menningarheima. Viðhorf til innflytjenda er mismunandi eftir ríkjum, hér hefur verið gert grein fyrir fjórum leiðum til aðlögunar en í dag eru algengastar leiðir samþættingar og samlögunar. Þessum tveimur leiðum hefur stundum verið

stillt upp sem andstæðum, þ.e. samþætting og tvíheima annars vegar á móti samþættingu og þjóðernishyggju.

Með því að sækja vinnu erlendis reynir fólk að forða sér og fjölskyldu sinni frá bágunum efnahagslegum aðstæðum sem þeim stafar jafnvel ógn af (pólítískur órói, stríðsástand, áhrif loftslagsbreytinga o.s.rv.). Meginástæður fólksflutninga í heiminum eru af efnahagslegum toga. Fólk frá fátækari löndum leitar að atvinnutækifærum í efnaðri löndum þrátt fyrir að eiga bara kost á láglounastörfum og að margir fái ekki vinnu í samræmi við menntun og fyrri reynslu. Auknar reglugerðir hafa gert ferlið erfiðara sem hefur leitt til fjölgunar fólks á ólöglegum vinnumarkaði þar sem atvinnuöryggi er lítið, svo ekki sé minnst á annars konar óöryggi er varðar félagslegar aðstæður, aðbúnað og aðgang að heilbrigðisþjónustu. Mannréttindi þarfnast aukinnar athygli og bilið milli ríkra og fátækra landa hefur breikkað mikið á undanförunum árum. Koser (2010) og Shuterland (2013) eru sammála um að mikilvægt sé að sameina ríki heimsins í gerð alþjóðlegrar reglugerðar um fólksflutninga til að halda utan um málefni farandverkafólks og ólöglegra flytjenda. Betri samvinnu í þessum málaflokki er þörf á heimsvísu. Drifkraftur alþjóðlegra fólksflutninga er mikill en möguleikarnir á að stýra þeim eru takmarkaðir og reglurammar þjóðríkjanna eru of takmarkaðir miðað við umfangið í dag. Að byggja upp virkilega árangursríkt kerfi er snýr að þessum hreyfanleika fólks í heiminum krefst þátttöku margra aðila.

1.3 Flutningar kvenna

Gagnrýnt hefur verið hve ósýnilegar konur hafa verið í fræðasamfélaginu í gegnum tíðina, einkum um og upp úr miðri 20. öldinni. Fræðasamfélag þess tíma virðist almennt hafa reynt að hunsa framlag kvenna til efnahagslífsins, stjórnmála og félagslífs. Sumir gengu jafnvel svo langt að segja að það væri ekki einu sinni þess virði að skrifa um konur (Pessar, 2003). Kyn skiptir þó miklu máli í félagslegu og menningarlegu tilliti, einnig hjá innflytjendum. Kyn hefur í raun gríðarleg áhrif á mynstur hreyfanleika fólks í heiminum. Það má sjá t.d. á kynjaskiptum vinnumarkaði þar sem eftirspurn eftir kynjunum er mismunandi. Einnig á sér stað persónulegt val og persónuleg reynsla í tengslum við vinnu og fjölskyldulíf sem er mismunandi eftir

kynjunum. Þegar flust er til annars lands getur verið um öðruvísi kynjakerfi (e. gender system) að ræða en í upprunalandinu (Unnur Dís Skaptadóttir & Wojtynska, 2008). Samkvæmt fræðum fyrri tíma voru karlar álitnir líklegri til að vera gerendur og áhættusæknari en konur sem þóttu standa fyrir samfélagshefðir og stöðugleika (Pessar, 2003). Frekari dæmi um staðlaðar kynjaímyndir eru að karlar búi yfir líkamlegum styrk en konur þolinmæði og handleikni. Alþjóðleg fyrirtæki byggja einmitt á þessum klisjum þegar auglýst er eftir alþjóðlegu og ódýru vinnuafli en þá finnst vinnuveitendum auðvelt að réttlæta lágt kaup kvenna vegna stöðu þeirra í þjóðfélaginu og með því að þær geti þakkað fyrir að fá hærri laun en í heimalandinu. Í þessum tilfellum fara innflytjendakonur oft í umönnunarstörf sem konur viðkomandi þjóðfélags hafa snúið bakinu við (Unnur Dís Skaptadóttir & Wojtynska, 2008).

Kvengerving vinnutengdra flutninga (e. labour migration) er staðreynd sem hefur fest í sessi og vert er að veita meiri athygli. Konum sem sækja vinnu erlendis hefur fjölgað mikið og í sumum tilfellum er hlutfall kvenna í þeim hópi herra en karla. Það á t.d. við um konur sem fara frá Suðaustur-Asíu (Filippseyjum, Indónesíu og Srí Lanka) til Mið-Austurlanda. Höftum hefur nýlega verið aflétt á ýmsum störfum víðs vegar á Mið-Austurlöndum, m.a. vegna aukinnar eftirspurnar eftir kvennastörfum þar. Fleira spilar inn í, t.d. leita atvinnurekendur á þessum stöðum líka frekar eftir starfsafli sem útheimtir lítinn kostnað, lætur vel að stjórn og er síður meðvitað um réttindi sín (Piper, 2004). Aukin eftirspurn á textíl- og fatamarkaðnum hefur gefið konum aukin tækifæri á atvinnu samanborið við karla, ekki af því að karlar gætu ekki framkvæmt þessi (kvenlegu) störf heldur kjósa verksmiðjuframleiðendur frekar konur því þær eru ólíklegri til að vera með uppsteyt (Green, 2008). Konur vinna vanmetnustu störf in í ríkustu löndunum sem þó eru mikilvæg undirstaða hringrásarinnar, t.d. við fatasaum og þjónustustörf. Launin eru lág og starfsöryggið er einnig í lágmarki. Flókin áhrif kynjaðs valdakerfis á þverþjóðlegt og hreyfanlegt vinnuafli koma t.d. fram á alþjóðlegum markaði fyrir heimilishjálpir (Mills, 2003). Mörg þeirra láglaunastarfa sem verða til í þróaðri kapítalískum löndum eru álitin hefðbundin „kvennastörf“ og það eru konur frá vanþróaðri löndum sem oft svara eftirspurninni eftir starfsfólki í þessi störf. Hnattrænn vinnumarkaður nútímans mótast af kynjaójöfnuði í bæði

sendingarlöndum og móttökulöndum, sem verður til þess að takmarka möguleika t.d. filippseyskra kvenna að miklu leyti við heimilisstörf. Þar sem karlkyns og kvenkyns innflytjendur tilheyra mismunandi sviðum í hagkerfi heimsins hafa innflytjendur frá Filippseyjum skipst í tvo hópa; filippseyskar konur fara til landa þar sem eftirspurn er eftir vinnuafli í kvennastörf og filippseyskir karlar fara til landa þar sem meiri eftirspurn er eftir starfsmönnum í karlastörf (Parrenas, 2000).

Í dag er sum sé annað upp á teningnum en áður og konur hafa fengið aukna athygli í fræðasamfélaginu enda hefur verið sýnt fram á að konur hafa í raun lengi verið innflytjendur og virkir gerendur í sögunni. Árið 1960 var hlutfall kvenna af þeim áætluðu 75 milljónum flytjenda í heiminum 47% og síðan hefur það farið heldur hækkandi en árið 2000 voru konur 49% flytjenda í heiminum. Í gegnum tíðina hefur helsta ástæða flutninga kvenna verið fjárhagsleg og þær hafa oftast flust innanlands en í dag flytjast þær langar vegalengdir um allan heim og ástæðurnar eru af ýmsum toga. Áður var álitid að konur flyttu bara á eftir eiginmönnum sínum sem sóttu vinnu annars staðar og þó að þær færu á vinnumarkaðinn var bara litið á það sem viðbótarinnkomu fyrir fjölskylduna. Önnur ástæða fyrir því að þáttur kvenna hefur verið hunsaður í fræðunum er að þær fluttust gjarnan innanlands eða gerðust ólöglegir innflytjendur og sóttu þá í óformleg störf, svo sem barnagæslu, húsverk og vændi, sem útheimtu litla athygli og lág laun og gerðu það að verkum að erfitt var fyrir þær að leita réttar síns ef á þurfti að halda (Unnur Dís Skaptadóttir & Wojtynska, 2008).

Rannsóknir sýna að konur sem tilheyra fjölskyldum sem hafa dreifst yfir landamæri (e. transnationally split families) eru undir miklu sálrænu álagi sem hefur neikvæð langtímaáhrif. Ef konan gerist fyrirvinna og fer að sækja vinnu erlendis, fjarri eiginmanni og börnum, getur það leitt til ákveðinna vandamála, togstreitu og álags (Piper, 2004). Kynin hafa oft mismunandi skyldur við fjölskylduna og það er því auðveldara að hindra konur en karla í að fara frá börnum og öldruðum fjölskyldumeðlimum heima fyrir. Stundum getur þessi aukni hreyfanleiki kvenna aukið sjálfstæði þeirra og vakið upp óöryggi í heimalandinu þar sem kynjahlutverkin breytast (Unnur Dís Skaptadóttir & Wojtynska, 2008).

Misjafnt er hvort konur öðlast virðingu eða ekki í heimalandinu þegar þær sjá fjölskyldunni farborða erlendis. Í Mexíkó þykir það t.d. smán fyrir konuna að yfirgefa

fjölskylduna til að vinna fyrir sér í Bandaríkjunum. Á öðrum stöðum, í heiminum eins og Filippseyjum, þykir það aftur á móti jákvætt og konur eru hvattar til að fara (Unnur Dís Skaptadóttir & Wojtynska, 2008). Á Filippseyjum hefur skapast umræða um þýðingu þessara flutninga kvenna og áhrif þeirra á filippseyskar fjölskyldur og börnin sem alast upp fjarri móður sinni. Sumir vilja meina að tilfinningalegur fórnarkostnaður leggist á alla fjölskylduna og leiði til upplausnar hennar, svo sem að eiginmaðurinn taki upp samband við aðra konu. Aðrir telja að efnislegur ávinningur með hjálp frá stórfjölskyldunni og menningarlegu samþykki vegi þyngra (Barber, 2008). Þrátt fyrir að heimilisstörf séu álitin lítilsverð sjá háskólamenntaðar filippseyskar konur samt tækifæri í þeim og filippseyska ríkið hvetur konur til að sækja þessi störf erlendis. Þrátt fyrir að þekkja hinar neikvæðu hliðar starfsins velja filippseysku konurnar því gjarnan þann kost að fara (Barber, 2000).

Í Indónesíu má sjá mörg dæmi um áhrif aukins fjármagns stoltra kvenna sem hafa farið og sótt vinnu erlendis og látið fjölskylduna og samfélagið heima fyrir njóta góðs af. Nýjar moskur hafa verið byggðar frá grunni og fjölmörg hús í afskekktum þorpum hafa jafnvel verið enduruppgerð. Auk þess hefur tilkoma mikils magns gervihnattadiska gjörbreytt ásýnd umhverfisins þar (Silvey, 2006). Í sumum löndum getur þetta aukna fjárhagslega vald líka reynst konunni vel því það getur nýst henni í samningaviðræðum við foreldra um væntanlegan maka eða við maka um eigin athafnir og útgjöld (Mills, 2003). Ástæður þess að konur kjósa að sækja vinnu erlendis eru ekki alltaf eingöngu fjárhagslegar. Sumar vilja einfaldlega víkka sjóndeildarhringinn eða komast frá hjónabandinu. Múslímskar konur vilja líka gjarnan nota tækifærið og fara til Mekka ef þær komast til Sádí Arabíu (Silvey, 2006).

Karlar geta líka orðið fyrir margs konar sálrænum og félagslegum áhrifum í þessu hnattræna og hagfræðilega ferli. Það kemur oft illa við karlmennina sem eftir sitja þegar konurnar fara til annarra landa að sækja vinnu. Þeir eru kannski atvinnulausir sjálfir og bitrir yfir því að vera ekki lengur fyrirvinna fjölskyldunnar. Sumir leiðast jafnvel út í ofbeldi til að fá útrás fyrir tilfinningarnar og aðrir hefja fikniefnabrask í von um gróða og upphafningu (Mills, 2003). Það er líka algengt að karlar fari í farandverkavinnu utan landssteinanna og það er líklegra að þeir taki niður fyrir sig í starfi og þurfi að búa við harðneskjulegar vinnu- og félagslegar aðstæður. Sálrænu áhrifin vara jafnvel enn eftir að vinnunni er lokið og heim er

komið. Þrátt fyrir aðstæður sem þessar sækja karlmenn í óöryggi farandverkavinnunnar því það er meiri pressa á þeim að halda sínu karlmannlega stolti með því að sjá fyrir fjölskyldunni. Það kemur oft illa við sálartetrið að mistakast að uppfylla þessar karlmannlegu skyldur (Mills, 2003). Karlkyns farandverkamenn hafa í auknum mæli þróað með sér vonbrigði og þirring því þeir upplifa sig gjarnan sem blóraböggul. Þeim finnst að þeir eigi að vera fyrirvinna fjölskyldunnar auk þess sem samfélagið setur þá pressu á þá (Pessar, 2003).

1.3.1 Umönnunarkerðjan

Um sjö milljónir Filippseyinga vinna erlendis og 60% þeirra eru konur. Margar þeirra svara aukinni eftirspurn eftir heimilishjálpi í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu þar sem konur eru sífellt stærri hluta starfsævinnar á almennum vinnumarkaði. Þá fer af stað ferli sem kallað hefur verið umönnunarkerðja (e. global care chain) sem er keðjuverkun ósýnilegra og persónulegra tengsla milli fólks heimshorna á milli. Hin dæmigerða umönnunarkerðja samanstendur af konum frá þróunarríkjunum sem sjá um börn í Evrópu og N-Ameríku en um leið þurfa þær að ráða aðra konu til að sjá um eigin börn sem verða eftir í heimalandinu. Bætt aðgengi að dagvistun barna í Bandaríkjunum og Evrópu hefur setið á hakanum og þáttur feðra í barnauppeldi og heimilishaldi hefur enn ekki aukist þannig að eftirspurn eftir utanaðkomandi og ódýrri heimilishjálpi verður sífellt meiri (Þorgerður Einarsdóttir, 2004). Þá er einnig algengt að flytja inn heimilishjálpi innan Asíu en í Hong Kong og Mið-Austurlöndum eru líka stórir markaðir fyrir heimilishjálpi (Mills, 2003). Þessi keðjuverkun sýnir hvernig hnattvæðingin getur skapað aukna stétta- og kynþáttaskiptingu milli kvenna sem kemur til með að aukast ef þessi þróun heldur áfram (Þorgerður Einarsdóttir, 2004). Parrenas (2000) er á sama máli og segir ferlið fela í sér stéttskiptingu þar sem filippseyskar konur hverfa frá hlutverkum sínum á Filippseyjum og færa þau yfir til fátækari kvenna til að hægt sé að slaka á kröfum kynjanna til kvenna í iðnvæddu ríkjunum (Parrenas, 2000). Stærstur hluti þeirra filippseysku kvenna sem fara til annarra landa endar í heimilisstörfum. Heimilisstörfin hafa orðið svo einkennandi fyrir filippseysku konurnar að orðið „Filippina“ hefur fengið ákveðna merkingu á sumum stöðum og vísar þá til neikvæðrar stéttarstöðu og lágra launa (Barber, 2000).

Umönnunardeðjan setur konur í nýja stöðu; þær flytja frá eigin börnum til að sinna heimilishaldi og börnum annarra og fara í kjölfarið að standa þessum nýju börnum nær en sjálfar mæður barnanna. Um leið sæta þær gagnrýni fyrir að vera ómögulegar mæður þar sem þær hafa yfirgefið eigin börn og þar með brugðist þeim (Mills, 2003). Samskiptatækni nútímans hefur þó haft mikil áhrif á umönnunardeðjuna. Aukið og bætt aðgengi að farsímum auk alþjóðlegra símakorta opnaði fyrir möguleikann á tíðari samskiptum. Mæðrum sem staddar eru fjarri eigin börnum finnst farsíminn hafa gert þeim kleift að endurheimta foreldrahlutverk sitt. Á meðan mömmurnar taka tækninni fagnandi og finnst þær vera að uppfylla móðurlegar skyldur finnst börnunum þær samt oft fjarlægjast og því efast börnin oft um hæfni móðurinnar til að sinna hlutverki sínu sem skyldi. Svona fjarsamband móður og barns getur verið ólíkt eftir því hvenær móðirin fór, þ.e. hvað barnið var gamalt og hvaða tækni var þá komin til sögunnar en það hefur áhrif á samskiptin. Þær mæður sem hafa farið nýlega eiga yngri börn og hafa alltaf haft möguleikann á tækninni en þá er „nándin“ oft meiri (Madianou & Miller, 2011).

Parrenas (2012) bendir á að fleira felist í ferli umönnunardeðjunnar en umönnun barna, t.d. umönnun eldra fólks. Auk þess gagnrýnir Parrenas hugtakið umönnunardeðja og segir að það sé frekar takmarkandi því margt fleira en umönnun felist í þeim dæmigerðu kvennastörfum sem eru kjarninn í umönnunardeðjunni. Konur í þessum störfum hafa margt annað en umönnun á herðum sér og sjá jafnvel líka um matarinnkaup heimilisins, eldamennsku, sjá til þess að börnin hafi félagsskap og eru þeim andlegur stuðningur, auk þess að þrifa eftir heimilisfólkið. Yfirgnæfandi meirihluti heimilishjálpa í heiminum eru konur. Hæsta hlutfall kvenkyns heimilishjálpa er 94,1% í Ísrael en hæsta hlutfall karlkyns heimilishjálpa er í Belize, eða 25,8%, en karlarnir þar sinna þó síður umönnun og eru fremur í hlutverki bílstjóra, varða og garðyrkjumanna. Ef þeir koma að umönnun er það helst umönnun sem snýr að eldri mönnum í fjölskyldunni eða ef starfið þarfnast líkamlegra krafta, svo sem til að lyfta einhverju þungu (Parrenas, 2012).

Þáttur kvenna hefur nú verið viðurkenndur, bæði hvað varðar fræðasamfélagið og sögu fólksflutninga. Samt sem áður eru áhrif kynjanna til staðar enn í dag, samanber kynjaskiptan vinnumarkað og kynjaðar klisjur alþjóðlegra fyrirtækja. Auk þess er

mismunandi eftir menningarheimum hvaða skyldur kynin eru talin hafa við fjölskylduna og áhrif flutninga kvennanna eru því mismunandi. Ýmsar ástæður geta legið að baki fólksflutningum en meginástæðan, og ástæða þess að konur hafa í auknum mæli sótt á alþjóðlegan vinnumarkað, er af fjárhagslegum toga. Tilgangurinn er að sjá til þess að fjölskyldan eigi í sig og á og fólk leggur oft mikið á sig til að sjá fyrir fjölskyldunni og bæta samfélagið heima fyrir. Stundum hefur það jákvæð áhrif á orðspor og upphafningu einstaklingsins í heimalandinu en stundum felur það í sér fordæmingu og hneyksli.

Konur eru hlekkir í umönnunarkerfjum sem hefur skapað tækifæri en líka stéttskiptingu á vinnumarkaði. Hún hefur líka haft áhrif á samband móður og barns. Kostir og gallar felast í því þegar móðir sér um annarra manna börn til að sjá fyrir eigin börnum sem hún á í fjarsambandi við en í því tilliti taka mæðurnar nútímatækni fagnandi og finnst að hún geri þeim kleift að finna til aukinnar nándar við börnin heima fyrir. Fjölmörg dæmi má finna um konur sem gerendur og um virkni þeirra á alþjóðlegum vinnumarkaði í Mið-Austurlöndum en um það verður fjallað nánar í næsta kafla. Auk þess eru niðurstöður þessarar rannsóknar skýrt dæmi um það.

1.4 Innflutt vinnuafli í Mið-Austurlöndum

Löng hefð er fyrir því að flytja inn vinnuafli til Mið-Austurlanda, einkum í láglaunastörf eins og þjónustustörf. Almenn er litið á þetta vinnuafli sem tímabundið og ekki er gert ráð fyrir að fólk setjist að til langframa. Flest þessara landa notast við ákveðið sponsora- eða styrktaraðilakerfi. Það felur í sér að sá sem vill ráða manneskju í vinnu sér um að borga fyrir öll tilskilin leyfi eða borgar beint til umboðsskrifstofu sem gerist milligönguaðili og sér um þessi mál. Þar með gerist viðkomandi ábyrgðarmaður síns starfskrafts sem að sama skapi má eingöngu starfa fyrir húsbónda sinn (Varia, 2011).

Undanfarna áratugi hefur verið gríðarleg uppsveifla í Mið-Austurlöndum. Um leið og nýjar olíulindir fóru að finnast við Persaflóa á 7. áratugnum og með aukinni olíuframleiðslu með fylgjandi hagvexti jókst eftirspurnin eftir innfluttu vinnuafli á svæðinu. Á fyrstu uppgangsárum olíuríkjanna var mikill fjöldi útlendinga frá öðrum nágrannalöndunum í Arabíu og Asíu ráðinn til að sjá um uppbyggingu iðnaðarins og

innviða ríkisins (Silvey, 2006). Mikilvægt hefur þótt að viðhalda uppbyggingunni til að halda áfram að auka fjölbreytni í innkomu ríkisins og afleiðing þessarar auknu uppbyggingar er m.a. að þörfin fyrir ódýrt erlent vinnuafli verður áfram til staðar og avinnuleysi almennings á staðnum mun ekki hverfa (Ianchovichina, Estache, Foucart, Garsous & Yepes, 2013). Til að byrja með voru aðallega karlmenn ráðnir, enda voru störf sem voru í boði dæmigerð karlastörf eins og byggingarvinna. Í kjölfar uppbyggingarinnar og aukinnar velmegunar á svæðinu skapaðist hins vegar frekari eftirspurn eftir konum í þjónustustörf inni á heimilum. Þær konur sem hafa svarað eftirspuninni hafa aðallega verið frá Suður-Asíu og nágrannalöndum Persaflóaráríkjanna (Silvey, 2006).

Sum nágrannalandanna sáu sér leik á borði, t.d. Filippseyjar og Indónesía sem hvöttu þegna sína til að fara út fyrir landssteinana til að vinna við þessi störf. Þetta eru dæmi um lönd sem reiða sig að miklu leyti á peningasendingar erlendis frá til að sjá fyrir þeim sem eftir sitja, skapa gjaldeyri og minnka atvinnuleysi (Varia, 2011). Í mörgum tilfellum stýra yfirvöld straumnum með gagnkvæmum samningnum um vinnuafli. Forseti Filippseyja setti árið 1974 á legg útflutningskerfi (e. export program) til að hjálpa til við að minnka vægi þess vinnuafli sem ríkið þurfti að sjá fyrir. Farandverkafólk frá Filippseyjum er að finna í hundruðum landa en flestir fara til Sádí Arabíu. Á topp tíu lista yfir áfangalönd Filippseyinga eru fimm í Mið-Austurlöndum: Sádí Arabía, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Katar, Kúveit og Barein (Rodriguez, 2011). Þegar Pakistan og Bangladesh stöðvuðu alla flutninga vinnukvenna til Persaflóalandsanna árið 1983 vegna misnotkunar þar nýtti Indónesía enn fremur tækifærið og hvatti fólk til að sækja vinnu til Mið-Austurlanda. Strax fyrsta árið voru gerðir 47.000 samningar við Sádí Arabíu eingöngu en á árunum 1989–1994 urðu þeir 384.822 og tveir þriðjuhlutar þeirra voru vegna heimilishjálpa (Varia, 2011).

Staðalímyndin af farandverkafólki á Mið-Austurlöndum, bæði körlum og konum, er sú að það sé upp til hópa kynferðislega laust í rásinni og þar af leiðandi ekki treystandi. Yfirmenn óttast að konur geti orðið óléttar eða boðið heim ókunnugum karlmönnum sem gætu rænt staðinn, eða að konunum gæti hreinlega verið rænt og þær þvingaðar í vændi. Þessar ýkjur eru notaðar til að réttlæta einangrun starfsfólksins sem fær jafnvel enga frídaga og þegar viðkomandi er einn eftir heima er hurðinni læst utan frá. Yfirvöld taka jafnvel í sama streng því allir eru

skyldaðir reglulega í HIV- og óléttupróf. Ef einhver greinist jákvæður jafngildir það samningsbroti og brottrekstri úr landinu (Varia, 2011). Rannsókn meðal filippseyskra heimilishjálpa í Róm og Los Angeles sýndi hins vegar að flestar þeirra eru menntaðar mæður en ekki ungar og einhleypar konur eins og hin ranga staðalímyndin gefur til kynna (Parrenas, 2000).

1.4.1 Aðbúnaður og mannréttindi

Mikilvægt er að skoða aðstæður aðfluttra heimilishjálpa því þær eru stór hluti innflutts vinnuafls í Mið-Austurlöndum og líka vegna þess að þær eru oftast nefndar í skýrslum um mansal fólks í verkamannavinnu á þessu svæði. Í tilfelli heimilishjálpanna felst þrælkunin í lágu kaupi, yfirvinnustundum, litlum frítíma og að vera látin vinna fyrir aðra (ættingja eða vini yfirmannsins) án þess að fá greitt aukalega fyrir það. Lágt kaup getur verið erfitt að meta, einkum þar sem engar vinnumarkaðsreglugerðir gilda. Í Líbanon eru meðallaun heimilishjálpar frá Srí Lanka 154 Bandaríkjadalir (andvirði 20.000 íslenskra króna), heimilishjálpir frá Eþíópíu fá 204 dali og heimilishjálpir frá Filippseyjum 340 dalir. Það liggur ekki í augum uppi hvað ræður þessum mun annað en það sem umboðsmenn og yfirmenn nefna, svo sem menntun, hæfni, tungumálakunnátta og útlit eða aðdráttarafl (e. attractiveness) (Jureidini, 2010).

Skýrslur sýna að það tíðkast að starfsmenn séu læstir inni á meðan fjölskyldan bregður sér af bæ. Margir fá engan frítíma eða fá einungis að yfirgefa heimilið í fylgd með fjölskyldumeðlim, jafnvel bara til að versla hjá kaupmanninum á horninu. Næstum allir yfirmenn taka vegabréfin af starfsmönnum sínum svo þeir komist ekki í burtu án þeirra vitundar. Ef starfsmaður ákveður að reyna að flýja ber yfirmanninum skylda til að tilkynna brotthvarfið tafarlaust til yfirvalda og um leið er sá hinn sami flokkaður sem ólöglegur útlendingur í landinu og það má handtaka hann, hafa í haldi og vísa úr landi. Þessar aðstæður hafa verið kallaðar þrælkunaraðstæður. Ef heimilishjálpi vill hætta hjá yfirmanni sínum er það ekki hægt án þess að greiða háar sektir sem ekki eru skilgreindar í samningnum sem skrifað var undir. Fyrir utan áðurgreinda misnotkun á þessu vinnuafli komu líka í ljós fleiri tegundir misnotkunar í rannsókn sem var gerð á aðstæðum húshjálpa í Líbanon. 52% þeirra voru kallaðar

niðrandi nöfnum svo sem „asni“, 14% urðu fyrir líkamlegu ofbeldi eða bókstaflegum pyntingum og 7% urðu fyrir kynferðislegri áreitni, jafnvel nauðgun. Fyrir utan kynferðisáreitnina sem kom frá körlum var það yfirleitt húsmóðirin sem átti í hlut (Jureidini, 2010). Að meðaltali deyr ein húshjálpi í hverri viku í Líbanon (Varia, 2011). Miðað við núverandi lagaskipulag í Asíu er erfitt að standa vörð um réttindi, líkamlegt öryggi og sálræna heilsu þessara vinnukvenna. Flestum ríkisstjórnnum hefur mistekist að veita þeim lagalega vernd og þjónustu sem hentar þörfum þeirra og aðstöðu á þessum vinnumarkaði. Þetta verður einkum snúið viðureignar þegar konur hafa unnið ólöglega því þá nær lagaramminn enn síður til þeirra. Þar af leiðandi á talsverður fjöldi kvenna ekki í neitt skjól að vernda. Vegna strangra reglna um innflutning þar sem yfirleitt eru aðeins í boði skammtíma starfssamningar eða engir samningar sækja fleiri konur í vinnu án tilskyldra leyfa sem um leið gerir þær berskjaldaðar (Piper, 2004).

Um 17 milljónir erlends verkafólks starfa nú í Persaflóarárkjunum. Flestir koma frá Suður-Asíu en um 4,5 milljónir koma frá Indlandi eingöngu. Meira en þriðjungur af þeim 37 milljónum sem búa á svæðinu er útlendingar og í Sameinuðu arabísku furstadæmunum eru einungis tæplega 20% íbúa heimamenn. Venjan er að verkamönnum í byggingargeiranum sé úthlutaður svefnstaður í ákveðnum búðum á afskekktu svæði. Búðirnar eru langt frá vinnusvæðinu og afgirtar með háum steypuveggjum sem eru vaktaðir allan sólarhringinn. Engin loftkæling er til staðar og hitinn fer jafnvel upp í 35 gráður á daginn strax í mars. Þar er ekkert rennandi vatn og menn verða að kaupa sitt vatn sjálfir. Enginn hirðir um ruslið og rafmagn þykir ekki sjálfsagður hlutur. Fyrir utan þessar veraldlegu aðstæður er öryggi starfsmannanna ekkert ef eitthvað ber út af, ekki einu sinni ef fyrirtækið sjálft fer á hausinn (Walt & Singh, 2008). Rannsókn á meðal þessa hóps sýndi töluvert háa tíðni þunglyndis og sjálfsmorðshugleiðinga. Niðurstöður segja það haldast fyrst og fremst í hendur við lágt kaup en flestir unnu sér inn um 275 Bandaríkjadali á mánuði. Vinnuaðstæður höfðu líka sitt að segja en flestir þeirra sem þjáðust af þunglyndi unnu við byggingarframkvæmdir í allt að 50 gráðu hita á sumrin (Al-maskari, Shah, Al-sharhan, Al-haj, Al-kaabi, Khonji, Schneider, Nagelkerke, & Bernsen, 2011). Sem dæmi má taka að þrjátíu ára gömlum manni frá Indlandi sem hefur unnið á svæðinu í tíu ár hefur tekist á þeim tíma að senda heim 7500 Bandaríkjadali (Walt & Singh, 2008).

Allar umboðsskrifstofur ættu að vera undir ströngu eftirliti, bæði í upprunalandinu og á áfangastað, en því miður er það sjaldnast raunin. Vinnuáætlaður geta verið svívirðilegar og þrælslegar og þótt umboðsaðilar geti hafa blekkt, villt um fyrir eða mistekist að vara tilvonandi farandverkamenn við þessum aðstæðum er ekki auðvelt að stimpla það sem mansal þó að oftast sé gert ráð fyrir því. Það eitt að fara yfir landamæri í þeim tilgangi að misnota einstakling eða þræla honum út jafngildir ekki mansali. Í tilfelli heimilishjálpanna er hægt að merkja að þær verði fyrir misnotkun af hendi milliliða á ferðalaginu (e. middle men in transit) og yfirmanna á vinnustaðnum sjálfum en það er fátt sem sannar að kerfisbundið samsæri sé skipulagt meðal milliliðanna og yfirmanna fólksins á staðnum og því er ekki hægt að tala um greinilegt mansal (Jureidini, 2010).

Það hefur reynst erfitt að búa til einhvern mælikvarða og skilgreiningu á þessum fyrirbærum, mansali og þrælkun. Ein skilgreining setur mörkin við það hvort einstaklingurinn hafi möguleika á því að segja skilið við vinnuna eða ekki. Fólk getur verið í vinnu við algjörlega ömurlegar aðstæður en samt gengið að henni sjálfviljugt vegna mikils launamismunar og lífsviðurværis miðað við aðstæðurnar heima við (Jureidini, 2010).

Ein meginástæða erfiðleikanna við að rannsaka mansal er að verið er að fást við falinn mannfjölda. Heimilishjálpir eru ekki faldar, ólíkt t.d. fórnarlömbum vændis, en hins vegar eru þær innan friðhelgi einkalífsins á heimili fólks þar sem yfirvöld eru treg til að skipta sér af. Mansal er oft skilgreint út frá því að fórnarlambið sé fjarlæggt af heimili sínu og sé undir stjórn annarra og misnotað í hagnaðarskyni fyrir aðra. Ef stjórnun er kjarninn í mansali má færa rök fyrir því að farandverkafólk sem vinnur í sponsorakerfinu sé allt fórnarlömb mansals. Þetta fólk getur ekki sjálft komist út úr sínum aðstæðum yfir á almennan vinnumarkað. Það verður að vinna fyrir sponsorinn sinn og engan annan án þess að hafa frelsi til að fara úr landinu þegar þeim hentar, hvort sem er í frí eða ef aðrar aðstæður kalla (Jureidini, 2010). Þetta kerfi þykir gallað fyrir margra hluta sakir því það stuðlar að öfgafullu valdasambandi þar sem starfsmaðurinn er algjörlega á valdi yfirmannsins. Þessi valdasambönd eru líka vandmeðfarin því þau geta snert á viðkvæmum þáttum eins og kyni, kynþætti og útlendingahatri (Varia, 2011). Móttökulönd farandverkafólks hafa meira vald til að ákvarða skilyrði og aðstæður starfsmanns í þar. Þessar aðstæður hafa versnað með

aukinni samkeppni og vegna aukins þrýstings innan upprunalandanna. Asía er eina svæðið sem ekki hefur ákveðna opinbera mannréttindasamninga og svæðisbundin ferli samkvæmt því sjónarmiði. Það er helst hægt að útskýra með gríðarlega víðfeðmu margbreytilegu pólitísku landslagi. Mannréttindabaráttan er því sett í hendur frjálsra félagasamtaka (Piper, 2004). Nýleg dæmi eru um að verkafólk taki af skarið af eigin frumkvæði og mótmæli, jafnvel í öfgafullu landi eins og Sádi Arabíu. Hópur Filippseyinga þar í landi var til dæmis kominn með nóg af óréttlætinu og tók sig til snemma árs 2010 og mótmælti lágu kaupi og öðrum samningabrotum. Þetta var áhætta sem bar árangur. Þetta framtak er ekki einsdæmi og athyglisvert er að filippseyskar konur eru einnig gerendur í þessum tilfellum og skipuleggja verkfallsaðgerðir og hungurverkföll (Rodriguez, 2011).

Í kjölfar uppsveiflunnar í olíuríkjunum í Mið-Austurlöndum jókst eftirspurn eftir ódýru erlendu vinnuafli og reglum samkvæmt skal fólk ráðið í gegnum ákveðið sponsora- eða styrktaraðilakerfi sem þar tíðkast. Karlar eru ráðnir í hefðbundin karlastörf og konur í kvennastörf. Meirihluti þessa vinnuafls kemur frá Asíu og lönd eins og Filippseyjar og Indónesía hvetja þegna sína til að sækja vinnu erlendis. Aðstæður þessa farandverkafólks geta verið æði misjafnar og fjölmörg dæmi eru um að það sæti ómannúðlegri framkomu og misnotkun og jafnvel má færa rök fyrir því að allir sem starfa í sponsorakerfiinu séu fórnarlömb þrælkunar. Úrbóta er þörf en lítið er um reglugerðir er lúta að málaflöknum í þessum heimshluta. Því hafa frjáls félagasamtök lagt lóð á vogarskálarnar auk þess sem dæmi eru um að farandverkafólkið sjálf hafi látið til sín taka.

2 Rannsóknaraðferðir

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir rannsóknaraðferðum og framkvæmd rannsóknarinnar. Fyrst er til umfjöllunar eigindleg aðferðafræði sem er sú aðferð sem þessi rannsókn byggir á. Því næst verður ferli framkvæmdarinnar rakið og í kjölfarið þær siðferðislegu hugleiðingar sem áttu sér stað varðandi rannsóknina.

2.1 Aðferðafræði

Þær rannsóknaraðferðir sem eru notaðar í þessari rannsókn tilheyra eigindlegum rannsóknaraðferðum. Með eigindlegum aðferðum er reynt að komast að og lýsa reynsluheimi annarra án þess að leggja dóm á hann. Þess konar aðferðir eru einkum notaðar við rannsóknir þar sem skilningur fæst ekki með tölfræði og leitast er við að lýsa veruleikanum en ekki leggja mat á hann. Eigindlegar rannsóknaraðferðir henta einnig vel þegar um er að ræða margar mögulegar breytur en fá tilvik.

Eigindlegar rannsóknaraðferðir notast gjarnan við aðleiðslu (e. inductive reasoning). Það felur í sér að rannsakandi leggur ekki upp með ákveðna kenningu í upphafi sem svo er borin saman við raunveruleikann til að sjá hvort hún samræmist staðreyndum, heldur er þessu öfugt farið. Byrjað er á því að kanna félagslegan veruleika og út frá því ferli er svo þróuð kenning sem samræmist því sem rannsakandi verður vitni að. Þessi nálgun kallast grunduð aðferð (e. grounded approach). Eigindlegar rannsóknaraðferðir byggja á lýsandi rannsóknargögnum sem geta t.d. verið vettvangsnótur, afrituð viðtöl, myndbandsupptökur, persónuleg gögn og opinber skjöl og skýrslur (Esterberg, 2002). Grunduð kenning hentar betur fyrir sumar rannsóknarspurningar en aðrar. Hún hentar best þegar fengist er við rannsóknir á huglægri upplifun fólks. Tilgangurinn með grundaðri kenningu er ekki að sýna fram á staðreyndir eða sannreyna tilgátur um raunveruleikann heldur að sýna hvernig þátttakendur túlka veruleikann. Grunduð kenning einkennist af

stöðugu samspili gagnkvæmra áhrifa milli rannsakandans og gagnanna sem unnið er með (Suddaby, 2006). Hammersley og Atkinson (2007) segja kenningarmiðina vera ferli þar sem hugmyndir og gögn kallast sífellt á og hafa áhrif hvert á annað. Þungamiðja grundaðrar kenningar er þetta samband milli gagnanna og hugmynda rannsakandans og aðferðirnar eru bæði leitandi og sveigjanlegar.

Eigindlegir rannsakendur byggja alltaf á eigin reynslu sem mótar hvern og einn og þannig geta persónulegir eiginleikar haft áhrif á túlkun rannsóknarefnisins. Rannsakandi verður einnig að hafa í huga hversu kunnuglegt rannsóknarumhverfið er honum sjálfum. Kunnugleikinn getur leitt af sér minni væntingar til að sjá og upplifa eitthvað nýtt og því minnka líkurnar á því að rannsakandinn muni komast að einhverju óvæntu. Þannig getur rannsakandi farið á á mis við mikilvæg atriði. Hins vegar kallar framandi umhverfi á auknar væntingar og opnari huga (Esterberg, 2002). Hvað er að finna í gögnum rannsakandans og hvernig þau hafa byggst upp er ekki tilviljunum háð. Öll vinnan sem á sér stað fyrir viðtalið er í sjálfu sér upphafið að greiningunni. Forvinnan hefur áhrif á greininguna sjálfa en sú vinna felur í sér t.d. vangaveltur um tilgang rannsóknarinnar og rannsóknarspurningarnar, ákvarðanir um rannsóknaraðferðir, val á viðmælendum, hvaða spurningar þeir fá og hugmyndir sem rata á minnisblöðin (Crang & Cook, 2007). Hammersley og Atkinson (2007) benda þó á að mikilvægt sé að vera meðvitaður um að greiningin litist ekki af fyrirfram ákveðnum hugmyndum og því getur þannig túlkun gagnanna í ákveðinn farveg heldur verður rannsakandinn að reyna að vera meðvitaður um hvernig nálægð hans getur haft áhrif á gögnin. Kenningarmiðina er ekki bara að finna í gögnunum heldur byggist hún alltaf á rannsakandanum sjálfum sem sér um greininguna. Á þennan hátt leitast ég við að lýsa og gera grein fyrir upplifun viðmælenda minna sem kvenkyns heimilishjálpir og innflutt vinnuafli í Óman.

2.2 Framkvæmdin

Vettvangur rannsóknarinnar er höfuðborg Óman, Múskat. Val á vettvangi helgast af búsetu minni í auk þess að sem viðfangsefnið hefur verið mér hugleikið lengi, þ.e. aðstæður verkafólksins í Mið-Austurlöndum og hvernig umhverfið ætlast til þess af mér sem vestrænni manneskju að halda heimilishjálpi. Hugmyndin að rannsókninni sjálfri kviknaði þegar ég hóf nám í hnatrænum tengslum. Undirbúning og frekari

Þróun rannsóknarinnar má rekja til námskeiðisins „Vettvangsferðir“ (MAN601F) vorið 2013. Þá tók ég tvö viðtöl en hin viðtölin tók ég í febrúar og mars 2014.

Bakgrunnur rannsakenda og félagsleg staða eins og kyn, aldur og stétt getur haft áhrif á rannsóknir (DeWalt K. M., DeWalt B. R., & Wayland, 1998). Rannsóknarefnið og aðgengið tók líka mið af minni persónulegri stöðu. Óman er mjög stéttskipt samfélag og samskipti kynjanna takmörkuð. Samkvæmt ómönsku umhverfi og hefðum teljast viðmælendur mínir og ég ekki til sömu stéttar. Þrátt fyrir það tel ég mig hafa náð ágætis sambandi við viðmælendur mína. Burtséð frá stéttskiptingu eigum við það sameiginlegt að vera mæður, konur og gestir í Óman. Það hefði einnig verið áhugavert að kanna aðstæður karla í verkamannastörfum í Óman sem vinna jafnvel daglangt úti í 50 gráðu hita á sumrin en þar takmarkar bæði félagsleg staða mín aðgengi auk þess sem meiri líkur hefðu verið á tungumálaerfiðleikum.

Tekin voru viðtöl við alls ellefu konur sem tilheyra hópi innflutts vinnuafls í Óman og starfa tímabundið við heimilishjálp (þrif, eldamennsku, barnapössun, garðvinnu o.fl.). Í hópnum voru sex konur frá Srí Lanka, fjórar frá Filippseyjum og ein frá Indónesíu. Þær voru á aldrinum þrjátíu og átta ára til sextugs og allar nema ein voru mæður og átta börn og jafnvel barnabörn í upprunalandinu. Dvöl þeirra í Óman hafði varið frá einu og hálfu ári til þrjátíu ára. Þrjár höfðu áður sótt vinnu í nágrennalöndunum (Kúveit, Jórdaníu og Sameinuðu arabísku furstadæmunum) og töluðu því einnig um þá reynslu. Notast er við dulnefni í rannsókninni. Flest viðtölin fóru fram heima hjá viðmælendunum sjálfum eða vinnuveitandanum. Þrjú viðtöl fóru fram í búddahofi. Eitt viðtal var tekið heima hjá rannsakanda og eitt við ströndina. Það voru nokkrir hliðarverðir í þessari rannsókn. Kostir þess að notast við hliðarvörð eru að aðgengið var auðveldað mikið auk þess sem það var liður í því að hafa rannsóknina fyrir opnum dyrum.

Í viðtölunum, sem voru opin, fengu viðmælendur mínir að tjá sig með eigin orðum um málefnið, sem er ólíkt því þegar staðlaðir spurningalistar eru lagðir fyrir (Esterberg, 2002). Gagnasöfnunin fór því fram með opnum, hálfstöðluðum viðtölum, þ.e. notast var við nokkrar staðlaðar spurningar um bakgrunn viðmælenda en síðan var atriðalisti hafður til hliðsjónar til að spyrja opinna spurninga þar sem viðmælendur gátu fengið að miðla sínu sjónarhorni, upplifun og reynslu með eigin

orðum. Eina sameiginlega tungumálið var enska og því fóru öll viðtölin fram á því máli. Enskukunnátta viðmælendanna og framfærni var mjög misjöfn en þrátt fyrir það var tjáning þeirra oft sterk og tilfinningaþrungin. Eftir afritun viðtalanna var notast við opna kóðun og síðan þemagreiningu þar sem meginþemun, *öryggi* og *óöryggi*, urðu til og kölluðust á á ýmsa vegu.

2.3 Hugleiðing um siðfræði

Upphaflega hafði ég hugsað mér að taka viðtöl við konur sem tengdust mér ekkert persónulega svo að viðkomandi gæti talað hreint út án þess að óttast að upplýsingarnar bærust til vinnuveitandans (sponsorsins). Á sama tíma fannst mér þó ekki rétt að fara á bak við vinnuveitendur með því að ræða þetta án þeirra vitundar. Það er erfitt að vita hvers konar afleiðingar það getur haft fyrir viðmælandann ef þátttaka hans í rannsókninni fellur vinnuveitandanum ekki í geð. Crang og Cook (2007) setja fram siðarreglur sem ég er sammála en þar kemur fram að betra sé að koma heiðarlega fram og gera grein fyrir sér og rannsókninni. Hammersley og Atkinson (2007) segja einnig að mannfræðingar verði að veða og meta mikilvægi rannsóknarinnar og hugsanlega áhættu sem gæti fylgt henni (fyrir þátttakendur og aðgengi síðar meir) út frá siðferðissjónamiðum og heiðarleika. Hvort er mikilvægara, rannsóknin/málstaðurinn eða öryggi þátttakenda og hugsanlegar neikvæðar afleiðingar? Að útiloka alla slíka óvissu ætti að vera keppikefli rannsakanda. Úr varð að ég notaðist við nokkra hliðarverði, oftast vini og kunningja sem sjálfir voru með heimilishjálp. Auk þess reyndist heimilshjálpin á mínu heimili afar hjálplegur hliðarvörður. Í raun komu tengslin ekki í veg fyrir viðmælandinn gæti opnað sig því allir viðmælendur mínir eiga það sameiginlegt að hafa unnið fyrir marga vinnuveitendur á ferlinum, jafnvel þær sem hafa verið styst í Óman, og allar eru þær sáttar við núverandi vinnuveitenda og eru frjálssar ferða sinna.

Í þessum kafla hefur verið fjallað eigindlegar rannsóknaraðferðir sem eru grundvöllur þessarar rannsóknar. Eigindlegar aðferðir eiga vel við hér enda ganga þær út frá daglegu lífi en ekki fyrirframgefnum kenningum og því er gjarnan leitað til fólksins og

út í samfélagið til að reyna að skýra hvernig einstaklingar skilja og upplifa einstaka atburði eða aðstæður.

Gerð var grein fyrir aðstæðum mínum sem rannsakanda sem réðu rannsóknarefninu og vettvangi. Framkvæmd rannsóknarinnar var síðan útlistuð auk þeirra siðferðislegu hugleiðinga sem áttu sér stað varðandi val á viðmælendum en Hammersley og Atkinson (2007) leggja ríka áherslu á að forðast skuli að valda þátttakendum skaða og var það haft að leiðarljósi. Viðmælendur í rannsókninni eiga það allir sameiginlegt að vera gestir í Óman og eru háðir starfs- og dvalarleyfi. Að framkvæma rannsókn án vitundar yfirmanns gæti komið í bakið á þátttakendum og því var farin sú leið að hafa framkvæmdina fyrir opnum dyrum.

3. Niðurstöður

Þátttakendurnir í þessari rannsókn hafa þurft að takast á við margs konar erfiðleika í baráttu sinni við að skapa börnum sínum og fjölskyldum fjárhagslegt öryggi. Neyðin hefur enn fremur rekið þær út fyrir landsteinana í frekari óvissu og óöryggi. Í eftirfarandi kafla verður fjallað um þessar áskoranir frá ýmsum hliðum þar sem andstæðurnar og meginþemun *óöryggi og öryggi* – erfiðleikar og gleði – kallast mikið á. Þessar fórnfúsu, viðkvæmu en jafnframt sterku konur gleðjast yfir litlu sigrunum, sem eru þó svo stórir, á erfiðum tímum sem gera erfiðleikana þess virði.

Í upphafi kaflans verður greint frá því hvað liggur að baki ákvörðun þátttakendanna um að sækja vinnu erlendis, hver markmiðin eru og væntingum til framtíðarinnar. Þar á eftir verður fjallað um þemað *óöryggi/erfiðleikar* út frá ýmsum hliðum. Óöryggi og erfiðleikar snúa að heimalandinu og heimþrá, vinnuaðstæðum og umhverfinu almennt í Óman. Auk þess lýstu tveir viðmælendur óörygginu sem fylgdi því að vera fórnarlamb stríðsátaka í Kúveit á tímum Persaflóastríðsins. Því næst segir frá þeim ólíku vinnukröfum og kjörum sem snúa að heimilishjálpum í Óman. Samskipti eru stór þáttur í upplifun kvennanna, þ.e. samskipti við fjölskylduna og heimalandið annars vegar og samskipti innan Óman hins vegar. Margar lýstu einhvers konar upplifun af nánd en á ólíkan máta. Að lokum verður svo fjallað um jákvæðari hliðar málsins og uppskeru erfiðisins; þá gleði og þakklæti sem þó býr í brjóstum þeirra.

3.1 Hvati

Á þeim tíma átti ég ekkert, ég var fátæk, mjög fátæk, á Srí Lanka átti ég engar eignir og ekkert hús.

Allir viðmælendur eiga það sameiginlegt að hafa í upphafi leitað að atvinnu erlendis í þeim tilgangi að skapa fjárhagslegt öryggi fyrir fjölskylduna sem heima situr, einkum börnin þótt alltaf séu fleiri sem njóti góðs af. Algengast var að þær tækju ákvörðun um að fara til annarra landa í atvinnuleit í kjölfar hjónabandserfiðleika, skilnaðar eða makamissis. Eftir hjónaskilnaði virtust feðurnir koma lítið eða ekkert að uppeldi og framfærslu barnanna, stundum vegna þess að mæðurnar kusu það. Linda er eini viðmælandinn sem aldrei hefur gifst og er barnlaus en það er ekki þar með sagt að hún beri ekki neina ábyrgð því hún varð að gerast fyrirvinna fjölskyldunnar þegar faðir hennar veiktist og yngri systkinin þurftu að fara í skóla. Allar hinar konurnar eiga börn og hafa orðið að leita ráða til að sjá þeim farborða.

Vegna barnanna minna geymdi ég ekki einu sinni fimm ríala fyrir sjálfa mig og vegna þess að maðurinn minn sem var leigubílstjóri á þeim tíma hjálpaði mér aldrei með börnin. Hann hjálpaði börnunum mínum aldrei, þó að hann hafi búið með börnunum þá hjálpaði hann samt aldrei, hann hugsaði um aldrei um aðstæður þeirra. Svo veit ég ekki hvað varð um hann, bara að hann var leigubílstjóri og börnin sögðu mér að hann hefði fengið sér aðra konu.

Hvatinn að því að leita til annarra landa er yfirleitt bággt ástand í heimalandinu. Sumir viðmælendurnir lýsa sárri fátækt, atvinnuleysi, eymd, pólitískri spillingu, háu vöruverði og verðbólgu. Flestar kvennanna hafa litla og jafnvel enga menntun og höfðu því ekki fjölbreytta atvinnukosti heima fyrir. Fjórar þeirra unnu á öðrum vettvangi áður en þær gerðust heimilishjálpir en aðeins tvær þeirra hafa einhvers konar framhaldsmenntun. Linda kláraði framhaldsskóla og starfaði áður í raftækjafyrirtæki (e. electronic company) þar sem hún segir launin, aðbúnað og vinnutíma hafa verið slæman. Hún er jafnframt eini viðmælandinn sem sagði berum orðum að hún hefði ekki bara komið til Óman til að fá hærri tekjur heldur líka vegna reynslunnar. Helena sagði skilið við ritarastarf í heimalandinu í von um að dóttir hennar fengi tækifæri á betra lífi. Dóttirin var þá búin með framhaldsskóla en atvinnuútlit fyrir hana var ekki gott á Filippseyjum en hún starfar nú sem flugfreyja hjá ómanska ríkisflugfélaginu.

Mæðurnar leggja allt í sölurnar fyrir börnin sem eru rauði þráðurinn í lífi þeirra; það kemur sterkt fram hjá þeim öllum. Jafnvel í stysta viðtalinu við viðmælanda sem hefur átt farsælt líf í Óman komu fram miklar tilfinningar og söknuðurinn og treginn leyna sér ekki er börnin ber á góma: „*börnin mín eru lífið*“. Það kann því að hljóma mótsagnakennt að fara í burtu frá börnunum en alltaf er það gert í þeim tilgangi að uppfylla grunnþarfir þeirra; að gæta þess að þau geti haft í sig og á og eigi kost á skólagöngu. Þá er framtíð barnanna mikilvægari konunum en eigin framtíð. Þær eru því tilbúnar að eiga í fjarsambandi við börnin sín og treysta öðrum til að hafa umsjón með þeim. Einn viðmælandinn, sem er ekkja, klökkar er hún rifjar upp hversu erfitt það var að fara frá börnunum og missa af hversdagslífinu með þeim og skólaárunum en hún gat þá allavega séð þeim fyrir menntun.

Það er allt í lagi hjá dóttur minni í dag, hún á mann, börn og er hamingjusöm, hún hefur fengið allt því ég hef gefið henni allt (hlær) ég vinn og vinn svo dóttir mín geti verið hamingjusöm.

Fleira spilar inn í þetta ferli. Í flestum tilfellum snýr neyðin ekki eingöngu að börnunum því ótal aðilar í heimalandinu njóta góðs af fórnfýsi kvennanna. Þær leggja á sig mikla vinnu og senda fjölskyldunni nánast alla þá peninga sem þær vinna sér inn. Auk þess að kosta eigin börn í nám eru dæmi um að frændur og frænkur eigi kost á háskólanámi og foreldrarnir fá ellilífeyri vegna þeirra peninga sem konurnar senda heim. Sumar hafa líka keypt land og byggt hús, jafnvel tvö hús, í heimalandinu. Ein þeirra kom á fót fyrirtæki; snyrtistofu sem dóttir hennar rekur. Einnig hjálpa þær til við útgjöld í stórfjölskyldunni eins og kostnað vegna brúðkaupa og lækniskostnað.

3.1.1 Framtíðin

Ég get slakað á núna, ég er frjáls, dóttir mín er gift, sonur minn er giftur. Ég er frjáls en samt held ég áfram að hjálpa fjölskyldunni minni.

Þegar upphaflegu markmiðunum er náð, börnin vaxin úr grasi og lífið komið á lygnari sjó breytast markmiðin. Flestar kvennana hafa í lengst í Óman í allt að 30 ár. Þær sem hafa verið skemur vilja vera lengur. Sumar segjast líta á Óman sem sitt annað heimili enda hafa þær skapað sér þar nýtt líf. Í sumum tilfellum hafa fjölskyldumeðlimir komið í kjölfarið og eru hluti af nýja staðnum og allar hafa konurnar myndað ný vinatengsl í Óman og jafnvel ástarsambönd. Allar vilja vera lengur í Óman en þær elstu í hópnum eru flestar farnar að huga að því að halda til upprunalandsins til að setjast í helgan stein og sameinast loksins fjölskyldunni sem þar er. Þótt viljinn sé fyrir hendi á farandverkafólk í Óman, lögum samkvæmt, hvorki kost á ómönsum ríkisborgararétti né að setjast að í Óman. Erlent fólk í Óman er alltaf háð atvinnu- og dvalarleyfi. Þó að sumar kvennanna hafi verið allt að 30 ár í Óman hafa þær því engan lagalegan rétt til að gerast ríkisborgarar þar. Dvölin er undir öllum kringumstæðum háð því að þær hafi *vísu*, þ.e. pakka sem inniheldur vegabréfsáritun, atvinnu- og dvalarleyfi.

Allar konurnar halda áfram að senda peninga heim þrátt fyrir að börnin séu komin á legg og í mörgum tilfellum gift. Alltaf eru einhver tilefni eða þörf fyrir peninga innan stórfjölskyldunnar. Þær elstu hafa nú breytt markmið og eru jafnvel farnar að leggja fyrir vegna elliáranna og fjárfesta heima fyrir. Nokkrar vilja gefa til baka og gefa fátækum í Óman fé. Það virðist vera fyrst á þessum tímamarki sem þær byrja að stefna að því að gera eitthvað fyrir þær sjálfar, allt frá því að leyfa sér smá lúxus og kaupa sér krem sem þær myndu ekki hafa efni á í heimalandinu til þess að eiga draum um að fara í pílgrímsferð. Þær sem tala um að leggja í slíkt persónulegt ferðalag eru búddatrúar og vilja komast til Nepal að heimsækja fæðingarstað Búdda. Landfræðilega hentar vel að hafa viðkomu þar og ferðin þangað kostar 400 ómanska ríala (andvirði um 120.000 íslenskra króna), sem er raunhæfur draumur fyrir a.m.k. tvær eldri kvennana.

Yasmin sem er meðal yngstu viðmælendanna, hefur það eina markmið þessa stundina að eldri sonur hennar, sem nú er 17 ára, klári framhaldsskóla eftir tvö ár. Eftir það getur hann tekið við sem fyrirvinna fjölskyldunnar. Ef það væri möguleiki að fá börnin til Óman myndi hún frekar kjósa að vera þar heldur en í Indónesíu. Hún er íslamstrúar en þegar hún er spurð út í fimmtu stoð íslam (að ferðast til Mekka a.m.k. einu sinni á ævinni) kemur í ljós að það hefur greinilega ekki hvarflað að henni að

nýta landfræðilega kosti Óman til að fara til Mekka í pílgrímsferð. Kannski er hún ekki svo trúuð eða finnst það einfaldlega of fjarlægur draumur. Linda er 38 ára og á sér þann draum að giftast og eignast a.m.k. eitt barn. Framtíðareiginmaðurinn yrði samt að vera filippseyskur eins og hún sjálf. Hún er kristin og segir það að giftast Ómana of erfitt vegna mismunandi trúarbragða. Ein af eldri viðmælendunum hefur hugmyndir um að opna eigið veitingahús á Filippseyjum. Hún vill samt vera nokkur ár til viðbótar í Óman svo það virðist því ekki vera inni í myndinni hjá henni að taka því rólega á efri árunum eða að börnin hennar verði þá til staðar fyrir hana.

Margar kvennanna finna fyrir togstreitu þar sem þær vilja gjarnan sjálfar vera lengur í Óman en á sama tíma vilja börnin fá þær heim. Yfirleitt finnst börnunum kominn tími til að þau sjái um mömmu sína sem hefur unnið hörðum höndum svo þau eigi átt kost á lágmarkslífsgæðum. Auk þess nefna nokkrar að heimalandið kalli á þær því þar eru nú jafnvel barnabörn og aldraðir foreldrar sem bíða þeirra. Ein segist þó vilja vera eins lengi og hún getur í Óman þrátt fyrir að börnin séu farin að kalla á hana; Óman sé hennar heimili. „Ef ég dey hér þá er það líka allt í lagi“, segir hún en bendir á að það sé samt háð fleiri þáttum eins og heilsu hennar og síðast en ekki síst dvalarleyfinu sem getur verið brigðult. Konurnar frá Srí Lanka sem talað var við virðast flestar mjög jákvæðar varðandi að fara til baka á einhverjum tímapunkti og sameinast fjölskyldunni á meðan viðmælendur frá Filippseyjum virðast frekar vera á þeim nótum að leita leiða til að geta sest að í Óman.

3.2 Kaup og kjör

Í Óman er eingöngu notast við sponsorakerfi þegar kemur að því að fá atvinnu- og landvistarleyfi. Það er algengt að fólk, sérstaklega í verkavinnu, tali við umboðsskrifstofur er kemur að því að finna vinnu í Mið-Austurlöndum. Umboðsskrifstofurnar þjónusta tvo hópa, þá sem leita að starfsfólki og þá sem leita að atvinnu. Skrifstofurnar hagnast á báðum viðskiptavinahópunum og ættu að hafa hagsmuni beggja að leiðarljósi. Það getur verið kostnaðarsamt að fara á skrá hjá umboðsskrifstofu en kosturinn er að þá er séð um allt ferlið og þá pappírsvinnu sem fylgir því að útvega vinnuveitendur, dvalar- og starfsleyfi í nýju landi. Um helmingur viðmælendanna í rannsókninni hefur á einhverjum tímapunkti notast við

umboðsskrifstofu en þær telja yfirleitt kost að komast hjá því þar sem það er dýr leið en þó oft eini kosturinn. Auk þess sýnir reynsla viðmælenda að viðmót þessara umboðsmanna getur verið mjög neikvætt og þeir veita lítið skjól þegar á reynir. Í öðrum tilfellum gátu viðmælendur notað fjölskyldutengsl til að útvega sér vinnu, þ.e. ef einhver fjölskyldumeðlimur var þá þegar starfandi í Óman. Eins er auðveldara að finna nýjan vinnuveitanda eftir að hafa fengið einu sinni inngöngu í landið, á meðan viðkomandi er enn í landinu eða ef hann nýtir sér tengslanet.

Allir viðmælendurnir hafa starfað fyrir fleiri en eina og jafnvel margar fjölskyldur og við margs konar aðstæður. Reynsla þeirra af aðstæðum nær allt frá stríðshrjáðum átakasvæðum og vinnu myrkranna á milli án frídaga til þess að hafa ekki kynnst öðru en mannsæmandi aðbúnaði. Heimilishjálpir, og innflutt verkafólk almennt, er illa upplýst um þau takmörkuðu réttindi sem það hefur í Óman. Erfitt er að nálgast lög og reglugerðir og þar af leiðandi er erfitt að fá þeim framfylgt. Það á við um vikulegan frídag, mánaðarfrí á tveggja ára fresti og flugmiða til heimalandsins auk ákvæða um lágmarkskjör sem hvergi er hægt að staðfesta hver séu raunverulega. Markaðurinn fyrir heimilishjálpir í Óman er búinn til með þarfir vinnuveitandans í huga en ekki starfskraftsins. Þar af leiðandi eru nú dæmi um að sendiráð hafi sett reglur er varða sína þegna sem koma til Óman til að reyna að vernda þá.

Það var stundum sleitulaus vinna allan sólarhringinn, sérstaklega á Ramadan því þá þurftum við að elda svo mikinn mat.

Tveir viðmælendur störfuðu sem heimilishjálpir í Kúveit árið 1990 og upplifðu þar skelfilega átakatíma Persaflóastríðsins. Þær voru yfirgefnar af vinnuveitendum sínum svo að á þeim tíma voru launin engin. Margar kvennanna hófu ferilinn á níunda áratugnum þegar verðbólguaðstæður voru aðeins hagstæðari og meira fékkst fyrir peninginn. Lægstu launin sem nefnd voru í viðtölunum voru 40 ríalar (12.000 ISK) á mánuði en það var árið 1989 í vist hjá ómanskri fjölskyldu. Viðkomandi kom úr svo mikilli fátækt að á þeim tíma var hún sáttt við þessa upphæð og fannst fólkið indælt. Algengasta launaupphæðin í vist hjá heimamönnum virðist vera í kringum 70 ríala (21.000 ISK). Því fylgir þó líka oftast ótæpilegt vinnuálag og jafnvel enginn

frítími. Nokkur dæmi eru um vist án frídags, jafnvel í eitt og hálf ár. Ein starfaði fyrir íraska fjölskyldu og síðan kínverska fjölskyldu. Launin voru þau sömu, 75 ríalar, og í báðum tilfellum sagði hún vinnuna sjálfa ekki hafa verið svo slæma. Það sem var verra var að hún var bókstaflega lokuð inni. Hjá írösku vinnuveitendunum hafði hún engan ákveðinn frítíma en fékk einu sinni að fara út í fylgd með bílstjóra fjölskyldunnar. Kínverjarnir hleyptu henni ekkert út og tóku símann hennar af henni þar að auki. Nú starfar hún hjá sænskum hjónum, launin eru 100 ríalar og hún hefur fullt frelsi, meira að segja hvað varðar vinnutímann að mestu leyti. Auk þess hefur hún fengið tækifæri til að fara heim til að hitta börnin sín í fyrsta skipti frá því að hún kom til Óman eftir eins og hálf árs fjarveru.

Í tilfelli Söru voru launin í lágmarki við komuna til Óman fyrir níu árum eða 45 ríalar á mánuði (13.000 ISK). Að hennar mati var það allt of lítið og hún entist á þeim stað í tvö ár. Þá kaus hún frekar að bregða á það ráð að kaupa *outside visa* sem er dýrt og áhættusamt (nánari umfjöllun um *outside visa* er að finna í næsta kafla um atvinnu- og dvalarleyfi). Hún leigði þá herbergi með fjórum öðrum konum. Við þessar aðstæður entist hún í fjögur ár en hún segir þetta hafa verið erfiðan tíma því það var vandasamt að sjá um pappírsvinnuna auk þess sem dagsdaglega var erfitt að ferðast með leigubíl til og frá vinnu. Fiona, sem vinnur eingöngu í hlutastörfum hjá alls fimm aðilum, bendir á ýmsa ókosti þess að vera í hlutastarfi. Samtals gefur það henni rúmlega 200 ríala (60.000 ISK) á mánuði en hún þarf að útvega húsnæði sjálf og um helmingur mánaðarkaupans fer í húsaleigu og rafmagn. Vegna hlutastarfsfyrirkomulagsins er Fiona með óvenjulegan samning en þar er ekkert kveðið á um að hún eigi rétt á flugmiða heim einu sinni á ári eins og venjan er. Þar af leiðandi hefur hún ekki komið til heimalandsins í átta ár og óvíst hvenær það verður. Rose vinnur líka við hlutastörf en lýsir jákvæðara viðhorfi. Hennar aðalvinnuveitendur eru bresk hjón sem útvega vísa og húsakost auk þess að borga henni 100 ríala fyrir vinnu hálfan daginn, fjóra daga vikunnar. Auk þess hefur hún getað búið þannig um hnútana að allir vinnustaðir hennar eru í göngufæri.

Í einu tilfelli notaðist viðmælandi við Internetið í atvinnuleit í Óman. Því fylgdi dæmigerður samningur hjá vestrænu fólki; full vinna á einum stað, launin 175 ríalar (52.000 ISK) og húsnæði innifalið. Hagstæðustu samningarnir sem um getur í rannsókninni eru hjá þeim sem hafa komist í vist hjá vestrænu fólki sem starfar hjá

olíufyrirtækinu Petroleum Development Oman (PDO). Launin eru í öllum tilfellum 200 ríalar (60.000 ISK), vísa og húsnæði innifalið, auk þess sem staðið hefur verið fullkomlega við alla samninga og jafnvel betur en það. Mikil regla er á vinnutímanum en dæmigerður vinnudagur er frá klukkan sjö til tólf, þá er hlé og svo er aftur unnið frá klukkan þrjú til sex. Alltaf er frí annaðhvort föstudag eða laugardag og unnið hálfan hinn daginn og konurnar eru þá frjálssar ferða sinna. Allar fara þær heim á hverju sumri í einn til tvo mánuði á fullum launum og vinnuveitandinn notar þá gjarnan tækifærið til að gefa þeim auka bónusa. Það tíðkast líka almennt á jólum og afmælum. Þó eru það ekki einungis þær sem eru á PDO-samningi sem fá 200 ríala á mánuði. Karen lýsir því hvernig hún beitti sér í samningaviðræðum við vinnuveitandann en með því að sanna sig í starfi náði hún á skömmum tíma að hækka launin upp í 200 ríala. Við það bættist að hún fékk leyfi til að vinna hlutastarf. Að síðustu fór hún svo í samningaviðræður við vinnuveitendurna og fékk hjá þeim stórt lán.

Yasmin frá Indónesíu segir að í raun sé kaupið heima fyrir ekki verra en það sem hún fær í Óman. Það sem hins vegar gerir gæfumuninn fyrir hana er að fá útborgað einu sinni í mánuði en ekki í lok hvers vinnudags eins og tíðkast í Indónesíu. Þar varð því alltaf lítið úr peningnum og ekkert gekk að leggja fyrir. Einnig eru dæmi um að vinnuveitendur í Óman greiði launin ekki mánaðarlega heldur á þriggja mánaða fresti og þá er búin að safnast upp dágóð upphæð sem virðist falla Yasmin vel í geð.

Linda býr við óvenjulegar aðstæður en hún starfar hjá þrífafyrirtæki. Hún fær 150 ríala (45.000 ISK) á mánuði, vísað er innifalið svo og húsnæði. Hún er sótt klukkan sex á morgnana, fær hádegispásu klukkan þrjú og vinnudeginum lýkur klukkan sjö. Hún fær frí alla föstudaga. Áður vann hún hjá ómanskri fjölskyldu og fór þá heim í tvo mánuði annaðhvort ár. Núna eru liðin þrjú ár síðan hún fór síðast heim og hún þarf að klára annað ár hjá núverandi fyrirtæki til að fá frí og flugmiða heim.

3.2.1 Heilsa

Það fer allt eftir samningum hverju sinni hvort viðmælendur eru með heilsufarstryggingar af einhverju tagi. Í flestum tilfellum fylgdu tryggingar með í

samningnum eða vísanu. Engin kvennanna hafði sem betur fer lent í slysi og flestar höfðu almennt verið heilsuhraustar. Fram kom að fimm þeirra höfðu tryggingar þessa stundina, þrjár höfðu engar tryggingar en hjá hinum þremur kom það ekki fram. Nokkrar eiga við sjúkdóma að stríða. Tvær eru með sykursýki en í báðum tilfellum sjá tryggingar um að borga lyfin þeirra. Fiona er með ofvirkan skjaldkirtil og þarf að taka lyf að staðaldri og fara reglulega í blóðprufur. Hún er ekki með neinar tryggingar svo þetta greiðir hún úr eigin vasa. Hver blóðprufa kostar hana yfir 30 ríala (10.000 isk). Nú er svo komið að lyfið hennar hefur ekki fengist í Óman í þrjá mánuði og líkami hennar farinn að láta á sjá og kílóin hrynja af henni. Í öðru tilfalli þar sem viðkomandi hafði engar tryggingar borguðu vinnuveitendur það sem þurfti í flensutilfellum. Sú þriðja sem er ekki með tryggingar segist hreinlega ekki vita hvað hún myndi taka til bragðs ef eitthvað kæmi upp á hjá henni.

3.3 Óöryggi

Megintilgangurinn með vinnu kvennanna í Óman er í öllum tilfellum að skapa eigin börnum fjárhagslegt öryggi en þessi farandverkavinna krefst mikilla fórna og leiðir af sér ýmiss konar erfiðar aðstæður þar sem fólk upplifir óöryggi af ýmsu tagi. Konurnar hafa því þurft að búa við óöryggi til að skapa öryggi.

3.3.1 Atvinnu- og dvalarleyfi

Nokkrir viðmælendanna höfðu á einhverjum tímamarki farið vafasama leið við að verða sér úti um landvistar- og atvinnuleyfi og keypt sér svokallað *outside visa*. Þá borgar viðkomandi heimamanni háar upphæðir, allt að 800 ríölum (240.000 ISK), fyrir að vera ábyrgðarmaður eða kostunaraðili (eftirleiðis verður notast við orðið *sponsor*) og í staðinn fær viðkomandi landvistar- og atvinnuleyfi til tveggja ára. Það þýðir ekki að konan starfi fyrir þennan sponsor eða sé upp á hann komin á nokkurn annan hátt. Hún verður sjálf að sjá um húsnæði, fæði o.s.frv. sem annars er oft innifalið í samningum heimilishjálpanna. Lögum samkvæmt má fólk aðeins vinna fyrir einn vinnuveitanda, sponsorinn sjálfan, en raunin er að flestir sem eru á *outside visa* vinna aldrei fyrir hann heldur byggja innkomu sína á hlutastörfum hér og þar sem hlutfallslega eru betur borguð en ef um fulla vinnu hjá einum vinnuveitanda væri að

ræða. Aftur á móti lifir viðkomandi í stöðugum ótta við að verða gripinn af lögreglunni. Ef upp kemst um ólögleg hlutastörf þurfa sponsorinn og viðkomandi starfskraftur að borga háar sektir. Þriðji aðilinn, sem þó vísitandi kaupir ólöglega þjónustu, er saklaus í lagalegum skilningi. Stundum gera sponsor og húshjálpsamkomulag um að hún megi einnig starfa fyrir aðra en oft eru það þá aðilar sem viðkomandi sponsor þekkir til og treystir.

Ókostirnir eru fleiri. Húsnæðisleiga er há og oft fer um helmingur launanna í leigu. Fiona, sem vinnur bara hlutastörf og er á leigumarkaðnum, fær eins og áður segir um 200 ríala (rúmlega 60.000 ISK) í mánaðarkaup en borgar helminginn af því í húsaleigu, hita og rafmagn. Helena leigir nú herbergi með baði með dóttur sinni fyrir 150 ríala (45.000 ISK) á mánuði en eldhúsinu deila þær með þremur öðrum fjölskyldum sem búa líka í húsinu og eru ekki tengdar þeim. Einnig eru dæmi um að allt að fjórar konur hafi leigt saman herbergi í þeim tilgangi að deila kostnaðinum. Hlutastörf útheimta leigubílaferðir því engin kvennanna hefur bílpróf, hvað þá ökutæki til umráða. Það er engin leigubílastöð í Óman svo algengasta leiðin til að ná í leigubíl er að fara gangandi út að næstu aðalgötu og reyna að veifa bíl, sem getur reynst ansi hvítleitt í hitanum. Auk þess eru dæmi um að viðmælendur hafi upplifað mikið óöryggi og hræðslu í leigubíl og jafnvel kynferðislega áreitni af hálfu leigubílstjóra. Einn helsti annmarki *outside visa* er hversu berskjaldað fólk er gagnvart kúgun. Það byggir grundvöllinn, dvalarleyfið, á sponсорnum sem á auðvelt með að krefja fólk um háar fjárupphæðir í staðinn. Ein konan lýsti miklum ótta sem hún fann þegar þessi drottari hennar birtist einn daginn fyrir utan dyrnar hjá henni og skipaði henni að koma með sér. Þá hafði vegna misskilnings ekki verið gengið frá pappírsmálunum varðandi sponsoraskipti og því „tilheyrði“ hún þessum yfirmanni ennþá. Ef húshjálps vill fá sig lausa frá samningum áður en samningstími hefur runnið út hefur líka myndast hefð fyrir því að sponsorinn krefjist skaðabóta í formi hárra fjárhæða. Það nær enginn reglurammi til þessara krafna og engar samræmdar reglur er að finna um þessi mál. Hins vegar eru til lög sem segja til um hverjir mega vera sponсорar húshjálpa en undir það falla einungis ákveðin þjóðerni, starfsheiti og fjölskyldustaða (einhleypir karlar fá ekki slík leyfi). Því hefur skapast þessi markaður fyrir *outside visa* húshjálpa og leigu á þeim. Þessi vafasama leið er því ekki óalgeng og

fólk virðist frekar tilbúið að taka alla þá áhættu sem fylgir henni en að fara aftur til heimalandsins.

Vísað er í öllum tilfellum háð sponсорnum, það á við allt erlent vinnuafli í Óman. Þrátt fyrir að aukið öryggi og mannúðlegri aðstæður þyki fylgja því að starfa fyrir vestrænt fólk fylgir því samt alltaf líka visst óöryggi því það fólk er líka gestir í Óman sem eru háðir sponсор og gætu því fengið uppsögn hvenær sem er eða ákveðið að flytja frá Óman. Vinnan getur sem sagt verið háð mörgum óvissuþáttum. Tengslanet eru mikilvæg og jafnvel forsenda vinnunnar, t.d. komu nokkrir viðmælendanna í þessari rannsókn fyrst til Óman vegna tengsla. Helena átti systur sem var gift ómönskum manni og fékk skrifstofuvinnu í fyrirtæki mágs síns í gegnum systurina. Mágurinn lokaði fyrirtækinu þegar systir hennar dó en til að geta verið áfram í Óman brá Helena á það ráð að gerast heimilishjálpari. Flestar konurnar vilja vera sem lengst í Óman en það fer allt eftir vísanu. Ein segir í þessu samhengi að eitt sé samt alltaf gefið í þessari óvissu og það sé að hún verði á einhverjum tímapunkti að fara til baka. Áður í viðtalinu hafði hún sagt „Óman er frelsið“ en það er samt í ákveðinni mótsögn við þá staðreynd að hún er háð þessum reglum.

3.3.2 Vinnuaðstæður

Meðal viðmælenda komu fram lýsingar á ólíkum aðstæðum þegar kemur að vinnu og aðstöðu heimilishjálparinnar sjálfar. Mestur munur virðist yfirleitt á milli þess þegar starfað er fyrir vestræna húsbændur og aðra. Flestar byrjuðu starfsferil sinn í Óman hjá heimafólki en hafa síðan flutt sig til vestrænna vinnuveitenda. Húsnæði í Óman er yfirleitt byggt með þjónustufólki í huga, stór hús með litlu herbergi fyrir aftan eða á efstu hæðinni þar sem vistarverur þjónustufólksins eru. Þessi herbergi eru yfirleitt agnarsmá miðað við íburð húsanna sjálfra. Starfssvið heimilishjálpanna lýtur allajafna að þrifum, þvotti, straujun, eldamennsku, barnapössun, kennslu og garðvinnu. Hafa ber í huga ýmsa menningarlega og landfræðilega þætti þegar minnst er á þessi störf. Í þessum heimshluta eru t.d. miklar eyðimerkur og sandstormar geysa en því fylgir mikið ryk í hóbýlum fólks. Hitastigið er hátt allan ársins hring, sérstaklega á sumrin, og því þarf gróðurinn í görðunum mikla og tíða vökvun. Fyrir ekki svo mörgum árum síðan þótti ekki sjálfsagt að eiga þvottavél og allur þvottur var því þveginn í

höndunum. Allar máltíðir eru eldaðar frá grunni og innihalda mikið grænmeti sem er tímafrekt að skera niður fyrir stórar fjölskyldur. Jafnvel er ætlast til að þjónað sé til borðs. Hefðbundin klæði fólks eru hvítir kyrtlar fyrir karla og svartir fyrir konur en þessi klæði skulu vera lýtalaus og ávallt stífpresuð. Fjölskyldurnar eru stórar, fólk eignast yfirleitt mörg börn og samskiptin við stórfjölskylduna eru mikil.

Margar kvennanna lýsa ómannúðlegum aðstæðum eins og sjá má í eftirfarandi frásögn af fyrstu þremur vinnuveitendum Önnu í Óman. Fyrstu húsbændurnir voru ómanskir og þar þurfti hún jafnvel að vinna langt fram á nótt svo að vinnan myndi ekki safnast upp daginn eftir því það var enginn til að hjálpa henni. Hún lýsir því hvernig hún dró ýsur yfir strauborðinu klukkan hálf tvö að nóttu og húsfúrinni fannst henni engin vorkunn. Verkefni voru stanslaus, rútína á hverjum degi og aldrei frídagur. Daglega þreif hún bæði neðri og efri hæð hússins, bjó um rúmin, eldaði og framreiddi allar máltíðir. Ef fólkíð nennti ekki niður í borðstofuna varð hún að bera allt upp til þeirra, þjónaði þar og gekk svo frá. Enginn lyfti litla fingri til að hjálpa henni og ef eitthvað var eftir af matnum þegar hinir voru búnir að borða fékk hún það, annars ekkert. Oft voru gestir og stundum gistu foreldrar maddömunar í eina til tvær vikur. Garðvinnan tók við seinnipartinn og á kvöldin var straujað. Vinnuálagið var mikið og þar að auki voru öll samskipti mjög stíf og reglurnar strangar. Hún mátti ekki eiga neitt félagslíf og henni var bannað að tala við fólk utandyra, ekki einu sinni heimilishjálpinu í næsta húsi. Hún var ein og einangruð til að byrja með og vissi ekki hvernig hún átti að snúa sér. Hún vildi senda launin sín heim en vissi ekki hvernig. Hún fékk að hringja í frænku sína sem var líka í Múskat og hafði útvegað henni vinnuna og fékk tveggja klukkustunda útivistarleyfi til að fara með frænkunni í bankann. Annars mátti hún bara snerta símann til að þurrka af. Það var ekkert tillit tekið til hennar, ekki litið á mannlegar þarfir hennar og hvað þá grunnþarfir eins og mat, sem var talinn og naumt skammtaður. Fyrstu árin voru oft erfiðasti tíminn þegar þær upplifa sig einangraðar, ráðvilltar og einmana. En þrautseigar, allt fyrir börnin.

En hvað gat ég gert? Ég vildi vinna, ég þurfti á vinnunni minni að halda, ég þurfti vinnuna vegna barnanna minna og ég vissi eeeeekkert um Óman á þeim tíma. Ég vissi ekki, ég vissi ekki hvert ætti að fara, ég vissi

ekki hvar sendiráðið var, ég vissi eeeeekkert því í fyrsta lagi, ég átti enga vini, ég hafði engan síma, ég átti aldrei frídag, hvernig gat ég vitað eitthvað um það sem var fyrir utan veggi heimilisins?

Við þessar vinnuaðstæður entist Anna í eitt ár og sex mánuði. Vinnuálagið fannst henni samt ekki vera aðalvandamálið heldur virtust mannlegu samskiptin vega meira því í ofanálág upplifði hún mikið óöryggi í návist fólksins. Húsbóndinn, sem var um 20 árum eldri en hún, setti hana í óþægilegar aðstæður og fór þess á leit við hana í einrúmi að hún gerðist hjásvæfan hans. Hann bauð henni að flytja í eigin íbúð og að hún þyrfti ekki að vinna í þessu húsi lengur. Ástæðan sem Anna gaf fyrir því að hafna boðinu var að hann minntist ekkert á að hann myndi hjálpa fjölskyldunni hennar frekar. Hún gat þó ekki gleymt atvikinu enda hafði það sett hana í mikið uppnám og traustið til húsbóndans var brostið. Þrátt fyrir að stofna starfi sínu í hættu með því að hafna boðinu ákvað hún að fara gegn vilja húsbóndans í annað sinn með því að segja frá atvikinu þó að hann hefði sagt henni að þegja yfir því. Eftir það var hún aldrei aftur látin vera ein með honum. Það sem reyndist henni samt erfiðast í þessari vist og gerði útslagið var stöðugt óöryggi vegna eineltis af hendi móður maddömmunar sem Anna kallar „auga hússins“. Sú notaði hvert tækifæri til að öskra á hana og reyndi sífelld að finna eitthvað til að klaga hana fyrir. Að lokum lét Anna ekki bjóða sér þessa framkomu, svaraði fullum hálsi til baka og neitaði að biðjast afsökunar á því sem hún átti ekki sök á og var því látin fara.

Vinnuaðstæðurnar sjálfar voru mannúðlegri á næsta stað en aftur átti sér stað kynferðislegt áreiti af hendi húsbóndans. Í þetta skipti kom til líkamlegra átaka en hann var undir áhrifum áfengis og mun stærri en hún. Hann lét segjast þegar Anna hótaði að segja frá en hún varð ofsahrædd og sagði samt frá. Eiginkonan reynist henni bandamaður því áfengisdrykkja húsbóndans og áreiti hans á heimilishjálpir hafði verið þekkt vandamál hjá þeim í gegnum tíðina. Anna sagði upp vinnunni í kjölfarið því hún sagðist hafa óttast að ef þetta yrði áframhaldið myndi hún hreinlega drepa húsbóndann eða hann hana.

Þá tók við vist hjá stórri fjölskyldu með níu börn og það tíunda á leiðinni undir lokin. Launin voru lág fyrir gríðarlega mikla vinnu á heimilinu og börnin voru sum óþekk og gerðu henni erfitt fyrir. Auk þess hafði hún enga aðstöðu fyrir sig og fékk

einungis þunna dýnu á gólfinu til að sofa á í sama rými og börnin. Viðmótið var þó vinsamlegt og matur í boði. Mannlegu samskiptin urðu engu að síður til þess að hún sagði upp, í þetta sinn á jákvæðan hátt því ástin hafði bankað upp á. Það var samt ekki þrautalaust að segja upp því þá kom í ljós innra eðli fólksins, eins og Anna vill meina, en þau sviku hana um seinustu launagreiðslurnar auk þess að spila með tilfinningar hennar.

Fleiri viðmælendur lýsa svipuðum aðstæðum þar sem þær voru til að byrja með einangraðar og undir gríðarlegu vinnuálagi. Yfir föstumánuðinn Ramadan voru þær jafnvel látnar vinna allan sólarhringinn því þá fastar heimafólkið og miklar matarveislur taka við langt fram á nótt. Fionu leist ekki á þessi fyrstu kynni og lýsir því hversu óttaslegin hún var eftir tveggja vikna dvöl í Óman. Þegar hún sagðist vilja fara aftur til umboðsskrifstofunnar brást húsmóðirin við með að slá hana, rífa í hárið á henni og hrækja framan í hana. Næsta dag flúði hún og geðshræringin sem átti sér stað skein í gegnum frásögnina. Hún náði til umboðsskrifstofunnar en fékk álíka móttökur þar því starfsmaðurinn sem hún hitti (samlanda hennar) beitti hana líkamlegu ofbeldi.

Hún sló mig utan undir því ég vildi ekki fara til nýrrar fjölskyldu og ég sagðist bara vilja fara heim, hún sló mig utan undir og reif í hárið á mér, svo hrækta hún framan í mig.

Fiona upplifði því meira ofbeldi og óöryggi á eina staðnum sem hefði átt að vera öruggt skjól. Hún fékk samt að dvelja á skrifstofunni uns hún fékk nýja vist. Þá tók líka við mikið vinnuálag og heilt ár án frídags. Samt sagði hún vinnuveitendurna vera gott fólk og hún lýsti t.d. þeirri samúð og faðmlögum sem hún fékk frá maddömmu sinni eftir að hafa brotnað saman af söknuði eftir börnunum sínum.

Þrátt fyrir að vinnuþrælkun hafi átt sér stað í mörgum tilfellum upplifa konurnar það ekki endilega sem þrælkun ef mannlegu samskiptin eru góð, viðmótið vinsamlegt og matur í boði á við aðra fjölskyldumeðlimi. Ef þetta er í lagi álíta þær vinnuveitendurna gott fólk. Það má segja að í þessum tilfellum hafi þær brennlaða sýn því þær álíta vinnuveitendurna góða á meðan þær eru ekki beittar ofbeldi á þann hátt að það sé gengið í skrokk á þeim eða þær niðurlægðar með orðum. Hins vegar

er siðferðiskennd þessara vinnuveitenda greinilega ekki til staðar og virðing fyrir vinnuaflinu ekki heldur. Mannlegu samskiptin segja mikið til um hvernig samstarfið gengur og hversu lengi konurnar eru á hverjum stað. Aðrar neikvæðar aðstæður virðast skipta þær minna máli eins og vinnuálag og aðbúnaður þar sem unnið er sleitulaust, hendurnar eru sárar eftir handþvott, ekkert einkarými og bara þunn dýna á gólfinu til að sofa á. Yasmin bauð t.d. við ómannúðlegum aðstæðum þar sem henni var neitað um samskipti við umheiminn, því þrátt fyrir að vinnan sjálf væri ekki svo slæm höfðu samskiptin og andrúmsloftið þau áhrif að á einu ári léttist hún úr 75 kílóum í 52 kíló. „Ég missti líkama minn,“ segir hún.

Í flestum tilfellum eru heimilishjálpirnar þær einu sem sinna heimilisstörfunum og því með margt á sinni könnu. Hins vegar lýsa tvær svipaðri reynslu af því að starfa ásamt annarri húshjálpi inn á heimili. Í báðum tilfellum komu þær inn á heimilið þar sem önnur húshjálpi var fyrir en í staðinn fyrir að mynda venskap og bandalag varð úr metingur og óöryggi. Báðar segjast hafa átt gott samband við vinnuveitandann sjálfan og því hefur kannski myndast afbrýðisemi og þeim sem fyrir voru gæti hafa fundist sér ógnað af nýju heimilishjálpinni. Hins vegar gáfust þær nýju upp í báðum tilfellum eftir nokkra mánuði og sóttust eftir nýju starfi.

3.3.3 Heimalandið

Allir viðmælendurnir hafa gengið í gegnum sársaukafulla og erfiða tíma heima fyrir. Einhvers konar hjónabandserfiðleikar voru til staðar hjá þeim öllum. Í fjórum tilfellum misstu konurnar eiginmenn sína ungar að árum. Þrjár hafa gengið í gegnum erfiða hjónaskilnaði og stuðningur barnsfeðranna er enginn. Í þremur tilfellum eru konurnar ennþá giftar að nafninu til en virðast ekki lifa neinu hjónalífi og eru í litlu sambandi við makann sem lifir sínu lífi í heimalandinu.

Makamissir hefur verið mikill vendipunktur í lífi þessara kvenna. Ein þeirra segist sorgmædd yfir því að hafa farið á mis við að ganga í gegnum lífið með lífsförunautnum. Lífið heldur þó áfram og hún treystir Guði sem hefur verið hennar lífsförunautur. Andlát maka skilur eftir sig stórt skarð svo ekki sé minnst á ótímabært andlát barns. Einn viðmælandi hafði upplifað bæði andlát maka og barns. Önnur hafði misst tvö af þremur börnum sínum. Sú hin sama hafði líka misst tvo bræður

sem hvor um sig skildi eftir sig þrjú börn, svo hún þarf að sjá um sex börn auk dóttur sinnar og móður eftir að faðir hennar dó líka. Veikindi fjölskyldumeðlima geta líka sett strik í reikninginn. Í tilfalli Lindu voru það veikindi föður sem urðu til þess að hún fór til Óman til að sjá fyrir fjölskyldunni. Veikindi annarra fjölskyldumeðlima í stórfjölskyldunni koma konunum líka við og ef peninga er þörf vegna aðgerða eða sjúkdóma reyna þær að leggja hönd á plóg.

Viðmælendurnir frá Filippseyjum og Sri Lanka nefna einnig bággt ástand almennt í heimalandinu. Einkum minnst þær á fátækt, atvinnuleysi, eymd og hátt vöruverð sem er meðal þess sem gerir líf þeirra þar erfitt. Ein þeirra segir að þrátt fyrir að dóttir hennar sé gift sé tengdasonur hennar í svo illa launuðu starfi að innkoman dugi ekki fyrir framfærslu fjölskyldunnar svo hún sendir þeim peninga í hverjum mánuði. Andrúmsloftið almennt á Filippseyjum er ekki gott, segir Linda: „Það er allt í rugli og vitleysu“. Ástandið er niðurdrepandi og hún verður fljótt þreytt á að vera þar. Helena segir aðstæður á Filippseyjum sömuleiðis erfiðar og bendir helst á lág laun, háa skatta og hátt vöruverð. Þá sé atvinnuöryggið lítið og erfitt að fá fastráðningu. Hún segir fólk oft ráðið einungis til sex mánaða í senn og svo hefst atvinnuleitin aftur sem getur verið flókið og kostnaðarsamt ferli auk þess sem pappírsvinnan er letjandi. Frændur og frænkur heima fyrir biðja Helenu um peninga til að geta staðið í þessu ferli. Fyrir fjölskyldufólk er þetta mynstur sérstaklega erfitt þegar það getur ekki stólað á stöðuga innkomu. Þeir sem vilja stunda eigin rekstur á Filippseyjum þurfa að takast á við margar hindranir og standa í miklu basli er varðar leyfismál og aðra pappírsvinnu.

Dvölin erlendis getur skapað margs konar togstreitu meðal fjölskyldumeðlima heima fyrir. Sara lýsir t.d. spennu milli sín og systur sinnar en systirin heima er henni reið því öldruð móðir þeirra þarfnast mikillar umönnunar sem lendir öll á systurinni. Sara gerir það sem hún getur og sendir þeim peninga í hverjum mánuði. Börnin hafa ekki alltaf fullan skilning á aðstæðum og eiga það til að saka mæður sínar um að elska sig ekki. Í einu tilfalli strauk barn, sem var í umsjá ömmu sinnar og afa, að heiman til þess að leita uppi föður sinn sem hafði horfið úr lífi þess eftir skilnað foreldranna. Mamman, Anna, var stödd í Óman og gat ekkert gert í þessu upplausnarástandi. Seinna fann Anna ástina aftur í Óman og þá voru börnin lengi ósátt við hana, þótt hún væri löngu skilin og barnsfaðirinn ekki í lífi þeirra. Yasmin

lýsti spennu og upplausn vegna sonar síns sem er áhrifagjarn unglingur og hefur leiðst út í fíkniefni. Það er lítil áhrif hægt að hafa á hann frá Óman og hún hefur haft svo miklar áhyggjur af honum að hún getur stundum ekki borðað. Hún var því fegin að fá tækifæri til að fara heim í þrjár vikur til þess að taka í taumana. Þetta eru áþreifanleg dæmi um hvernig nútímatæknin getur ekki komið í staðinn fyrir (líkamlegu) nándina (e. physical contact).

3.3.4 Heimþrá

Jafnvel í jákvæðustu sögunum er líka að finna trega og mikinn söknuð eftir afkomendunum. Heimþráin var erfiðust fyrstu árin erlendis.

Þannig að þegar ég kom hingað fyrst þá hafði ég rosalega mikla heimþrá. Ég spurði Guð afhverju í ósköpunum ég hafði farið til Óman og ég grét og grét.

Nokkrar segja heimþrána ennþá vera erfiða en bara fyrstu eina til tvær vikurnar eftir að þær koma aftur til Óman eftir frí. Sú sem á yngsta barnið, sex ára gamalt, segist ennþá gráta mikið þrátt fyrir að hafa fullt aðgengi að allri samskiptatækni. Söknuðurinn virðist fyrst og fremst snúa að börnunum, barnabörnunum eða foreldrum. Athyglisvert er að konurnar minnst aldrei á vini, menningu eða kosti heimalandsins. Kannski uppfyllir Óman þessar þarfir kvennanna í dag. Þær þrjár sem enn eiga eiginmann í heimalandinu minntust ekkert á þá í samhengi við söknuð og líklega eru þessi hjónabönd meira í orði en á borði.

Erfiðleikar og óöryggi virðast oft vekja upp heimþrá. Flestar konurnar lýsa byrjunarerfiðleikum af einhverju tagi. Ein lýsir tímabili þegar vinnuálagið var að buga hana og henni fannst á sér brotið en þá blossaði heimþráin upp aftur. Á hinn bóginn virðast andstæðar aðstæður líka geta haft sömu áhrif en kona sem býr við bestu aðstæður sem á verður kosið í Óman segist alltaf verða döpur á föstudögum því þá á hún frí. Frítíminn, þegar vinnurútínni sleppir, virðist því líka geta verið erfiður tími. Þá hefur hún næði til að hugsa heim og velta sér upp úr hugsunum eins og „hvað ef eitthvað kemur fyrir fólkið mitt?“ Hún fylgist með fréttum í sjónvarpinu og þegar hún

heyrir af slysi hugsar hún alltaf „hvað ef þetta er einhver af mínum afkomendum?“ Aðrar áhyggjur, t.d. af veikum fjölskyldumeðlimum, aldraðri móður eða barni í klandri, ýta líka undir heimþrá og vanlíðan.

3.3.5 Stríðsátök í Kúveit

Tveir viðmælendanna störfuðu við heimilishjálp í Kúveit þegar stríðið við Írak geysaði árið 1990. Þær upplifðu skelfilega tíma óöryggis sem fórnarlömb stríðsátaka landa sem þær tilheyrðu ekki sjálfar. Þær voru útlendingar í landinu, ungar að árum og skildu aðstæður ekki vel. Heimafólkið hugsaði bara um sjálft sig og flúði til Sádí Arabíu en skildi þjónustufólkið eftir í logandi stríðsástandi. Karen er mikið niðri fyrir þegar hún segir frá þessum tíma. Henni fannst brotið á sér og hún upplifði mikið óréttlæti; hún hlaut vonda meðferð frá slæmu fólki og var skilin eftir eins og ómerkilegur hlutur. Í nokkra mánuði var hún föst í aðstæðum þar sem hún óttaðist stöðugt um líf sitt og að vera nauðgað; óttaðist hungur og vesæld. Hún var aðeins 23 ára, óreynd og skelfingu lostin, skildi ekki aðstæður og vissi ekki hvað til bragðs skyldi taka. Hún upplifði mikið vonleysi. Daglega voru kveiktir eldar, sprengjur sprengdar og byssur voru dagleg sjón. Fréttir af ömurlegum aðstæðum samlanda hennar á svæðinu drógu hana líka niður. Hún átti mjög erfitt með að höndla þetta áreiti. Hún borðaði lítið og svaf lítið.

Fólk var tekið, fólk var drepið, sumum var nauðgað... Ég bara grét stanslaust, grét fram undir morgun, ég gat ekki borðað og ég hélt í alvörunni að ég myndi deyja þarna því ég myndi aldrei komast til landsins míns og fjölskyldunnar, ég hélt að ástandið myndi aldrei lagast, það var stanslaus ógn.

Þegar hún að lokum komst í sendiráð Srí Lanka eftir að hafa komið gullinu sínu í verð var ástandið þar líka mjög erfitt og gríðarlega margir voru í sömu sporum og hún. Sem dæmi má taka að hún borðaði ekkert og fór ekkert á klósettið samfleytt í fjóra daga á meðan biðinni þar stóð.

Sara, sem líka var í Kúveit á stríðstímanum, upplifði ekki eins mikla ógn en vissulega mikið óöryggi og andlegt álag. Fólkið sem hún starfaði hjá var erlendis þegar innrásin hófst og barnið þeirra var því í hennar umsjá í þrjá mánuði. Hún segist einhvern veginn hafa komist í gegnum þennan tíma; hún átti fyrir einhverjum mat en aldrei síma. Samband hennar og barnsins var náíð og þrátt fyrir að vera hrædd og vilja komast í burtu gat hún ekki farið frá barninu. Hún gat ekki haft samband við neinn og lifði í algjörrri óvissu. Hún hafði áhyggjur af fjölskyldunni heima fyrir sem fékk enga peninga frá henni og seinna komst hún að því að fæðing fyrsta og eina barnabarns hennar hefði farið fram hjá henni.

Ég gat ekkert gert, ég vissi ekkert hvað yrði um líf mitt, hvað þá með fólkið mitt heima sem fékk kannski ekkert að borða og dóttir mín að fara að eignast barn, ég velti mér stanslaust upp úr þessum hugsunum.

Þrátt fyrir skelfilega lífsreynslu í Kúveit ákváðu báðir þessir viðmælendur að snúa aftur þangað sem heimilishjálpir er stríðinu lauk. Það hlýtur að hafa tekið á sálartetrið en þær leggja allt á sig til að sjá fyrir börnunum sínum heima fyrir.

3.3.6 Umhverfið í Óman

Konurnar sem nefna óöryggi í sambandi við Óman tengja það fyrst og fremst við leigubíla. Engin þeirra hefur ökuleyfi og því notast þær allar við leigubíla til að komast milli staða í borginni. Meirihluti þeirra segir það vera allt í lagi og að þær hafi aldrei lent í neinum vandræðum. Hins vegar segjast nokkrar alltaf vera smeykar við að fara í leigubíl en þurfa jafnvel að gera það nokkrum sinnum á hverjum degi. Ein er hreinlega hrædd við að fara út úr húsi og ferðast bara með einum ákveðnum leigubílstjóra sem hún treystir og hefur símanúmerið hjá. Hún er líka almennt hrædd við orðspor Araba sem hún telur vera hættulega.

Ég var rosalega hrædd veistu til að byrja með því fólk sagði að Ómanir, Arabar séu hættulegir, að þú verður að fara rosalega varlega því Arabar séu eins og skrímli, þú veist, ef þeir sjá konu, mjög

hættulegt. Ég var mjög hrædd fyrst þegar ég kom en eftir að ég eignaðist vini þá er allt í lagi.

Anna, sem var kynferðislega áreitt af fyrstu tveimur húsbændum sínum segir „svona“ menn fyrirfinnast allsstaðar í heiminum. Fiona var kynferðislega áreitt af leigubílstjóra auk þess að annar læsti hana inni í bílnum en hún brást við og gerði allt til að vekja athygli á sér svo hann varð hræddur og hleypti henni út. Þessi sama kona fékk einstakt tækifæri til að læra á bíl en sjálfstraustið var of lítið svo hún hafnaði tilboði vinnuveitandans sem vildi kosta hana í námið.

3.4 Samskipti

Eitt af meginþemum í rannsókninni er *samskipti* en í viðtölunum komu viðmælendur inn á samskipti af ýmsum toga. Þetta reyndist vera sá þáttur sem hefur hvað mest áhrif á líðan viðmælenda, hvort sem það eru jákvæð eða neikvæð samskipti, samskipti innan Óman eða við heimalandið og fjölskylduna. Eins er aðgengi að samskiptum mikilvægt fyrir konurnar en það er ekki alltaf auðvelt eða sjálfsagt að öðlast það.

3.4.1 Fjölskyldan heima

Eldri konurnar sem hafa verið lengi erlendis voru áður fyrr í sambandi við fjölskylduna í heimalandinu í gegnum bréfaskriftir en það breyttist allt með tilkomu farsímans. Bréfaskriftir komu líka gjarnan í staðinn fyrir notkun landlínusíma því oft var takmarkað aðgengi að slíkri tækni, einkum í heimalandinu. Þá þurfti að mæla sér mót á fyrirfram ákveðnum degi þar sem börnin biðu eftir símtali frá foreldrinu, annaðhvort hjá nágranna sem átti síma eða á símsstöð. Það gat líka verið um að ræða takmarkað aðgengi að síma í Óman, t.d. vegna þess að viðkomandi mátti ekki nota símann á heimilinu eða aðgengi að almenningssímum var ekki gott því á þeim tímum voru þeir umsetnir alla frídaga. Flest verkafólk á frí á föstudögum og þá var stanslaus biðröð á símsstöðinni. Auk þess kostuðu símakortin sitt og þau voru líka fljót að fuðra upp; kort sem kostaði einn ríal (300 ISK) var búið á tveimur mínútum. Ein konan hafði

þó á þessum tímum gott aðgengi að heimasímanum hjá vinnuveitandanum sem var breskur og henni var velkomið að hringja heim á hans kostnað.

Við áttum nágranna á Filippseyjum sem var mjög ríkur og við þekktum, þannig að ef ég vildi hringja þá gat ég skrifað börnunum mínum bréf þar sem ég sagði þeim hvaða dag ég myndi hringja og þá biðu þau þar og biðu þar til ég hringdi.

Þessi tími í upphafi, þegar samskiptin voru svona takmörkuð og í lágmarki, var sá erfiðasti að mati kvennanna. Þetta er einmitt tíminn þegar börnin þurfa mest á mæðrunum að halda og mæðurnar sakna barnanna mikið. Auk þess var þetta tíminn þar sem þær voru að fóta sig í nýju landi og í nýju hlutverki og höfðu á sama tíma lítinn sem engan stuðning. Flestar upplifðu sig mjög einangraðar frá fjölskyldunni og Anna lýsti t.d. miklum vonbrigðum yfir að hafa ekki frétt af andláti föður síns fyrr en mánuði eftir að hann lést.

Þær sem yngri eru og hafa verið styttra erlendis þekkja ekki þessa tíma bréfaskrifta og vesenið í kringum landlínusímann fyrir tíma Internetsins og farsíma. Þrátt fyrir þessa nútímataækni getur aðgengi heimilishjálpanna að samskiptamiðlum verið mjög heft, eins og Yasmin fékk að reyna er hún kom til Óman árið 2012. Vinnuveitendurnir tóku af henni farsímann og leyfðu engin samskipti heim. Eftir mikinn grátur létu þau til leiðast og henni var leyft að tala í heimasímann í tíu mínútur einu sinni í mánuði. Annars hefur tækniþróunin breytt samskiptamynstrum til mikils batnaðar. Bréfaskriftir heyra nú fortíðinni til og engin kvennanna skrifar bréf í dag. Algengasti samskiptamátinn nú er hefðbundin farsímanotkun. Símakortin eru samt enn við lýði auk SMS skilaboða og símtala en símafyrirtækin í Óman eru með tilboð á kvöldin. Þrír viðmælendur notast ekkert við Internetið en hringja heim tvisvar til þrisvar í viku í gegnum farsímann. Kostnaðurinn við það er um 20 ríalar (6.000 ISK) á mánuði. Sumar eldri kvennanna virðast einfaldlega ekki hafa áhuga á að tileinka sér möguleikana sem felast í nýjungum á borð við samskiptamiðla eins og Facebook. Önnur hindrun við notkun Internetsins er ritskoðun ómanskra yfirvalda sem t.d. banna samskiptaforritið Skype. Þó eru til leiðir til að fara í kringum það en þær geta reynst flóknar og kostnaðarsamar. Einnig er mikilvægt að líta til þess að það

er ekki til mikils að vera með Internetið ef innviðir heima fyrir bjóða ekki upp á það. Tæknin þarf að vera aðgengileg á báðum endum svo hún nýtist. Þrátt fyrir að nútímatækni virðist almennt vera hvati til frekari samskipta virðist líka draga úr samskiptaþörfinni er árin líða og börnin verða fullorðin og fara að lifa lífinu sjálfstætt. Þá hafa konurnar sjálfar öðlast meiri ró. Fiona notast fyrst og fremst við spjallrásina á Facebook til að halda sambandi við börnin sín og segir kostina við það að þá geti hún opnað tölvuna þegar henni hentar og svarað ef hún nennir. Oft sé hún bara þreytt og vilji horfa á sjónvarpið. Dóttir hennar hringir svo stundum í hana og þá svarar hún. Á hinn bóginn geta áhyggjur skapað aukna þörf fyrir samskipti, líkt og ein konan sem á aldraða og veika móður heima fyrir bendir á.

Í flestum tilfellum hafa viðmælendur aðgengi að Internetinu í gegnum farsíma og sumar geta jafnvel haft hann á sér öllum stundum og gleðjast yfir því að geta verið í stöðugu sambandi. Þær nefna oftast Internetmiðlana Facebook, Skype, Whatsapp og Viber en nú hafa yfirvöld lokað fyrir Viber í Óman. Stundum eru það vinnuveitendurnir sem sjá til þess að konurnar skorti ekkert þegar kemur að samskiptatækni því þeir skilja og vilja að þær séu í góðum samskiptum við fjölskylduna. Karen fékk t.d. tvo nýja farsíma frá sínum vinnuveitenda svo dóttirin heima fyrir gæti fengið annan. Tæknin kemur þó ekki alltaf í staðinn fyrir að hittast í sama rými eins og Linda bendir á en hún notar samt Skype á hverjum frídegi til að sjá fjölskylduna.

3.4.2 Innan Óman

Þegar horft er yfir allan viðmælendahópinn eru jákvæð samskipti það sem stendur upp úr. Þó að flestar konurnar hafi átt erfiða tíma til að byrja með þar sem þær voru einangraðar, fullar af söknuði og sættu jafnvel ofbeldi hafa þær að lokum allar komist á betri stað í lífinu og búa að þeirri reynslu. Þær hafa eignast góða vini sem jafnast á við fjölskyldu og margar lýsa góðum samskiptum við vinnuveitendur í gegnum tíðina. Flestar lofa vestræna vinnuveitendur sem þær segja vera einkar hjálpfúsa og skilningsríka. Einnig eru nefnd nokkur dæmi um ljúf og gefandi samskipti við heimafólk. Viðhorf beggja aðila skiptir miklu máli varðandi hvernig til tekst. Þrátt fyrir að Sara hafi eingungis haft 45 ríala (13.500 ISK) í laun og engan frídag átti hún samt

góðan tíma hjá ómönsum hjónum. Þar lýsir Sara jafnaðarviðhorfi maddömmu sinnar sem tók hana með sér hvert sem var, í brúðkaup, göngutúra og ferðalög innan Óman, auk þess að kenna henni arabísku, sauma og bakstur. Þarna myndaðist vinskapur og gott andrúmsloft þrátt fyrir að þær töluðu ekki sama tungumálið til að byrja með. Rose, sem hafði átt í miklum tungumálaerfiðeikum í fyrri störfum í Jórdaníu og Kúveit (þar sem voru gerðar meiri kröfur um arabísku), fannst á þeim tíma hún vera stödd í fangelsi og vill helst þurrka þann tíma úr minni sér. Hins vegar lýsir hún eingöngu jákvæðum samskiptum í Óman því börnin í fjölskyldunni sem hún var hjá fyrst í Óman hafi hjálpað henni að læra arabísku og hún kenndi þeim ensku. Þannig skapaðist flæði en ekki hindrun. Helena segir fólkið í Óman koma vel fram og bera virðingu fyrir náunganum, ólíkt því sem gerist í öðrum Arabaríkjum. Auk þess geti allir látið heyra í sér ef það er brotið á þeim; hér eigi að vera hægt að hafa samband við lögregluna og láta vita af illri meðferð. Irena segir lykilinn að farsælum samskiptum vera gagnkvæma virðingu. Farandverkafólkið fer eftir reglum landsins því það þarf á þessum launum að halda. Landið kemur að sama skapi til móts við farandverkafólkið því það þarf líka á vinnuaflinu að halda. Irena er meðvituð um að hún er gestur í landi sem hefur reglur sem hún er ekki endilega sammála en ef fólk fer eftir reglunum segir hún að allt gangi vel fyrir sig. Velgengni Óman er hennar velgengni, segir hún. Rose ber sérstaka virðingu fyrir þjóðhöfðingjanum í Óman, landi hans og reglum. Hún sér tilganginn með reglunum þó að þær geri henni kannski erfitt fyrir. Hún segist jafnframt upplifa Óman sem sitt eigið land. Samt sem áður eru reglur í gildi sem gera henni aldrei kleift að upplifa landið eins og það væri hennar raunverulega heimaland. Það er til dæmis erfitt að fá fjölskylduna yfir og hún á aldrei eftir að eiga möguleika á að setjast að í Óman fyrir lífstíð.

3.4.3 Nánd

Þrátt fyrir að hafa farið einar til Óman upplifa konurnar í rannsókninni mannlega nánd, þó á mismunandi hátt og oftast bara tímabundið. Í nokkrum tilfellum eru fleiri fjölskyldumeðlimir líka í Óman við vinnu en annars eru það oftast vinaböndin sem koma í stað fjölskyldubandanna. Hvort sem þær hafa verið 30 eða tvö ár í Óman hafa þær kynnst mörgum og komið sér upp mikilvægu tengslaneti, oftast í gegnum trúna.

Filippseyingar sækja t.d. messu á föstudögum á sínu tungumáli í kirkjunni og kristið fólk frá Srí Lanka sækir aðrar messur. Flestir viðmælendurnir frá Srí Lanka eru búddatrúar og hittast reglulega í búddahofinu. Viðmælandinn frá Indónesíu segir samlanda sína hittast á ákveðnum indónesískum veitingastað. Allir þessir staðir þjóna mikilvægu hlutverki félagsmiðstöðva; þarna hittist fólk og skiptist á reynslu og vinasambönd myndast. Einnig eru dæmi um að konurnar hafi fundið ástina í Óman.

Eina raunverulega nándin sem Nelli minnst á er nándin við dóttur hennar og barnabörnin í heimalandinu, þrátt fyrir annars góðar aðstæður í Óman. Aðrar lýsa nánd, skilningi og trausti frá vinnuveitendum sínum. Fiona lýsir atviki frá fyrstu árunum þegar heimþráin hafði hellst yfir hana og hún grét stjórnlaust. Þá kom húsmóðirin, tók utan um hana og fór með hana í vinahús þar önnur filippseysk kona var að vinna. Fyrstu átta ár Rose í Óman voru farsæl hjá ómanskri fjölskyldu. Þar skapaðist mikil nánd milli hennar og stelpu sem var í hennar umsjá frá fæðingu og á enn í dag stað í hjarta hennar. Þessu nána sambandi lauk þó um leið og vinnutímabilinu lauk. Rose myndaði sterk tengsl við stelpuna og á ennþá bol af henni til minningar. Þetta er þó tími sem Rose geymir en barnið gleymir. Þarna er um að ræða nánd í hjartastað sem ekki er endurgoldin.

... en þessi stúlka hefur eflaust gleymt mér nú þegar, en ég gleymi
Söru aldrei, hún er ennþá hér (leggur höndina á hjartastað).

Jafnvel þessu sterku tengsl eru bara tímabundin á meðan tengsl við eigin börn verða alltaf til staðar þrátt fyrir fjarlægðina.

Nokkrir viðmælendur segjast hafa verið hluti af fjölskyldunni sem þær unnu hjá og upplifað þar jafnræði og nánd, eins og t.d. að borða með fjölskyldunni. Þegar á reynir eru þetta þó bara tímabundin sambönd og tímabundin nánd. Í tveimur slíkum tilfellum þar sem konurnar segjast hafa verið hluti af fjölskyldunni reyndust heimilishjálpirnar samt illa upplýstar þegar upp komu alvarleg veikindi á heimilinu og þeim var vikið úr starfi í kjölfarið. Þær skildu aldrei alveg hvað hafði komið fyrir og sambandið við fjölskylduna var stopult eða ekkert í kjölfarið. Hins vegar eru nokkur dæmi um að fyrri vinnuveitendur hafi haldið áfram sambandi við heimilishjálpirnar með símhringingum annað slagið. Áströlsk fjölskylda sem er farin frá Óman hefur það

t.d. fyrir reglu að hringja í sína fyrri heimilishjálpi á jólinum. Eins fékk ein reglulega símhringingu frá fyrrverandi yfirmanni og fékk fréttir af veikri maddömu sinni þar til hún dó.

Það sem gerir Yasmin hamingjusama er að hafa samskipti, bæði við börnin sín og fjölskyldu heima en líka við aðra í Óman. Tveir viðmælendur eiga uppkomin börn sem eru líka komin til Óman til að vinna. Anna og Fiona segja frá ástarsamböndum sínum en báðar eru frásildar frá Filippseyjum og kynntust öðrum Filippseyingum í Óman. Samband Önnu endaði með hjónabandi og á þeim 24 árum sem hjónin hafa þekkt hafa þau búið sér til nýtt líf saman í Óman. Í tilfalli Fionu var aðeins um tímabundið samband að ræða þar sem maðurinn var giftur og átti fjölskyldu í heimalandinu. Fiona upplifði góðan tíma sem varð að taka endi. Annars koma vinir gjarnan í stað fjölskyldunnar. T.d. býr Linda með tólf öðrum vinnufélögum sínum. Þar ríkir góður andi og hún segir þau vera bræður sína og systur; þau eru fjölskyldan hennar í Óman.

3.5 Öryggi

Allar konurnar eiga það sameiginlegt að hafa gengið í gegnum einhvers konar byrjunarerfiðleika sem fylgja aðskilnaði við fjölskylduna og heimprá. Margar hafa átt mjög erfitt, jafnvel glímt við þrælkun og ofbeldi eða ótta og óöryggi sem fylgir stríðsástandi. Hins vegar finnst þeim öllum þær vera komnar á betri stað í lífinu þar sem þær finna fyrir auknu öryggi.

3.5.1 Umhverfi

Það er mjög mismunandi hvort viðmælendur upplifa öryggi eða óöryggi á götum úti í Múskat. Flestar segjast þó upplifa mikið öryggi í borginni. Tvær fullyrða að þær hafi aldrei lent í neinum vandræðum eða óþægilegri aðstöðu í Óman. Ein segist jafnvel hafa meiri öryggistilfinningu í Múskat þar sem hún fer út á kvöldin en á Srí Lanka þar sem hún fer ekki út eftir klukkan sex.

Margar lýsa auknu öryggi og bættum lífsgæðum eftir að hafa komist í vist hjá vestrænu fólki. Þær upplifa allt annað viðmót og finna fyrir hjálpssemi, trausti og stuðningi frá vinnuveitendum, auk þess sem launin eru hærrí. Þessu frelsi fylgir aukið

félagslíf og trúariðkun sem gefur þeim mikið og hefur orðið til þess að konurnar hafa í lengst. Þær hafa farið að lifa sínu sjálfstæða lífi upp á nýtt í Óman.

Það gefur þeim líka mikla öryggistilfinningu hversu soldáninn í Óman, Qaboos bin Said, er opinn og framsýnn er kemur að trúarbrögðum, þ.e.a.s. að þrátt fyrir að Óman sé múslímaríki leyfir hann farandverkafólki í landinu að stunda sína trú án tillits til þess hvort það sé íslam, kristni, búddismi eða hindúismi. Öll trúariðkun verður þó að fara fram fyrir opnum dyrum og því hefur soldáninn leyft kirkjum að rísa auk búdda- og hindúahofa. Hann hefur jafnvel sett fjármagn í þessar byggingar. Þetta þykir óvenjulegt í Arabaheiminum og konurnar sem rætt var við eru meðvitaðar um það og sýna hans hátign mikið þakklæti. Einkum lýsa þær sem eru búddatrúar yfir miklu þakklæti og telja sig heppnar að fá þessi tækifæri til að stunda sína trú. Í búddahofinu er alltaf beðið fyrir hans hátign og honum færðar þakkir fyrir öll þau tækifæri sem hann hefur veitt þeim og þeirra fólki. „Þetta er töfrum líkast,“ segir ein. Eins hefur engin kvennanna lent í árekstrum við vinnuveitendur sína vegna trúarbragða. Yasmin, sem er íslamstrúar, hefur unnið fyrir múslíma, kristna og trúleysingja og segir trúarbrögðin ekki skipta neinu máli í þessu samhengi.

3.5.2 Gleði og þakklæti

Þrátt fyrir margar mótbárur í lífinu er margt sem konurnar gleðjast yfir og þær vilja sérstaklega fá að tjá þakklæti sitt. Þeirra stærsta gleði í lífinu er börnin og þær eru því sérstaklega þakklátar fyrir alla þá peninga sem þær fá til að geta framfleytt þeim. Þær eru þakklátar Óman og þeim tækifærum sem peningarnir þaðan hafa veitt þeim sjálfum og fjölskyldum þeirra. Nokkrar lýsa einlægu þakklæti til soldánsins, sem hefur opnað land sitt fyrir erlendu vinnuafli og tekur á móti ólíkum þjóðernum og trúarhópum. Eins og áður segir þykir það t.d. ekki sjálfsagt í landi þar sem ríkistrúin er íslam að leyfa kristnar kirkjur og hof fyrir búddista og hindúista. Viðmælendunum sem eru búddatrúar þykir hans hátign einkar rausnarlegur og einstakt hvernig hann opnar landið sitt. Það er þó með ákveðnum regluramma sem þær skilja og vilja virða. Með því að leyfa erlendu vinnuafli að koma og hafa þessa aðstöðu, þó að sumir dvelji jafnvel í stuttan tíma, styður soldáninn ekki eingöngu við uppgang í eigin landi heldur leggur hann mikið til fyrir fjölskyldur og lönd farandverkafólksins.

Hvernig getum við gleymt Óman, börnin okkar hafa gengið í skóla og ég byggði hús og ég keypti land og þar að auki hef ég lagt fyrir peninga til efri áranna ... og ég hjálpa líka systur minni, ég hjálpa bróður mínum með peningunum héðan.

Ég hjálpa til við að kosta nám barnabarnanna, börn systur minnar, börn bróður míns, ég hjálpa til við námið með því að senda peninga héðan og af virðingu við múslímaríki nota ég líka peningana til að gefa mat til moskunnar á Ramadan ... venjulega sendir fólk alla peningana til heimalands síns en við verðum líka að eyða aðeins innan landsins.

Allir viðmælendurnir gengu í gegnum byrjunarerfiðleika af einhverju tagi sem þeir yfirstigu að lokum og hafa nú fundið einhvers konar sátt eða jafnvægi í lífinu. Það er einkum vegna þess góða fólks sem hefur orðið á vegi þeirra. Margar telja sig heppnar með vinnuveitendur, nýja vini og þetta tækifæri sem hefur fært þeim „*fullar hendur fjár*“. Allar hafa konurnar unnið fyrir fleiri en einn og oftast marga vinnuveitendur í Óman og nokkrar auk þess í Dúbaí, Kúveit og Jórdaníu áður. Í sumum tilfellum hafa þær upplifað sig velkomnar eins og um fjölskyldumeðlim væri að ræða. Það eru því dæmi um að samskiptin við vinnuveitendurnar hafi fært þeim gleði og þakklæti, jafnvel í tilfellum þar sem má segja að brotið hafi verið á þeim vinnulega séð. Bæði Anna og Fiona lýstu sömu reynslu, miklu vinnuálagi og engum frídegi í heilt ár, en samt töldu þær sig heppnar með vinnuveitendur sína því fólkið hafði boðið þær velkomnar í sitt hús og var vinsamlegt í viðmóti. Flestar byrjuðu hjá arabískum fjölskyldum en í dag vinna þær allar nema ein fyrir vestrænar fjölskyldur. Þær telja sig heppnar að hafa vestræna vinnuveitendur því þar eru launin alljafna betri, vinnuálagið og kröfurnar minni og frítíminn virtur.

Óman hefur líka fært öllum konunum vini og félagsskap og jafnvel ást að nýju sem hefur gefið þeim mikið. Allir þurfa á félagsskap að halda, líkt og Rose benti á, og hún sagðist jafnframt finna „*hjarta sitt styrkjast*“ þegar vel gengi. Þær eru reynslunni ríkari og hafa lært á heiminn. Það sem árin fjarri heimalandinu hafa líka fært þeim er opnari sjóndeildarhringur; þær hafa lært margt sem fólkið heima í þorpinu þeirra

hefur engan skilning á. Þær hafa hitt fólk af alls konar þjóðernum og kynnst ýmiss konar trúarbrögðum og siðum sem þeim finnast áhugaverðir. Auk þess hafa þær lært tungumál; allar hafa þær lært ensku, sumar arabísku og jafnvel hrafl í evrópskum tungumálum eftir að hafa unnið fyrir evrópskar fjölskyldur. Ein þeirra segir að þó að hún hafi kannski ekki lært mikið í skóla á sínum tíma lærum við svo lengi sem við lifum og lífsins skóli hafi verið henni góður í Óman.

Launakjör og aðstæður viðmælenda eru misjöfn og ólík eftir vinnuveitendum og löndum. Lægstu launin sem konurnar höfðu fengið í Óman voru 40 ríalar (12.000 ISK) og hæstu launin 200 ríalar (60.000 ISK). Vinnutíminn og vinnuskyldur eru líka mismunandi eftir vinnuveitendum og viðmælendum þykir vist hjá vestrænum eftirsóknaverðari vegna mannúðlegra viðhorfs. Sú einangrun og einsemd sem viðmælendur segjast hafa búið við á upphafsárunum var ekki endilega til komin vegna harðræðis yfirmannanna heldur gat það líka verið vegna tungumálaerfiðleika sem skapa misskilning og þar af leiðandi óöryggi. Söknuður og aðskilnaður við börnin á líka veigamikinn þátt í þeirri vanlíðan sem fylgir upphafi dvalar í öðru landi. Flestir viðmælendurnir yfirgáfu landið sitt fyrst á þeim tíma þegar börnin voru ung og þurftu hvað mest á mæðrum sínum að halda, auk þess sem tækni þess tíma bauð ekki upp á marga möguleika á samskiptum. Ein segist vilja þurrka úr minni sínu þessi erfiðu ár til að byrja með – en í dag vill hún halda sem lengst í tímann í Óman.

Þegar horft er yfir allan viðmælendahópinn standa jákvæð samskipti og reynsla upp úr. Í heildina hefur þeim líkað dvölin í Óman, enda hafa þær flestar ílengst og vilja jafnvel vera í Óman til langframa. Þótt flestar hafi átt erfiða tíma til að byrja með þar sem þær voru einangraðar, fullar af söknuði og sættu jafnvel ofbeldi, hafa þær að lokum allar komist á betri stað í lífinu og búa að fyrri reynslu. Þær hafa eignast góða vini sem jafnast á við fjölskyldu og margar lýsa góðum samskiptum við vinnuveitendur í gegnum tíðina. Flestar lofa vestræna vinnuveitendur sem þær segja vera einkar hjálpfúsa og rausnarlega en einnig nefna þær nokkur dæmi um ljúf og gefandi samskipti við heimafólk. Þetta eru þrautseigar og sterkar konur. Þrátt fyrir að fjalla um alls konar erfiðleika í gegnum tíðina geta þær sagt frá á léttan máta og jafnvel hlegið en þegar kemur að börnunum snertir umræðuefnið þær djúpt og grátur tekur jafnvel við. Allar konurnar eru virkar í trúariðkun og sækja þangað bæði

styrk og félagsskap. Þær bera virðingu fyrir soldáninum og reglum Óman. Farandverkafólkið þarf á laununum að halda og Óman þarf líka á vinnuaflinu að halda og ríkið kemur því til móts við ólíka trúar- og menningarhópa. Eftirtektarvert er að í viðtölunum kom ekkert fram um árekstra milli trúarhópa eða þjóðerna, einungis á milli vinnuveitenda og starfsfólks.

4 Umræður

Hér á eftir verður fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar í tengslum við þá fræðilegu nálgun sem lögð var til grundvallar. Hugtök á borð við hnattvæðingu, fjölmenningu, tvíheima og umönnunarkerðu má tengja við reynsluheim heimilishjálpa í Óman. Einnig verður fjallað sérstaklega um niðurstöðurnar í ljósi mannréttinda og þeirrar gagnrýni sem hefur beinst að því að farandsverkafólk í ferli sem þessu er oft berskjaldað gagnvart þrælkun. Í kjölfarið verður fjallað um jákvæðari hliðar málsins sem líka komu fram hjá öllum viðmælendum þessarar rannsóknar. Að lokum eru settar fram hugleiðingar varðandi verkefnið í heild.

4.1 Hugtök

Skilgreining Villaverde og Maza (2011) á hnattvæðingu á vel við í þessari rannsókn þar sem fjölmenningarleg samsuða fólks, trúarbragða og tungumála í Óman er dæmi um birtingarmynd hnattvæðingar. Inda og Rosaldo (2008) fjalla um einkenni tvíheima (e. diaspora) en þau einkenni og aðstæður eiga líka vel við í fjölmenningarlegu umhverfi Óman. Þar þarf fólk af erlendu bergi brotið að læra að lifa á milli mismunandi menningarheima og sjá lífið í víðara samhengi. Skilgreining viðmælenda á því hvað var *heima* hafði breyst í tímans rás og eins tilfinningin að *tilheyra*. Nokkrir viðmælendur sögðu *heima* vera í Óman en á sama tíma fannst þeim þeir samt enn tilheyra sínum fyrri menningarheimi. Allir viðmælendur höfðu öðlast aukna tungumálafærni, jafnvel í mörgum tungumálum, sem líka einkennir tvíheimalíf.

Tvíheimalíf og kenningar Anderson (1991) um ímynduð samfélög tengjast á margan hátt. Jákvætt viðhorf þjóðhöfðingja Óman til samþættingar ýtir undir tvíheimalíf með því að leyfa kirkjur og hof sem tilheyra öðrum trúarhópum en ríkistrúnni, íslam. Nánast allir viðmælendurnir höfðu sótt eða stundað reglulega

samkundur á þessum opinberu stöðum vegna trúar sinnar en líka, síðast en ekki síst, vegna félagsskaparins. Yasmin er múslimi en sækir ekki moskur í Óman, líkt og reyndar margar ómanskar kynsystur hennar sem stunda frekar bænahald heima við. Þess í stað sækir hún ákveðinn indónesískan veitingastað í sínum frítíma til að komast í kynni við menningu sína og samlanda á svæðinu. Þrátt fyrir að margir viðælendur segðust eiga vini og hafa haft góð kynni af margs konar þjóðernum í Óman virtust samt allir helst sækja í samlanda sína þegar kemur að frítíma, félagsskap og ástinni. Það má segja að þær kvennanna sem hafa verið hvað lengst í Óman og ekki farið til heimalandsins í mörg ár, líkt og Fiona og Anna, séu farnar að lifa á nokkurn hátt í gegnum í ímynduð samfélög. Í Óman viðhalda þær sinni kristnu trú, tungumáli og hefðum með því að sækja félagsskap og rómantík til samlanda sinna.

Með samþættingu leggja einstaklingar áherslu á að viðhalda sínum fyrri menningarlegu sérkennum um leið og þeir tileinka sér ráðandi menningu meirihlutans. Þessir einstaklingarnir þurfa því að öðlast færni tveggja eða fleiri menningarheima til að uppfylla kröfur mismunandi menningarheima á sama tíma (Hanna Ragnarsdóttir, 2002). Fljótt á litið virðast einkenni samþættingar eiga vel við Óman. Þar er að finna fjölmörg þjóðarbrot alls staðar að úr heiminum og þar ríkir friður og virðing. Ríkið kemur til móts við fólk að því leyti að öllum er gert kleift að leggja rækt við sín trúarböggð og ólíkir menningarhópar geta viðhaldið einkennum sínum og tungumáli en á sama tíma ber öllum að virða siði og reglur meirihlutans. Ríkið leggur þó ekki til neitt formlegt ferli sem hjálpar erlendu fólki við frekari aðlögun í landinu, svo sem skipulagða upplýsingafræðslu eða tungumálakennslu. Þeir útlendingar sem fá dvalar- og starfsleyfi í Óman tilheyra öllum stéttum þó að stærsti hlutinn sinni heimilishjálp og verkavinnu en allir eiga það sameiginlegt að vera háðir tímabundnu leyfi. Þá fer það eftir vinnuveitenda, stöðu og launum hvort viðkomandi fái dvalarleyfi fyrir fjölskylduna líka. Það á t.d. ekki við um heimilishjálpirnar sem eru of lágt settar til að fá slík leyfi fyrir fjölskyldumeðlimi. Í öllum tilfellum er litið á erlent vinnuafl sem tímabundið, hvort sem dvalartíminn hefur verið eitt ár eða þrjátíu – allir verða að lokum að snúa til baka. Að því leyti samræmast aðstæður í Óman ekki samþættingu því þrátt fyrir að sumir viðmælendur hafi búið þar í þrjátíu ár og álíti það sitt eigið land og heimili þá hafa þær samt enga möguleika á því að setjast að í

Óman fyrir fullt og allt þegar vinnuferlinum lýkur. Útlendingar geta keypt húsnæði á örfáum svæðum í Óman á uppsprengdu verði og verða þá eftir það koma reglulega til landsins innan ákveðins tímaramma. Helena er ein þeirra viðmælenda sem hefur gælt við þá hugmynd að reyna að setjast að í Óman til að skapa sér og fjölskyldunni betra líf en á Filippseyjum. Hún ýjaði að því hún hefði ekkert á móti því að dóttir hennar giftist ómönskum manni; hugsanlega gæti það verið ein leið til að tryggja fjölskylduna. Það er samt ekki örugg leið því þó að systir Helenu hafi t.d. verið gift heimamanni fékk systirin hvorki ómanskt vegabréf né ríkisborgararétt. Það þarf að hafa sérstök persónuleg sambönd (*wasta*) til að fá slík leyfi. Þessi hindrun lýsir því frekar því viðhorfi sem var algengt víða á síðustu öld, þ.e. að fólk komi bara tímabundið (jafnvel þótt það séu þrjátíu ár) vegna vinnu og því sé ekki talið nauðsynlegt að fólkið aðlagist. Það á því ekki kost á sömu borgaralegu réttindum og aðrir íbúar. Þessar takmarkanir á samþættingu líkjast því heldur því viðhorfi sem var algengara á 20. öld og Unnur Dís Skaptadóttir (2004) lýsir en þá var álitid að innflytjendur væru aðeins tímabundið vinnuafli sem kæmi til að vinna sér inn pening og myndi því halda tengslunum við heimalandið. Í þessum tilfellum var ekki talið nauðsynlegt að fólkið aðlagaðist.

Ein helsta breytingin hvað varðar hnattvæðingu undanfarin ár er tækniþróun sem hefur ýtt undir aukna samþjöppun tíma og rúms. Þeir viðmælendur sem höfðu dvalið lengi erlendis fundu greinilega fyrir þessari breytingu og tóku bættri samskiptatækni fagnandi sem hefur haft jákvæð áhrif á samskipti þeirra við heimalandið. Internetið og farsíminn er samskiptamáti nútímans og jafnvel eldri konurnar höfðu tileinkað sér tæknina og alveg sagt skilið við bréfaskriftirnar. Bætt aðgengi að tækni skiptir líka gríðarlega miklu máli. Í upphafi stóð einangrun og slæmt aðgengi í vegi fyrir því að viðmælendur gætu átt í samskiptum við fjölskylduna og heimalandið. Slæmt aðgengi og einangrun á þó líka við um samskipti innan Óman því að á meðan konurnar voru einar og einangraðar í upphafi höfðu þær heldur ekki tækifæri til tvíheimalífs. Reynsla Yasmin sýnir að þrátt fyrir að nútímatækni sé til staðar kemur hún ekki að neinu gagni ef aðgengi viðkomandi að henni er takmarkað og viðkomandi fær ekki að fara út úr húsi. Tækifæri til tvíheimalífs og jákvætt viðhorf ómanska ríkisins til samþættingar (með fyrrgreindum takmörkunum þó) hefur verið stór þáttur í að margar kvennanna hafa í lengst í Óman. Eins og áður segir þýddu

flutningar fyrr á tímum aðskilnað en nú hafa þær getað haldið áfram að vera í nánum tengslum við heimalandið og samtvinnað lífið þar við líf sitt í Óman. Hugmyndir Giddens um hnattvæðingu (Inda & Rosaldo, 2008) eiga því líka við í þessu samhengi en þar er bent á hvernig aukin félagsleg samskipti á alheimsvísu geta tengt saman fjarlæga staði á þann hátt að hið staðbundna mótist af hlutum sem eiga sér stað langt í burtu og öfugt.

Hin dæmigerða umönnunardejja samanstendur af konum frá þróunarríkjunum sem sjá um börn í Evrópu og N-Ameríku en um leið þurfa þær að ráða aðra konu til að sjá um eigin börn sem verða eftir í heimalandinu (Þorgerður Einarsdóttir, 2004). Viðmælendur rannsóknarinnar eru þessir mikilvægu hlekkir sem tengja saman umönnunardejuna og um leið þýðingarmikill drifkraftur í hnattvæddu hagkerfi heimsins í dag. Í þessari rannsókn er móttökulandið þó ekki vestrænt og það sem hér um ræðir samræmist þar af leiðandi ekki hinni dæmigerðu umönnunardejju. Á Vesturlöndum leysa heimilishjálpirnar konurnar af svo þær komist út á vinnumarkaðinn en í Óman þykir sjálfsagt að halda heimilshjálp hvort sem konurnar vinna úti eða ekki. Rannsóknir Parrenas (2000) og Barber (2000) sýna að aðbúnaður heimilishjálpa í Bandaríkjunum og Evrópu virðist vera betri en þeirra sem starfa í Mið-Austurlöndum þar sem sponsorakerfið tíðkast, líkt og fram kemur hjá Varia (2011) og niðurstöður þessarar rannsóknir benda jafnframt til. Í þessum heimshlutum er um að ræða ólík regluumhverfi og menningarleg viðhorf sem gera aðstæður á margan hátt fýsilegri á Vesturlöndum þar sem t.d. er möguleiki að gerast innflytjandi með öllum þeim réttindum sem því fylgir. Annað í þessari rannsókn samræmist ekki sambærilegum rannsóknum á Vesturlöndum en það er menntunarstig heimilishjálpanna. Mills (2003), Barber (2000) og Parrenas (2000) benda á að farandverkafólk, svo sem heimilishjálpir, taki oft niður fyrir sig í starfi. Það eru mörg dæmi um að hámenntað fólk fari í láglounastörf þegar það sækir vinnu erlendis, einfaldlega af því að það gefur betri tekjur en fólk á kost á í heimalandinu. Miðað við niðurstöður þessarar rannsóknar virðast flestar húshjálpir aftur á móti vera lítið menntaðar og ekki hafa átt fjölbreytta atvinnukosti í heimalandinu áður. Þá eru gerðar minni kröfur til innflutts vinnuafls í Óman en á Vesturlöndum þar sem um ólíka nálgun samþættingar er að ræða.

4.2 Neikvæðar hliðar

Óman byggir mikið á háu hlutfalli erlends vinnuafls, bæði í opinbera og einkageiranum. Það á einkum við um störf sem heimafólk vill ekki vinna því þau þykja ekki fín, launin eru lág og vinnuaðstæður óöruggar. Á þessum fjölbjóðlega vinnumarkaði í Óman er gert út á kynjaðar staðalímyndir þar sem karlar eru ráðnir í verkavinnu en konur í heimilishjálp. Er þetta neikvætt ferli þar sem eitt ríki nýtir sér bággt ástand annarra? Vissulega en á sama tíma fá lönd eins og Filippseyjar og Srí Lanka tækifæri til að auka gjaldeyristekjur og minnka atvinnuleysi. Peningasendingar farandverkafólks skipta gríðarlega miklu máli fyrir þessi lönd og fjölskyldurnar sem heima sitja. Ólíkir staðir í heiminum hagnast þannig hver á sinn hátt við þessi samskipti. Í Óman á mikil uppsveifla sér stað og því er mikil þörf á þessu innflutta vinnuafli á meðan fátækari löndin þurfa á tekjunum að halda.

Hættan við þessar aðstæður er þó sú að fólk frá fátækari ríkjum verði fyrir misnotkun og ekki er víst að það geri sér grein fyrir því eða það lætur misnotkun og slæmar aðstæður viðgangast meðvitað því neyðin er svo mikil. Út á við ríkir friður í Óman en í rannsókninni kom fram að innan veggja heimilanna er algengt að árekstrar verði milli heimilishjálpa og vinnuveitenda. Nokkur dæmi komu fram í þessari rannsókn um slíkar aðstæður; misnotkun sem viðmælandi var meðvitaður um en líka misnotkun þar sem viðmælendur höfðu brenglaða sýn á aðstæður þar sem þeim fannst í lagi að vinna myrkranna á milli án frídags á svívirðilega lágum launum svo lengi sem viðmót fólks var vinsamlegt og matur á boðstólum. Dæmin í þessari rannsókn sýna svipað mynstur misnotkunar og Jureidini (2010) lýsir þar sem kynferðisáreitni er oftast framkvæmd af körlum en annað og algengara ofbeldi er oftast beitt af hálfu húsmóður. Í sumum tilfellum var ómögulegt fyrir viðkomandi að leita réttar síns enda voru konurnar hreinlega innilokaðar og fengu ekki að hafa samband við umheiminn sem þær þekktu heldur ekki. Einnig komu fram dæmi um að þeir ábyrgðaraðilar sem stóðu viðkomandi næst brugðust skyldum sínum þegar leitað var til þeirra líkt og umboðsskrifstofan í tilfelli Fionu. Í öllum tilfellum var það sjálfsbjargarviðleitni kvennanna sjálfra sem að lokum kom þeim á betri stað. Enginn annar tók ábyrgð, sinni eftirliti eða kom til hjálpar.

Reglur og viðteknar venjur þjóðríkja duga engan veginn í þessum tilfellum og eins Koser (2010) bendir á skortir greinilega aðkomu og reglugerðir af hálfu alþjóðasamfélagsins. Ómanska ríkið setur engar reglur um lágmarksvinnutíma og laun heimilishjálpa og markaðurinn er gerður með þarfir húsbóndans í huga. Farið er eftir reglum sponsorakerfis og í kjölfarið hefur skapast viðtekin venja sem á sér enga stoð í reglum um að heimilishjálparnar þurfi að borga háar fjárupphæðir ef þær vilja fá sig lausar frá samningum, sem er hrein og bein kúgun. Sponsorakerfið og vinnuumhverfið í einkarými innan veggja heimilisins gerir það að verkum að erfiðara er fyrir utanaðkomandi aðila að festa hönd á þrælkun. Jureidini (2010) segir einnig erfitt að meta þrælkun út frá launum ef engar reglur eru við lýði varðandi lágmarkslaun. Auk þess er erfitt að meta þrælkun í dæmum þar sem viðmælendur unnu sjálfviljugir fyrir lágur upphæðir því neyð þeirra var svo mikil.

Viðmælendur vildu helst vinna fyrir vestræna vinnuveitendur enda virtust grófar þrælkunaraðstæður helst tengjast heimilum heimafólks. Útborguð heildarlaun viðmælenda höfðu verið á bilinu 40–200 ríalar eða 12.000–60.000 íslenskar krónur, þar sem lægstu launin voru borguð af heimafólki en hæstu launin af vestrænum vinnuveitendum. Samt má líka spyrja hvort 200 ríalar séu mannsæmandi laun. Eins leyfðu vestrænir húsbændur heimilishjálpum sínum vísitandi að vinna aukalega í hlutastörfum en í því samhengi má spyrja hvort þar með sé í raun verið að gera þeim greiða þar sem það er ólöglegt að vinna hlutastörf fyrir aðra en húsbóndann sjálfan. Öryggi viðkomandi er sett í hættu því ef upp kemst um ólöglega starfsemi liggja við því sektir og viðkomandi starfskraftur getur átt á hættu að vera sparkað úr landi. Sama á við um þær heimilishjálpar sem kaupa *outside visa* fyrir háar fjárupphæðir og starfa síðan eingöngu ólöglega í hlutastörfum; þær eru jafnvel enn berskjaldaðri gagnvart misnotkun. Piper (2004) bendir á vandamálið sem fylgir ströngum reglum um innflutning þar sem yfirleitt eru aðeins í boði skammtíma starfssamningar eða engir samningar en þá sækja fleiri konur í vinnu án tilskyldra leyfa sem um leið gerir þær berskjaldaðar. Ross-Sheriff (2011), Bloch og Chimienti (2011) og Koser (2010) fjalla einnig um þá erfiðleika sem snúa að ólöglegum innflytjendum í heiminum í dag sem má svo aftur heimfæra upp á atvik sem komu fram í rannsókninni, því þó að ekki hafi verið um ólöglega innflytjendur að ræða voru nokkrar konurnar í svipuðum aðstæðum. Í mörgum tilfellum sem rædd voru í þessari rannsókn hefði enn fremur

mátt velta upp spurningunni um skilgreininguna á mansali og þrælkun. Þetta er erfitt viðureignar því eins og áður segir getur fólk verið í vinnu við slæmar aðstæður en samt gengið að henni sjálfviljugt vegna mikils launamismunar og ólíks lífsviðurværis í samanburði við aðstæður í heimalandinu. Jureidini (2010) fjallar um skilgreiningu sem setur mörkin við það hvort einstaklingurinn hafi möguleika á því að segja skilið við vinnuna eða ekki. Samkvæmt því á þrælkun sér stað í mörgum tilfellum innan sponsorakerfisins, einkum í tilfellum *outside visa* og þeirrar kúgunar sem felst í ólöglegum kröfum um háar fjárhæðir vilji starfskrafturinn losna.

Piper (2004) segir konur sem tilheyra fjölskyldum sem hafa dreifst yfir landamæri (e. transnationally split families) vera undir sálrænu álagi og í tilfellum þar sem konan gerist fyrirvinna erlendis, fjarri eiginmanni og börnum, geti það leitt til vandamála, togstreitu og álags. Niðurstöður þessarar rannsóknar sýndu fjölbreytta birtingarmynd togstreitu, álags og vandamála er uppkomu milli viðmælenda og fjölskyldu og aðstæðna í heimalandinu. Það mæðir líka mikið á fjölskyldunni heima fyrir því það þarf að hafa umsjón með börnunum og jafnvel líka öldruðum foreldrum líkt og Parrenas (2012) undirstrikar. Vandamálin sem komu fram í máli viðmælenda voru t.d. barn í fíkniefnavanda og barn sem strauk frá ömmu sinni og afa. Togstreita átti sér stað vegna aldraðra foreldra sem þurftu umönnun og sá þáttur lendir óhjákvæmilega á aðstandendum sem heima sitja. Eins myndaðist togstreita vegna þess að sumir viðmælendur vildu vera áfram í Óman en börnin vildu fá móður sína heim eða börnin sökuðu mæður sínar um að elska sig ekki. Konurnar sem rætt var við eru undir miklu álagi, ekki eingöngu við að standast vinnuálagið og koma undir sig fótunum einar í framandi landi, heldur er líka mikið álag á einstæðum mæðrum við að tryggja fjárhag fjölskyldunnar og halda sambandi við fjölskylduna í heimalandinu. Fjarsambandið hefur breyst í tímans rás með tækniþróuninni en áður fyrr voru samskiptin flókin og stopul vegna skorts á frítíma og aðgengi að síma. Madianou og Miller (2011) benda á að samskiptaformið litist gjarnan af þeim aðstæðum sem ríktu þegar aðskilnaður móður og barns varð og það má sjá á ummælum viðmælenda. Eldri konurnar sem fóru að heiman þegar börnin voru ung og tæknin var lítil upplifðu minni nánd og dæmi voru um að börnin ásökuðu móður sína um að elska sig ekki. Hins vegar geta svipaðar aðstæður einnig komið upp í nútímanum því tæknin kemur ekki alltaf í stað fyrir raunverulega nánd, líkt og kom fram í viðtölunum við yngri

konurnar. Linda sagði Skype t.d. aldrei koma í staðinn fyrir líkamlega nánd og Yasmin fékk líka að reyna það á eigin skinni þegar sonur hennar leiddist út í fíkniefni.

4.3 Jákvæðar hliðar

Þó að í þessari rannsókn hafi komið fram þónokkur dæmi um gróf brot á mannréttindum og ómannúðlegar aðstæður var það alls ekki svo í öllum tilfellum. Allar konurnar eiga það sameiginlegt að hafa sýnt gerendahæfni og sjálfstæði við að nýta sér möguleika á hnattrænum vinnumarkaði þrátt fyrir að vera einnig háðar takmörkunum hans, eins og fram kemur t.d. í rannsóknum Parrenas (2000) og Barber (2000). Megintilgangurinn með flutningunum voru fjárhagsástæður og margs konar jákvæð áhrif peningasendinga viðmælenda til heimalandanna voru bæði greinileg og mikilvæg. Þessir flutningar og peningarnir sem viðmælendu þénuðu erlendis skiptu sköpum fyrir framfærslu barnanna heima sem bæði höfðu í sig og á, auk þess að geta gengið menntavegin. Stórfjölskyldan naut líka góðs af á marga vegu. Einnig voru margir eldri viðmælendanna farnir að vinna að því að koma sér fyrir á efri árum með fjárfestingum í heimalandinu. Í þeim tilfellum var upphaflegu markmiðunum náð en þá tóku við ný markmið samkvæmt aðstæðum hverju sinni og eftir því sem á leið hafa konurnar leyft sér að huga að eigin þörfum og þrá. Dvölin erlendis hefur fært þeim aukið fjárhagslegt og félagslegt sjálfstæði. Dæmi var um viðmælendur sem voru þakklátir fyrir tækifærið til að þéna mikilvæga peninga en um leið víkka sjóndeildarhringinn.

Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtynska (2008) benda á að kynin þyki hafa mismunandi skyldur við fjölskylduna og því sé auðveldara að hindra konur en karla í að fara frá börnum og öldruðum fjölskyldumeðlimum heima fyrir. Í tilfellum flestra viðmælendanna í þessari rannsókn voru makar ekki til staðar eða einhvers konar hjónabandserfiðleikar virtust vera fyrir hendi svo það var kvennanna að ganga í hlutverk fyrirvinnunnar þrátt fyrir að það hefði vissulega verið sársaukafullt fyrir bæði móður og barn. Aldrei var minnst á að þær hefðu verið ávítaðar eða hindraðar í að fara til annars lands en það var samt sárt, t.d. fyrir Önnu þegar börnin hennar sökuðu hana um að elska sig ekki því hún var í burtu. Eins var erfitt fyrir Söru að eiga í samskiptum við systur sína sem var henni reið fyrir að vera í burtu fjarri veikri

móður þeirra. Þrátt fyrir að láta gott af sér leiða í heimalandinu virtust konurnar ekki alltaf hafa fengið uppreisn æru eða þakklæti frá fólkinu sínu. Það virtist t.d. örla á biturleika hjá bæði Önnu og Fionu í garð fjölskyldnanna heima og þær gátu ekki stólað á að börnin þeirra myndu vera til staðar fyrir þær í ellinni. Kannski álíta börnin að mæðurnar hafi brugðist skyldum sínum með því að fara líkt og Madianou og Miller (2011) benda á að geti gerst. Einnig voru dæmi um að uppkomin börn í heimalandinu væru farin að biðla til mæðra sinna um að koma heim og hætta að vinna svo þau gætu nú tekið við og séð um þær.

Þrátt fyrir lág laun var t.d. Rose líka mikið í mun að gefa til baka til ómanska samfélagsins. Óman er skattfrjálst ríki og því kaus hún að gefa til fátækra í Óman. Samkvæmt Shuterland (2013) vega hagfræðilegu kostirnir við þetta ferli farandverkafólks mikið því þessi innkoma sem þó getur verið ótrygg er samt stöðugri og hærri en fjármagn þróunarhjálpur auk þess að fara beint í vasa þeirra sem á þurfa að halda. Á sama tíma greiðir viðkomandi aftur til landsins í formi skatta (undantekning í Óman) og annarra fjárfestinga svo sem húsaleigu.

Viðmælendur þessarar rannsóknar endurspeglu mikilvægi kvenna í ferli alþjóðlegra fólksflutninga sem áður fyrr þótti lítilvægt og fékk því ekki verðskuldaða viðurkenningu. Viðmælendurnir undirstrika einnig mikilvægi kvenna í hinu alþjóðlega ferli umönnunarkeðjunnar og hagkerfi heimsins. Þessar konur eru dæmi um bæði sjálfstæða og virka gerendur sem leggja allt í sölurnar fyrir börnin sín og fjölskyldurnar sem heima sitja. Þær gegna viðamiklu hlutverki sem fyrirvinnur fjölskyldunnar; vegna þeirra eiga börnin þeirra og barnabörn a.m.k kost á menntun, auk þess sem þær hjálpa til við ýmsan kostnað í stórfjölskyldunni. Margar sýndu sjálfsbjargarviðleitni og gerendahæfni í erfiðum aðstæðum þar sem ekki var mikla hjálp að fá.

Viðmælendur lýstu jákvæðri upplifun á tvíheimalífi og fjölmenningu í Óman. Á sama tíma og konurnar fóru eftir skrifuðum og óskrifuðum reglum landsins höfðu þær lagt rækt við sína trú og menningu í gegnum félagsskap samlanda sinna. Þessi félagsskapur hafði gefið þeim mikið svo og kynni við fólk af margvíslegum uppruna. Auk þess voru flestir viðmælendur komnir á það stig að finna almennt fyrir öryggi í Múskat, jafnvel meira en í heimalandinu. Til dæmis sagði Rose að hún færi ekki út á kvöldin í heimalandinu en hún hræddist það ekki í Óman. Nokkrar lýstu óþægilegum

aðstæðum í tengslum við leigubílstjóra og voru því alltaf á varðbergi gagnvart þeim. Yasmin, sem var í hópi yngri viðmælenda og búin að vera styst í Óman, lýsti mesta óörygginu gagnvart umhverfinu og þá einkum arabískum karlmönnum, aðallega vegna orðspors þeirra en ekki eigin reynslu. Þrátt fyrir að vera frelsinu fegin og því að geta átt sér félagslíf ferðaðist hún eingöngu með einum leigubílstjóra sem hún treysti.

5 Hugleiðing

„... börnin mín eru lífið“ (e. „my life is my children“)

Þessi tilvitnun er stutt en samt svo sterk og lýsandi fyrir niðurstöður þessarar rannsóknar. Aðstæður verkafólksins í Óman voru mér einkum hugleiknar við upphaf þessarar ritgerðarsmíðar en er líða tók á viðtölin og greiningarferlið jókst vægi sambands móður og barns sem reyndist vera svo sterkur drifkraftur í þessu ferli. Megintilgangur fólksflutninga í heiminum er fjárhagslegur og það sama kom fram í þessari rannsókn þar sem meginástæða flutninganna var fjárhagsaðstæður, sem svo aftur eru knúnar af börnum sem þarf að sjá farborða. Fólk, í þessu tilfalli mæður, sýnir sjálfsbjargarviðleitni og gerendahæfni svo börn þeirra og fjölskyldan heima geti átt kost á lágmarkslífsgæðum. Mæðurnar leggja mikið á sig í þessu tilliti en söknuðurinn eftir börnunum og jafnvel barnabörnum sem er hvað sárastur virðist samt vera þess virði.

Aðstæður í Óman gera kannski þennan aðskilnað móður og barns bærilegri en í sambærilegum aðstæðum í nágrannalöndunum. Mig langar því einnig til að nota þetta innlegg til að benda á að margbreytileiki Mið-Austurlanda er mikill. Þegar fólk heyrir minnst á Mið-Austurlönd fá margir mynd í höfuðið af öfgafullum aðstæðum í Sádí Arabíu og Jemen (og jafnvel Sameinuðu arabísku furstadæmunum) þar sem t.d. réttindi kvenna eru mjög takmörkuð. Þrátt fyrir að Óman hafi byggt á svipuðum gildum feðraveldisins og að þar sé að finna rótgróna stéttskiptingu er um miklu víðsýnna og frjálsglegra land að ræða en t.d. staðalímyndina af Sádí Arabíu. Ómanskar konur keyra, ólíkt kynsystur þeirra í Sádí Arabíu, auk þess sem stjórnvöld í Óman hvetja konur bæði til að sækja nám og fara út á vinnumarkaðinn svo dæmi séu tekin. Margt hefur breyst almennt hvað varðar viðhorf til kynjajafnréttis þar sem t.d. ómanskir karlar eru farnir að taka meiri þátt í uppeldi barna sinna en fyrri kynslóðir auk þess sem hjónabönd þar sem einstaklingar velja sér maka, í stað þess að

foreldrarnir eða ættin ráðstafi makavalinu, verða æ algengari. Víðsýni Þjóðhöfðingjans, Qaboos soldáns, má líka merkja í þeim kirkjum og hofum sem hafa fengið að rísa og halda úti starfsemi í Múskat. Einmitt þessi víðsýni hefur reynst viðmælendunum í þessari rannsókn dýrmætt haldreipi á erfiðum tímum og opnað þeim dyr að trúarlegum styrk og félagsskap. Klæðnaður kvenna er annað merki um breytingar; konum sem ekki aðhyllast íslam er frjálst að klæðast á sinn máta (innan kurteisismarka þó) og þær þurfa ekki að hylja hár sitt.

Þrátt fyrir að Óman hafi opnast fyrir erlendu vinnuafli er sá annmarki fyrir hendi að fólk er yfirleitt illa upplýst um réttindi sín eða kemur í sárri neyð og lætur því (ó)meðvitað þrælkun viðgangast. Það getur verið mjög erfitt og jafnvel ómögulegt að nálgast allar upplýsingar um lagalegan rétt o.þ.h., bæði vegna þess að aðgengið er takmarkað og sökum þess að flestir sem starfa í lægstu stéttunum hafa litla sem enga menntun og geta jafnvel ekki lesið á ensku eða arabísku. Opinberar reglur ríkisins um lágmarksvinnutíma og skyldur heimilishjálpa eru almennt ekki til. Þar af leiðandi hafa sum sendiráð brugðið á það ráð að setja eigin reglur varðandi sína þegna. Oft eru þessar reglur þó loðnar og á gráu svæði. Reglur sendiráðanna eru líka takmarkaðar þar sem þær miða fyrst og fremst við það ferli þegar fólk er að koma til landsins í fyrsta skipti og því er um litla vernd að ræða fyrir þá sem nú þegar eru í Óman.

Það sem í mínum huga gæti helst talist til takmarkana á rannsókninni í heild er að niðurstöður hennar koma mjög ólíklega til að nýtast raunverulega í þágu þeirra sem brotið er á. Þetta er erfið staða; að annars vegar langa til að bregðast við þessum aðstæðum þar sem fólk getur átt á hættu að sæta ofbeldi eða þrælkun í samfélaginu í kring en hafa hins vegar á sama tíma mjög takmarkað svigrúm til þess að aðhafast slíkt innan Óman. Þær niðurstöður sem koma fram svart á hvítu í þessari rannsókn eru aðeins brot af þeim dæmum sem til eru um aðstæður sem fá að viðgangast. Sem útlendingur (e. expat) er dvalarleyfi mitt og fjölskyldunnar minnar t.d. háð því að ég beri virðingu fyrir landi og þjóð og fari eftir þeim reglum sem ríkja í Óman. Það á líka við um óskrifaðar reglur, því er t.d. ekki vel séð í samfélaginu að vestrænir vinnuveitendur heimilishjálpa borgi þeim hærra kaup en heimafólk gerir. Því ásaka Ómanir og aðrir asískir sponsorar þá vestrænu fyrir að spilla heimilishjálpunum með of háu kaupi, frítíma og öðrum lúxus; þeir eigi af þessum

sökum erfitt með að finna einhvern til að vinna fyrir sig og að heimilishjálpirnar hafi uppi of miklar kröfur. Í þessu samhengi upplifi ég mig að vissu leyti í sömu sporum og viðmælendur mínir, þ.e. að ég aðhafist ekki af ótta við að stíga á tær með þeim afleiðingum að setja dvalarleyfið í hættu.

Lokaorð

Markmið þessarar ritgerðar var að varpa ljósi á líf þeirra kvenna sem flytjast langt í burtu frá fjölskyldu og heimahögum til að gerast heimilishjálpir í Óman. Leitast var við að gera grein fyrir aðstæðum þeirra og upplifun auk þeirra áhrifa sem þetta ferli hefur í för með sér. Til að takast á við þetta verkefni var notast við eigindlega rannsóknaraðferð þar sem tekin voru viðtöl við ellefu konur sem allar hafa starfað við heimilishjálp í Óman í lengri eða skemri tíma. Bakgrunnur þeirra var fjölbreyttur þar sem þær komu frá þremur mismunandi löndum og aðhylltust mismunandi trúarbrögð. Við greiningu gagnanna var notast við eina algengustu greiningaraðferð sem stuðst er við innan mannfræðinnar, þ.e. grundaða kenningu þar sem eigindleg gögn eru greind í þemu. Niðurstöður rannsóknarinnar voru settar fram út frá þemagreiningunni.

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að aðstæður og upplifun þeirra kvenna sem starfa við heimilishjálp í Óman er margvísleg og á sér bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar. Ótalmargir þættir spila inn í þetta hnattræna ferli, bæði í heimalandinu og í móttökulandinu. Þegar upp er staðið má segja að í heildina hafi þetta ferli jákvæð áhrif á báðum endum, þ.e. gjaldeyristekjur heimalandsins aukast og atvinnuleysi minnkar í sendingarlöndunum á meðan móttökulandið þarf á innfluttu vinnuafli að halda við hraða uppbyggingu. Hins vegar má deila um áhrifin á einstaklingana sem bera þungann af þessu ferli.

Í niðurstöðunum kom fram áberandi mynstur sem sýndi að aðstæður hjá vestrænum vinnuveitendum voru almennt betri (vinnutími, laun, frítími og viðmót) og í þeim tilfellum var heldur ekki að merkja þrælkun eða misnotkun af neinu tagi sem hins vegar virtist vera nokkuð algengt hjá húsbændum af öðrum þjóðernisuppruna. Aðrir þættir en vinnan sjálf höfðu líka sín áhrif á upplifun kvennanna í Óman, t.d. trúariðkun, félagsskapur, samskipti og öryggi. Aðstæður í heimalandinu höfðu líka mikið að segja um líðan þeirra í Óman en þar hafði aldur barnanna einna mest að segja; því yngri sem þau voru og því styttra síðan aðskilnaðurinn varð, því erfiðara. Auk þess ýttu erfiðleikar í fjölskyldunni (veikindi, aldraðir foreldrar, börn í vanda eða börnin reið móðurinni fyrir að vera fjarverandi)

frekar undir vanlíðan og heimþrá. Þá var samskiptatækni og aðgengi að henni mikilvæg viðmælendunum til að takast á við þessa erfiðleika.

Þó að reynsla viðmælenda hafi verið margvísleg var hvatinn að flutningunum til Óman alltaf sá sami: peningar. Flestar voru konurnar ómenntaðar, jafnvel einstæðar og áttu börn sem þurfti að sjá fyrir. Fátækt og spilling í heimalandinu ýtti undir atvinnuleit þeirra erlendis til að þær gætu sinnt skyldum sínum við fjölskylduna. Þrátt fyrir að fjalla um alls konar erfiðleika í gegnum tíðina gátu þær samt sagt frá á léttan máta og jafnvel hlegið en þegar talið barst að börnunum snerti það þær djúpt og jafnvel grátur tók við.

Í þessari rannsókn hefur verið gerð grein fyrir einum hlekk í flóknu mynstri fólksflutninga heimsins: aðstæðum erlendra kvenna í láglaunastöðu í Óman. Að sama skapi væri áhugavert að bæta við þessa rannsókn athugun á upplifun karla í sambærilegum aðstæðum í Óman, hver staða og upplifun þeirra er og hvort börn séu jafn sterkur drifkraftur og áhrifavaldur í þeirra tilfellum. Eins væri áhugavert að kanna hina hliðina, þ.e. afstöðu heimafólksins, og gera svipaða rannsókn þar sem úrtakið væri Ómanir sem halda heimilishjálpi og reyna þannig að skyggjast inn í þeirra hugarheim og kynnast viðhorfum þeirra og reynslu af því að hafa heimilishjálpi.

Heimildir:

- Al-maskari, F., Shah, S. M., Al-sharhan, R., Al-haj, E., Al-kaabi, K., Khonji, D., Schneider, J. D., Nagelkerke, N. J., & Bernsen, R. M. (2011). Prevalence of Depression and Suicidal Behaviors Among Male Migrant Workers in United Arab Emirates. *Bernsen Journal of Immigrant and Minority Health / Center for Minority Public Health*, 13(6), 1027–32.
- Anderson, B. (1991). *Imagined Communities. Reflections on the Origin and Spread of Nationalism*. London: Verso.
- Appadurai, A. (2008). Disjuncture and Difference in the Global Cultural Economy. Í Jonathan Xavier Inda og Renato Rosaldo (ritstj.), *Anthropology of Globalization, Second Edition* (bls. 47–66). Malden: Blackwell Publishing.
- Barber, P. (2000). Agency in Philippine Women's Labour Migration and Provisional Diaspora. *Women's Studies International Forum*, 23(4), 399–411.
- Barber, P. (2008). The Ideal Immigrant? Gendered Class Subjects in Philippine-Canada Migration. *Third World Quarterly*, 29(7), 1265–1285.
- Bloch, A. & Chimienti, M. (2011). Irregular Migration in a Globalizing World. *Ethnic and Racial Studies*, 34(8), 1271–1285.
- Crang, M. & I. Cook (2007). *Doing Ethnographies*. Los Angeles: Sage Publications.
- DeWalt, K. M., DeWalt B. R. & Wayland C. B. (1998). Participant Observation. Í Bernard, R. (ritstj.) *Handbook of Methods in Cultural Anthropology*. London: Sage/Altamira Press.
- Elsa Sigríður Jónsdóttir (2007). Aðlögun Íslendinga erlendis. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstj.), *Fjölmennig á Íslandi* (bls. 331–353). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Esterberg, K. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw-Hill.
- Green, L. (2008). Notes on Mayan Youth and Rural Industrialization in Guatemala. Í J. X. Inda & R. Rosaldo (ritstj.), *Anthropology of Globalization, Second Edition* (bls. 101–121). Malden: Blackwell Publishing.
- Hammersley, M. & P. Atkinson (2007). *Ethnography: Principles in Practice*, 3. útgáfa. London: Routledge

- Hanna Ragnarsdóttir (2002). Markvisst leikskólastarf í fjölmennningarlegu samfélagi. *Uppeldi og menntun*, 11, 51–80.
- Hannerz, U. (1996). *The Local and the Global – Continuity and Change*. Transnational Connections. Culture, People, Places. London: Routledge.
- Hickman, D.C. & Olney, W.W. (2011). Globalization and Investment in Human Capital. *Industrial & Labor Relations Review*, 64(4), 654–672.
- Ianchovichina, E., Estache, A., Foucart, R., Garsous G., & Yepes, T. (2013). Job Creation through Infrastructure Investment in the Middle East and North Africa. *World Development*, 45, 209–222.
- Inda, J.X. & Rosaldo R. (2008). Tracking Global Flows. Í J. X. Inda & R. Rosaldo (ritstj.), *Anthropology of Globalization, Second Edition* (bls. 101–121). Malden: Blackwell Publishing.
- Jureidini, R. (2010) Trafficking and Contract Migrant Workers in the Middle East. *International Migration*, 48(4), 142–63.
- Koser, K. (2010). Introduction: International Migration and Global Governance. *Global Governance*, 16(3), 301–316.
- Madianou, M. & Miller, D. (2011). Mobile Phone Parenting: Reconfiguring Relationships between Filipina Migrant Mothers and their Left Behind Children. *New Media & Society*, 13(3), 457–470.
- Mahammadbakhsh, B., Fathiazar, E., Hobbi, A. & Ghodrattpour, M. (2012). Globalization and Local and Global Identities among Iranian Students. *International Journal of Intercultural Relations*. 36(1), 14–21.
- Mills, M., B. (2003). Gender and Inequality in the Global Labor Force. *Annual Review of Anthropology* (32):31–62.
- Parrenas, R. (2012). The Reproductive Labour of Migrant Workers. *Global Networks*, 12(2), 269–275.
- Parrenas, R. (2000). Migrant Filipina Domestic Workers and the International Division of Reproductive Labor. *Gender & Society*, 14(4), 560–580.
- Pessar, P. R. (2003). Anthropology and the Engendering of Migrant Studies. Í N. Foner (ritstj.), *American Arrivals. Anthropology Engages in New Immigration*. Santa Fe: School of American Research Press.
- Petrova, K. (2013). The Effects of Globalization on Entrepreneurship. *International Advances in Economic Research*, 19(2), 205–206.

- Piper, N. (2004). Rights of Foreign Workers and the Politics of Migration in South-East. *International Migration*, 42(5), 71–97.
- Ponzanesi, S. (2002). Diasporic Subjects and Migration. Í Griffin, G. & Bradoitti, R. (ritstj.), *Thinking Differently: A Reader in European Women Studies*. London: Zed.
- Rodriguez, R. B. (2011). Philippine Migrant Workers Transnationalism in the Middle East. *International Labor and Working-Class History* 79(1), 48-61.
- Ross-Sheriff, F. (2011). Global Migration and Gender. *Affilia-Journal of Women and Social Work*, 26(3), 233-238.
- Shuterland, P. (2013). Lowering the Costs and Amplifying the Benefits of Migration. *UN Chronicle*, 50(3), 4–7.
- Silvey, R. (2006). Consuming the Transnational Family: Indonesian Migrant Domestic Workers to Saudi Arabia. *Global Networks* ,6(1), 23–40.
- Suddaby, R. (2006). From the Editors: What Grounded Theory Is Not. *The Academy of Management Journal*, 49(4), 633–642.
- Unnur Dís Skaptadóttir (2010). Integration and Transnational Practices of Filipinos in Iceland. *E-migranter* 5: 36–46.
- Unnur Dís Skaptadóttir (2004). Fjölmening á ferð og flugi. Í Friðrik H. Jónsson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum V*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Unnur Dís Skaptadóttir & Wojtynska, A. (2008). Gender Migration from Poland to Iceland. Women’s Experiences. Í D. Golańska & A. M. Różalska (ritstj.) *New Subjectivities: Negotiating Citizenship in the Context of Migration and Diversity*. Lodz: University of Lodz Publishing House.
- Varia, N. (2011). „Sweeping Changes?“ A Review of Recent Reforms on Protections for Migrant Domestic Workers in Asia and the Middle East. *Canadian Journal of Women and the Law*, 23(1), 265–287.
- Villaverde, J. & Maza, A. (2011). Globalisation, Growth and Convergence. *World Economy*, 34(6), 952–971.
- Walt, V. & Singh, M. (2008). The Dark Side Of the Dream. *Time International* (South Pacific Edition), (20), 44–47.
- Wojtynska, A. (2011). Traditions in Dialogue: Celebration Patterns among Polish Migrants in Iceland. *Studia Humanistyczne AGH*, 10(2).

Þorgerður Einarsdóttir (2004). The Gendered Implication of Globalization: Vulnerability and Interdependence. Í Katherine Connor-Martin, Irma Erlingsdóttir, Valur Ingimundarson og Kristín Loftsdóttir (ritstj.), *Topographies of Globalization; Politics, Culture and Language*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.